Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940. Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi eftir að guðspjónustugerð hefir farið fram í Dómkirkjunni.

*Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**KONUNGSBRÉF**

8

1. febr.

um setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar fimmtudaginn 15. febrúar 1940.

*Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**LÖG**

9

12. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

12. febr. **9** Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einnig höfn til annarar, um það hvar skipið er satt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggji við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

10

## L Ö G

12. febr.

**um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, hljóði svo:

Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

11

12. febr.

## um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

## 2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenskum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka lög-gildingu ríkisstjórnarinnar.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

## 5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

## 6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

## 7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*



## L Ö G

um afnám laga nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 40 24. nóv. 1893 eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sláturfélagi Suðurlands veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfunum er skilað stofnfjárnækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

## 3. gr.

13

Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

12. febr.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

14

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. 1939, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

15

12. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1. töluliður, svo hljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

16

12. febr.

## L Ö G

um mótak.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlazzt rétt til þess að vinna mó í annara landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlazzt vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnumálaráðuneytisins.

Í umsókn skal vera:

1. Greinargerð um legu mólandsins, nafn eiganda þess eða forráðamanns, atvinnu hans og heimilisfang, svo og nafn ábúanda landsins.

16

12. febr.

Nú er land í sameign, og skal þá greina alla eigendur. Ef land er eign félags eða stofnunar, nægir að greina formann eða forráðamann.

2. Lýsing á mólandinu og næsta umhverfi þess. Greint skal frá hverskonar mannvirkjum, skurðum og ræktunarástandi, hvaða not eigendur eða ábúendur hafa undanfarið haft af hinu umrædda svæði (heyskap, beit o. s. frv.). Umsókninni fylgi í 2 eintökum kort eða frumdráttur (riss) af svæði því, er um ræðir, þar sem sjálft mólandið er skýrt afmarkað.
3. Áætlun um mómag्न það, sem umsækjandi ráðgerir, að tekið verði upp.
4. Hvort umsækjanda sé kunnugt um, að aðrir eigi rétt til mótaks á þessum stað, og þá hverjir.
5. Ástæður umsækjanda fyrir því, að hann telur sér nauðsynlegt að fá mótak á þeim stað, sem um er sótt. Skal þar tekið fram, hvort umsækjandi eigi eða hafi til afnota nothæft móland, eða hvort önnur mólönd gætu komið til greina.

Umráðendur landsins, sem nefndir eru í 1. tölul. þessarar greinar, eru skyldir til að veita umsækjanda nauðsynlegar upplýsingar, að því leyti sem þeim er unnt.

### 3. gr.

Nú hefir ráðuneytinu borizt umsókn samkvæmt 2. gr., og skal það þá tilkynna efni hennar réttum aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr., svo og sýslumanni þeirrar sýslu, þar sem mólandið er, og ber honum að tilkynna það oddvitum annara bæjar- eða sveitarfélaga, sem ætla má, að hefðu hagsmuna að gæta í því sambandi. Æski þeir að fá mótak á sama stað, skulu þeir sækja um það innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar.

### 4. gr.

Að loknum umsóknarfresti tekur ráðuneytið umsóknirnar til athugunar, og skal sá öðlast, að öðru jöfnu, rétt til mótaks, sem flutningur á mónum yrði kostnaðarminnstur, enda eigi hann ekki, svo kunnugt sé, kost mótaks á öðrum jafnhentugum eða hentugri stað, og metur ráðuneytið það. Skal tilkynna umsækjanda leyfisveitinguna, svo og aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr.

### 5. gr.

Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem í 2.—4. gr. segir, skal mæla út handa umsækjanda hæfilegt móland, þó aldrei stærra en svo, að eftir verði a. m. k. 5000 teningsmetrar af mó í hverri landareign á hentugum stað handa ábúanda. Þá skal og velja heppilegt land til þurrkvallar og ákveða nauðsynlega framræsluskurði, vegi og önnur mannvirki vegna mótaksins utan mótakssvæðis. Gæta skal þess, að mótakssvæði megi að afloknu mótaki koma að sem fyllstum notum til ræktunar.

### 6. gr.

Gjald vegna mótaks samkvæmt lögum þessum skal ákveðið um land allt af 2 mönnum. Nefnir atvinnumálaráðuneytið annan og Búnaðarfélag Íslands hinn. Tveir varamenn skulu nefndir á sama hátt.

Matsmenn skulu tilkynna aðilum úrslit matsins þegar er verða má í ábyrgðarbréfi.

Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvinnumálaráðherra og Búnaðarfélag Íslands sinn manning hvort. Varamenn skulu nefndir með sama hætti.

Beiðni um yfirmat skal vera komin til yfirmatsmanna innan mánaðar frá því að aðilum varð kunnugt um matið. Ef einn eða annar aðila áfrýjar, er yfirmatsmönnum

16 skylt að úrskurða einnig kröfur hins eða hinna, þótt hann eða þeir hafi ekki áfrýjað 12. febr. á réttum tíma.

Hafi annar en eigandi afnot jarðar, ákveða matsmenn, hvort og hvernig gjaldinu skuli skipt með þeim.

7. gr.

Umsækjandi greiðir allan kostnað af útmælingu og undirmati, þar með talin þóknun matsmanna. Matsmenn ákveða þátttöku hvers umsækjanda í ferðakostnaði. Yfirmatsmenn ákveða, hvernig aðilar bera kostnað af yfirmati.

8. gr.

Sýslumaður sýslu þeirrar, þar sem mólandið er, sér um útmælingu þess. Skal hann fá trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands til að annast útmælingu, ef unnt er.

Hefja má mótinnsluna jafnskjótt sem útmæling hefir farið fram.

9. gr.

Þeim, er samkvæmt lögum þessum hefir öðlzt rétt til móttaks, er skylt:

1. Að selja ekki unninn mó dýrar en við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Skulu haldnir reikningar yfir reksturinn. Við hann má ekki reikna herra kaupgjald en goldið er eftir gildandi kauptaxta á staðnum.
2. Að hefja móttak innan tímabils, sem sýslumaður ákveður, þegar útmæling fer fram, enda getur annar umsækjandi krafizt þess að fá móttak á þeim stað, ef út af er brugðið, nema gildar ástæður séu til að dómi ráðuneytisins.
3. Að valda eigi ónauðsynlegum átroðningi og greiða þóknun fyrir notkun hreppsvega eftir ákvörðun sýslumanns, svo og ábyrgjast skaða, er verða kann á skeppnum vegna vanrækslu á ákvæðum 5. tölul. þessarar greinar.
4. Að sjá um, að mótinn sé tekinn í samfelldum gröfum, og gæta þess, að sem minnst fari til spillis.
5. Að skila unnu mólandi samsumars framræstu, plægðu og herfuðu.

10. gr.

Allur unninn mót og annvirki skal flutt burt, ef þess er kostur, fyrir 1. maí næsta ár eftir að móttakið hefir farið fram, nema móvinnandi fái réttindi til móttaks það ár eða öðruvísi semjist. Sé þessu ekki til að dreifa, getur aðili eftir þann tíma látið flytja þetta burt á kostnað móvinnanda, eða hirt mó þann, sem eftir kann að liggja. Jafnan verður mót og annvirki að hafa verið flutt burt innan 30. júní árið eftir móvinnsluna.

11. gr.

Sæki sami móvinnandi aftur um móttækju á svæði samfelldu því landi, er honum var útmælt árið áður, á hann, meðan móttak er nóg, forgangsrétt að því.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**

17

12. febr.

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund krónur“ í lok 5. gr. laganna komi: 50 þúsund krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**

18

12. febr.

um afnám laga nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 43 frá 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

19

12. febr.

## ALMENN HEGNINGARLÖG

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. KAFLI

## Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.

## 1. gr.

Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.

## 2. gr.

Hafi refsilöggjöf breytt frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skal dæma eftir nýrri lögum, bæði um refsinaemi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Hafi refsíakvæði laga fallið úr gildi af ástæðum, sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinaemi verknaðar, skal dæma eftir lögum þeim, sem í gildi voru, þegar brot var framið.

Falli refsinaemi verknaðar niður af öðrum ástæðum en síðast var getið, fellur refsing niður, sem dæmd hefir verið fyrir þann verknað, að því leyti, sem hún hefir þá ekki þegar verið framkvæmd. Einnig falla þá niður aðrar afleiðingar verknaðar, sem refsinaemi hans að eldri lögum leiddi af sér, að undantekinni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar. Bera má þá undir dómstól þann, sem dæmdi í því máli í héraði, eða dómstól á heimavarnarþingi aðilja, hvort refsing samkvæmt dóminum skuli niður falla eða lækka, ef dómurinn tekur jafnframt til fleiri brota. Niðurstöðu héraðsdóms má áfrýja.

## 3. gr.

Þegar refsilöggjöfin lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsíakvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögum.

## 4. gr.

Refsað skal eftir íslenskum hegningarlögum:

1. Fyrir brot, framin innan íslenska ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun.
2. Fyrir brot, framin á íslenskum skipum eða í íslenskum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd. Hafi brot verið framið á stað, þar sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi á farinu, skal þó ekki refsað hér, nema heimild sé til þess eftir 5. eða 6. gr.

## 5. gr.

Fyrir verknað, sem íslenzkir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis, skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum:

1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornings.
2. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess.

19  
12. febr.

#### 6. gr.

Ennfremur skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess, hver er að því valdur:

1. Gegn sjálfstæði íslenskra ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenska ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenskrar réttarverndar, vegna náins sambands við íslenska ríkið.
2. Á skyldum, sem þeim, er verkið vann, þar samkvæmt íslenskum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenskt far.
3. Gegn hagsmunum íslenskra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi, ef brot er framið á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara.

#### 7. gr.

Nú er refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar, og skal þá líta svo á, að verkið sé einnig unnið þar, sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram.

#### 8. gr.

Þegar refsímál er höfðað fyrir íslenskum dómstóli, skal niðurstaða dóms um refsingu og aðrar afleiðingar verknaðar fara eftir íslenskum lögum.

Refsing fyrir brot, sem mál er höfðað út af hér á landi samkvæmt 5. gr., má ekki fara fram úr hámarki þeirrar refsingar, sem við brotinu lá í heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölulið, eða í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið.

Nú hefir sakborningur verið sýknaður í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið 5. gr., refsidómi yfir honum fyrir brotið hefir verið fullnægt eða dæmd refsing er að lögum þess ríkis brott fallin, og skal þá ekki höfða refsímál á hendur honum hér á landi fyrir það brot.

Sé annars höfðað mál á hendur manni hér á landi fyrir brot, sem hann þegar hefir tekið út refsingu fyrir í öðru ríki, skal ákveða refsinguna hér að sama skapi vægari eða láta hana eftir atvikum falla niður.

#### 9. gr.

Ekki má framselja til refsingar á vald erlendra ríkja:

1. Íslenska ríkisborgara.
2. Mennt, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.
3. Erlenda ríkisborgara fyrir verknað, sem annaðhvort er ekki refsiverður eftir íslenskum lögum, eða sökin er fallin niður samkvæmt þeim.

Erlendan ríkisborgara má aðeins framselja til þess ríkis, sem hann hefir drýgt afbrot í, eða þangað, er hann á ríkisborgararétt. Hafi erlendur ríkisborgari verið búsettur hér á landi síðustu 2 árin, verður hann því að eins framseldur, að ríkar ástæður mæli með því.

Jafnan má setja það skilyrði fyrir framsali, að ríki það, sem við tekur, heiti því, að hinum framselda manni verði ekki refsað fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem hann er framseldur fyrir, og ekki frekar en íslensk refsilög mæla fyrir um þyngsta refsingu fyrir það brot.



19

12. febr.

Hafi íslenska ríkið fengið mann framseldan til refsingar frá öðru ríki, má ekki dæma hann fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem framselt er fyrir, hafi hið erlenda ríki sett slíkt skilyrði, og ekki í þyngri hegningu en það hefir áskilið.

11. gr.

Ákvæðum 4.—6. og 9. greinar laga þessara skal beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

## II. KAFLI

### Almenn refsiskilyrði.

12. gr.

Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmaetri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsynilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.

Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefir orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

13. gr.

Það verk er refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.

14. gr.

Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefir framið, áður en hann varð 15 ára gamall.

15. gr.

Þeim mönnum skal eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum.

16. gr.

Nú var maður sá, sem verkið vann, andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, og skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefir verið leitað, að refsing geti borið árangur.

Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsivist sína í stofnuninni.

17. gr.

Refsingu skal beita, þótt brot hafi verið framið í ölaði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað, nema sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans.

## 18. gr.

Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsna, að sérstök heimild sé til þess í lögnum.

## 19

12. febr.

## 19. gr.

Sé refsinaemi verknaðar, eða aukin refsing við honum, bundið því skilyrði samkvæmt þessum lögum, að verkið hafi í för með sér tilteknar afleiðingar, telst því skilyrði ekki fullnægt, nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því, að sakborningur hefir ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti hættu þeirri, er verkið hafði í för með sér, þegar er hann varð hennar var.

## III. KAFLI

## Tilraun og hlutdeild.

## 20. gr.

Hver sá, sem tekið hefir ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefir, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerzt sekur um tilraun til þess.

Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

Ef hagsmunum þeim, sem verknaður heinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttáð, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður.

## 21. gr.

Hegning fyrir tilraun fellur niður, ef sá, sem sekur hefir gerzt um hana, lætur af sjálfsdáðum af þeim ásetningi sínum að drýgja brotið, áður en það er fullkomnað, enda farist framkvæmd þess ekki fyrir eða tilætlaður árangur náist ekki vegna tálmana eða annarrar tilviljunar, og hann hefir þar að auki, ef hann hefir með verknaði sínum valdið eða talið sig hafa valdið hættu á því, að brotið fullkomnist, komið í veg fyrir það eða gert þær ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef fullkomnunar brotsins hefði ekki, án vitundar hans, verið aftrað á annan hátt eða verið óframkvæmanleg.

## 22. gr.

Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.

Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefir misheppnast, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmaelt er við brotinu.

Þegar svo stendur á, sem í annarri málsgrein segir, og sömuleiðis, ef manni hefir orðið á af gáleysi að taka þátt í broti, má láta refsingu falla niður, ef brotið á undir hegningarákvæði, þar sem ekki er sett þyngri refsing en varðhald.

Nú er brot fullframið, og skal þá sá, sem veitir brotamanni sjálfum eða öðrum liðsinni til þess að halda við ólögmatu ástandi, er skapast hefir fyrir brotið,

19 eða nýtur hagnaðar af því, sæta refsingu eftir ákvæðum þessarar greinar, enda 12. febr. taki önnur ákvæði laga ekki til verknaðar hans.

23. gr.

Hlutdeildarmanni skal ekki refsað, ef hann, á þann hátt, sem í 21. gr. getur, afstýrir brotinu eða gerir ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef framkvæmd þess hefði ekki, án vitundar hans, verið afstýrt á annan hátt, misheppnast eða verið óframkvæmanleg.

IV. KAFLI  
Ákærureglur.

24. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

25. gr.

Beri ekki að höfða mál af hálfu opinbera ákærvaldsins út af broti, eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð, getur sá einn höfðað mál eða borið fram kröfuna, sem misgert var við.

Ef sá er ósjálfráða, sem misgert var við, kemur sá maður í hans stað, sem að lögum hefir forræði yfir honum. Ef þurfa þykir, má skipa sérstakan forráðamann í þessu skyni.

Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánunum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.

26. gr.

Nú er verknaður ekki refsiverður, nema sá, sem misgert var við, krefjist opinberrar málshöfðunar, og skal þá ekki byrja opinbera rannsókn fyrr en krafan er komin fram.

Hafi fleirum en einum manni verið misboðið með sama verknaði, nægir að krafan komi frá einum þeirra, og beri ekki að höfða mál út af brotinu af hálfu hins opinbera, getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli.

Hafi fleiri en einn maður heimild samkvæmt 2. eða 3. málsg. 25. gr. til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn, en eru ekki á eitt sáttir um, hvort það skuli gert, ákveður opinbera ákærvaldið, hvort mál skuli höfðað.

27. gr.

Ekki skal taka til greina kröfu um opinbera ákæru, ef undanskilinn er nokkur sá, sem samsekur kann að vera um verknaðinn, nema opinbera ákærvaldið geti á það fallizt. Komi það í ljós, eftir að krafa hefir verið gerð, að fleiri eru sekir en áður var um vitað, skal maður sá, sem kröfuna gerði, um það spurður, hvort hann krefjist þess, að þeim mönnum verði refsað.

28. gr.

Beri ekki að dæma refsingu, nema refsikrafa sé borin fram í einkamáli, fellur refsíabyrgð niður, ef sá, sem misgert var við, hverfur frá málshöfðunarrétti sínum eða málssókn eða gefur refsingu upp á annan hátt, áður en málið er dæmt í héraði.

Eigi ákærvaldið því aðeins að fylgja málinu fram, að sá krefjist þess, sem misgert var við, fellur refsíabyrgð niður, ef hann hverfur frá þessum rétti sínum hann kröfuna, áður en héraðsdómur gengur í málinu, fellur málssókn niður, nema

eða gefur refsingu á annan hátt upp, áður en hann ber fram kröfuna. Afturkalli ákærvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

Sá, sem eitt sinn hefir afturkallað kröfu um málssókn, getur ekki síðar komið fram með hana, nema ákærvaldið samþykki.

19  
12. febr.

### 29. gr.

Heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar fellur niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefir, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt borið fram kröfu um málssókn eða höfðað einkamál á næstu 3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn. Séu fleiri sekir en einn, og frestur til þess að krefjast opinberrar málssóknar á hendur einhverjum þeirra er liðinn, skal því aðeins taka til greina kröfu um málssókn gegn hinum, að ákærvaldið geti á það fallizt.

Hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, má höfða mál að nýju, unz framangreindur 6 mánaða frestur er liðinn. Einnig má jafnan kröfu gera um málssókn eða höfða einkamál næstu 3 mánuði frá því að mál ónýttist.

### 30. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, að saksókn skuli niður falla út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15 til 18 ára hafa framið, með því skilyrði, að unglingurinn sé um ákveðinn tíma, en þó ekki lengur en til fullnaðs 21 árs aldurs, háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón ákveðinnar stofnunar eða einstaklings, er vill taka það að sér. Málið má taka upp að nýju, ef unglingurinn gerist sekur á eftirlitstímanum um nýtt brot, eða óhlýðnast verulega fyrirmælum þeim, sem sá, er umsjónina hefir á hendi, hefir gefið honum.

Leita skal álits barnaverndarnefndar (skólanefndar), áður en ákvarðanir samkvæmt grein þessari eru teknar.

## V. KAFLI

### Um refsingarnar.

#### 31. gr.

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru refsivist og fjársektir.

#### 32. gr.

Refsivist er tvennskonar: fangelsi og varðhald.

Refsivist skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukku-stundir, en mánuður rímmánuð. Láta skal fangann lausan um sama leyti dags og hann var settur inn.

#### 33. gr.

Refsivist skal úttaka í hegningarhúsi, sem til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það skulu settar í konunglegri tilskipun.

#### 34. gr.

Í fangelsi má dæma menn æfilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.

Þegar löginn leggja fangelsi við afbroti, er átt við fangelsi um tiltekinn tíma, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

19

12. febr.

Fangar, sem dæmdir eru til skamrar fangelsisvistar, skulu að jafnaði taka refsinguna út í einrúmi, en aðrir í félagi. Þó má jafnan halda föngum í einrúmi í byrjun og við lok refsitímans.

35. gr.

36. gr.

Sé refsingin tekin út í einrúmi, skal fanginn vera sér í herbergi dag og nótt. Þó má víkja frá því á einstökum tímum dags, svo sem við kennslu, fyrirlestra, líkamsæfingar, útvarpsáheyrn, guðspjónustu og útigöngu. Ennfremur má slaka til um einangrun einstakra fanga fram yfir það, sem áður segir, ef æskilegt þykir vegna aldurs þeirra, heilsu eða annarra ástæðna.

Sé refsingin tekin út í félagi, skal fanginn þó vera einangraður að nóttu til, ef heilsa hans leyfir. Svo má og halda fanga aðgreindum við kennslu, guðspjónustu, útigöngu og borðhald, ef sérstakar ástæður þykja til.

37. gr.

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Í konunglegri tilskipun skal setja reglur um vinnuna og vinnulaun fanganna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum, sem fanginn hefir orðið ábyrgur fyrir, meðan hann var að úttaka refsinguna.

Útvinna má fara fram utan hegningarhúslóðarinnar, eftir því, sem stjórn hegningarhússins ákveður, og undir öruggri gæzlu fangavarðar og eftirlitsmanna fanganna.

38. gr.

Um fæðu og annan aðbúnað fanga, sem úttaka fangelsisrefsingu, skal fara eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, og má ekki út frá því breyta né leyfa föngunum að útvega sér eða taka við öðru en því, sem reglugerðin heimilar.

Fangelsisstjórnin getur þó eftir tillögum fangelsislæknis ákveðið föngum, sem sökum aldurs, veiklunar eða af öðrum ástæðum þurfa að hafa sérstaka aðbúð, sérstakt mataræði og annan aðbúnað um tíma.

39. gr.

Fanga, sem veiklaðir eru af ofnautn áfengra drykkja eða annarra eiturlyfja, má, meðan á refsitíma stendur, flytja á hæli um stundarsakir eða það, sem eftir er af refsitímanum, ef það þykir, að dómi fangelsisstjórnar og fangelsislæknis, hentara og líklegra til árangurs.

40. gr.

Þegar liðnir eru  $\frac{2}{3}$  hlutar refsitímans, en þó minnst 8 mánuðir, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum fangelsisstjórnar, að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn úr fangelsi má því aðeins veita, að líklegt sé, að fanginn hafi séð að sér, að honum sé víst hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsupheldis, og yfirlýsing hans sé fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett kunna að vera fyrir reynslulausninni.

Fangi, sem lausn fær til reynslu, skal vera háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst fallinn og vill taka eftirlitið að sér. Jafnan skal það vera meðal skilyrða fyrir reynslulausn, að fanginn lífi reglusömu lífi, gerist ekki á ný sekur um refsiverðan verknað og hagi sér eftir fyrirmælum þess, sem eftirlit hefir með honum.

Sá, sem eftirlit er falið, skal gefa lögreglustjóra skýrslur um hagi mannsins, eftir ákvörðun lögreglustjóra.

## 41. gr.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skirteini, er greinir skilyrðin fyrir lausninni. Skal þar tekið fram, að brot á skilyrðum varði því, að hann verði settur í fangelsi á ný. Sé það gert, skal hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, sem nýja refsingu. Hafi fanginn, eftir að hann var látinn laus til reynslu, verið dæmdur í refsingu, sömu tegundar, skal leggja refsingarnar saman, en sé síðari refsingin varðhaldsvist, skal dómsmálaráðherra breyta henni í fangelsisvist samkvæmt reglum 79. gr.

## 42. gr.

Reynslutíminn helzt, þar til refsitíminn er liðinn, en þó aldrei skemur en 2 ár. Hafi ekki verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn, telst refsingunni fullnægt í lok reynslutímans.

## 43. gr.

Ákveða má í konunglegri tilskipun, að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi, eða fangelsisdeild, og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skal þá leggja sérstaka stund á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinir, sem komið geta þeim að gagni, er þeir hafa fengið frelsi sitt aftur.

Dómsmálaráðherra getur samt ákveðið, eftir tillögum fangelsisstjórnar, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli sæta almennri fangameðferð.

## 44. gr.

Í varðhald má dæma menn tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 5 dagar og ekki lengri en 2 ár, nema annað sé ákveðið í lögum.

Varðhaldsvist skal að jafnaði taka út í einrúmi, nema annað sé nauðsynlegt vegna aldurs eða heilsu fangans. Þó má láta fanga, sem dæmdir eru í varðhaldsvist, taka refsingu út að öllu eða nokkru leyti í félagi. Ekki má hafa varðhaldsfanga með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar.

Varðhaldsfangar þurfa ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bág við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.

Varðhaldsfangi má sjálfur útvega sér vinnu, sem samrímist öryggi og góðri reglu. Arðinn af vinnunni á fanginn sjálfur. Sjái hann sér ekki sjálfur fyrir vinnu, sem varðhaldsstjórn samþykkir, skal honum skylt að vinna það, er hún leggur honum til, og skal vinnan miðuð svo sem unnt er við undangengna atvinnu hans og þekkingu. Ágreiningi milli varðhaldsstjórnar og fanga um vinnu samkvæmt þessari málsgrein má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðherra.

Nú liggur ekki þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot þykir ekki varða þyngri refsingu en varðhaldi, og má þá, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga, dæma honum fangelsi jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

## 45. gr.

Ekki má setja fanga til vinnu, sem hættuleg er heilsu þeirra. Fangar skulu tryggðir fyrir slysaþættu við vinnu, eftir því, sem lög um slysatryggingar mæla, og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða í konunglegri tilskipun.

19

12. febr.

## 46. gr.

Nú er fangi lagður á sjúkrahús, og telst hann þá úttaka refsingu, meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt, eftir að hann byrjaði að taka út refsinguna.

Sá tími, sem fangi er hafður í refsiklefa, sbr. 47. gr., telst ekki til refsitímans, og eigi heldur tími sá, sem liður frá því að fangi strýkur þar til hann er settur í fangelsi eða varðhald á ný.

## 47. gr.

Ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja í konunglegri tilskipun. Beita má viðurlögum þeim, sem hér eru talin:

1. Svipting ívilnana, sem í samræmi við reglur hegningarhússins eru veittar fögum, sem hegða sér vel.
2. Svipting vinnulauna.
3. Einangrun í refsiklefa allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga, sem eru í fangelsisvist.
4. Ennfremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því, sem reglugerð mælir. Beita má fleiri en einskona viðurlögum samtímis.

Einangrun í refsiklefa má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung dæmds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið, og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma.

## 48. gr.

Beita má nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þarf yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir strok. Í því skyni má meðal annars nota, eftir því sem nauðsyn krefur í hvert skipti, spennihól, handjárn og einangrun í öryggisklefa. Ekki má, nema með samþykki dómsmálaráðherra, halda fanga í öryggisklefa lengur en einn mánuð.

## 49. gr.

Sektir renna í rikissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Þeim, sem hefir aflað sér fjár með broti, má, þegar sérstaklega stendur á, dæma sekt jafnframt refsivist, sem við brotinu kann að liggja.

## 50. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur, og eigi hærri en 3000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri.

## 51. gr.

Þegar upphæð sektar er tiltekin, skal höfð hliðsjón af efnahag sakbornings auk annarra ástæðna, sem áhrif hafa á refsihæðina, og innan þeirra takmarka, sem lögin setja um lágmark og hámark sektar við brotinu.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tiliti til fjárhags sökunauts, sem hér ræðir um.

## 52. gr.

Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álití,

að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms, og ber þá mat á högum sökunauts undir dómvaldið. 19  
12. febr.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

#### 53. gr.

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í hennar stað varðhald eða fangelsi.

#### 54. gr.

Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi og um hversu langan tíma. Fangelsi skal einkum hafa, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við þá, er varðhaldi sæta. Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár.

Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin.

Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður valdsmaður sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

#### 55. gr.

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir hæstarétt eftir reglum um kæru í opinberum málum.

Dagsektir skal afplána í varðhaldi, og ákveður fúgeti varðhaldstímann. Fer um áfrýjun þeirrar ákvörðunar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks og hámarks afplánunartíma samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.

## VI. KAFLI

### Um skilorðsbundna refsidóma.

#### 56. gr.

Þegar dæmd refsing fer ekki fram úr sektum, sem gerðar eru á hendur manni eftir þessum lögum, tveggja ára varðhaldi eða eins árs fangelsi, má ákveða í dómi, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún falla niður að tilteknum tíma liðnum, ef skilyrðum laga og þeim frekari skilmálum, sem í dóminum kunna að vera settir, er fullnægt.

Reynslutími má ekki vera skemmri en 2 ár og ekki lengri en 5 ár frá uppkvaðningu fullnaðardóms. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómfelldi sé, meðan á reynslutíma stendur, háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst hæfur og taka vill eftirlitið að sér.

#### 57. gr.

Verði dómfelldi sekur á reynslutímanum um refsivert brot, og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok frestsins, skal hann einnig sæta þeirri refsingu, sem frestað var. Ef síðara brotið er ekki framið af ásettu ráði, eða refsing sú, sem



- 19 til er unnið fyrir það, fer ekki fram úr sektum eða varðhaldi, er dómstólunum heimilt að ákveða, að haldast skuli frestun á fullnustu refsingar fyrir fyrra brotið, og jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, að fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, er þá sé tiltekin í einu lagi, skuli frestað.

## 58. gr.

Ef skilyrði, sem sett er í dómi fyrir frestun hegningar, er rofið, skal dómfelldi sæta hegningu, nema hann hafi ekki getað fullnægt skilyrðum dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómfelldi krafizt úrskurðar dómstóls þess, sem dæmdi málið í héraði, eða dómstóls á heimavarnarþingi sínu, um það, hvort dómi skuli fullnægt eða frestun haldast með sömu eða eftir atvikum breyttum skilyrðum. Úrskurði þessum getur dómfelldi áfrýjað til æðri réttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

## 59. gr.

Nú er réttarrannsókn hafin gegn dómfellda, áður en reynslutími er liðinn, fyrir brot, sem hann hefir drýgt, áður en skilorðsdómur var upp kveðinn yfir honum í héraði, og skal dómurinn þá, ef skilyrði fyrir því, að hegningarauki sé dæmdur, eru fyrir hendi, tiltaka nýja refsingu í einu lagi fyrir bæði eða öll brotin, sbr. 77. og 78. gr. Ákveður dómurinn þá, að gættum skilyrðum 56. gr., hvort hinn nýi dómur skuli vera skilorðsbundinn og nýr frestur settur.

## 60. gr.

Nú er brot framið, meðan á reynslutíma stendur, en réttarrannsókn út af því hefst eigi fyrr en frestur er liðinn, og skulu þá skilorðsrofin tekin til greina til þvingingar refsingunni fyrir hið nýja brot.

## 61. gr.

Nú er refsing, sem frestað hefir verið, eigi framkvæmd vegna ákvæða þessa kafla, og fellur hún þá niður. Einnig falla þá niður ítrekunaráhrif dómsins, sbr. þó 60. gr.

## VII. KAFLI

## Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna.

## 62. gr.

Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manningum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefir með því, að dvöl hans á hælínu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafizt þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

## 63. gr.

Nú hefir orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefir drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má í dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

19

12. febr.

## 64. gr.

Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis, má leggja fyrir hann í dómi, að viðlagðri ábyrgð eftir 2. mgr. 123. gr., að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um tiltekinn tíma, sem má vera allt að 5 ár frá því að hann hefir lokið við að taka út refsingu sína. Samskonar fyrirmæli má setja þeim manni í dómi, sem sýknaður er samkvæmt ákvæðum 17. gr., ef verknaður hans hefði ella varðað refsivist. Loks má og setja þeim manni slíkt fyrirmæli í dómi, sem á síðustu 2 árum hefir tvisvar sinnum eða oftar gerzt sekur um brot vegna ölvunar, þótt smærri séu en að framan greinir.

Hver sá, sem vitandi um fyrirmælin selur, gefur eða veitir þeim, er fyrirmælin hefir hlotið, vín eða aðra áfenga drykki, skal sæta ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 123. gr. Jafnan skal viðkomandi lögreglustjóri tilkynna vínverzlunum og vínveit-ingamönnum fyrirmælin.

## 65. gr.

Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefir verið leitað, að sakborningur samkvæmt 1. mgr. 64. gr. eða 1. eða 2. mgr. 123. gr. geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður á viðeigandi hæli til lækningar, að refsingu afstaðinni eða þegar í stað, ef refsing er skilorðsbundin. Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælínu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisis og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælínu, áður en ofangreindur hámarkstími er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknast.

## 66. gr.

Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákærvaldið hlutast til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann í gæzlu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta.

Ef ákærvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafizt, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákærvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju.

Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kærú í opinberum málum.

## 67. gr.

Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku

19 máli, sem höfðað er að tilhlutan ákærvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur effir sömu reglum og um getur í 66. gr.

## 68. gr.

Fremji maður brot, sem starfa hefir á hendi, er opinbera skipun, heimild, viðurkenningu eða próf þarf til að gegna, þá má í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann rétti til þess að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess. Nú varðar brot einhvern starfa, er áður getur, en sökunautur hefir ekki haft heimild til að gegna honum, og má þá ákveða í dómi, að hann skuli sviptur rétti til þess að fá síðar heimild til slíks starfs.

Svipta má mann ofangreindum rétti um tiltekinn tíma, þó ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 5 ár, eða æfilangt.

Nú er broti svo háttáð, að fremjandinn telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð, og skal hann þá sviptur í refsidómi kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er í 1. málsgrein getur, skulu halda gildi sínu.

Svipting telst frá þeim tíma, sem í dómi er ákveðinn.

Nú hefir maður hlotið uppreist æru samkvæmt ákvæðum 84. eða 85. gr., og skal þá viðkomandi stjórnvald synja aðilja skirteinis eða annarrar heimildar til starfa samkvæmt 1. mgr., ef líklegt má telja, að það sé nauðsynlegt vegna öryggis einstaklinga eða almennings. Ákvörðun stjórnvalds má bera undir hæstarétt samkvæmt reglum um kæru í opinberum málum.

## 69. gr.

Gera má upptækt með dómi:

1. Hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn.
2. Hluti, sem ætla má, að ákvarðaðir séu til notkunar í glæpsamlegu skyni, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis.
3. Muni eða ávinning, sem aflað hefir verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings.

Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

Nú er félagi slitið með dómi, og skal þá gera eignir þess upptækar til handa ríkissjóði, enda taki ríkisvaldið bækur þess og skjöl til varðveislu.

## VIII. KAFLI

## Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina.

## 70. gr.

Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði:

1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefir beint að.
2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefir valdið.
3. Hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.
4. Aldur þess, sem að verkinu er valdur.
5. Hegðun hans að undanfögnu.
6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefir verið.

7. Hvað honum hefir gengið til verksins.

8. Hvernig framferði hans hefir verið, eftir að hann hafði unnið verkið.

Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

19

12. febr.

## 71. gr.

Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengizt undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefir á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.

Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefir tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefir fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið. Hafi fyrri refsingin verið sektir, telst fresturinn þó frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn eða gengizt var undir sektargreiðslu.

## 72. gr.

Hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi ítrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast.

## 73. gr.

Ef fangi, sem er að taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, gerist sekur um brot á ákvæðum 106., 108., 126., 127., 164., 211., 217., 218., 225., 226., 233. eða 2. mgr. 257. gr., þá má, þegar refsing hans er tiltekin, fara út fyrir hæsta stig þeirrar refsingar, sem við broti hans liggur samkvæmt nefndum greinum, en þó ekki meira en svo, að refsing tvöfaldist. Þegar svo stendur á, má ekki dæma í vægari refsingu en varðhald. Sé fanginn í fangelsisvist eða öryggisgæzlu, má refsing ekki vera vægari en fangelsi, og liggi ekki þyngri refsing við brotinu en varðhald, skal dæma fangelsisvist um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

Ákvæðum fyrsta málsliðs undanfarandi málsgreinar má einnig beita, þegar brot, sem þar er nefnt, er framið af fyrrverandi refsifanga gegn yfirmönnum eða starfsmönnum hegningarhúss þess, sem hann átti dvöl í, eða brotið beinist að hegningarhúsinu eða eignum þess, svo og ef fyrrverandi refsifangi gerist sekur um brot á ákvæðum 111. gr., að því er varðar fanga, sem taka út refsingu í hegningarhúsi því, er hann dvaldist áður í.

Ef maður, sem dæmdur hefir verið til æfilangrar fangelsisvistar og ekki hefir verið náðaður, fremur nýtt brot í fangelsinu eða utan þess, skal ákveða í dómi, hvaða refsingu hann ætti að sæta, ef fyrri refsingin hefði ekki verið æfilangt fangelsi. Má þá einnig dæma hann til að þola viðurlög samkvæmt 47. gr., þó svo, að refsitíma eftir 3. tölulið þeirrar greinar má tvöfalda.

## 74. gr.

Refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, má færa niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, þegar svo stendur á, sem hér á eftir segir:

1. Þegar maður hefir farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar eða neyðar-réttar.

- 19 2. Þegar brot er drýgt af manni, sem þá er ekki fullra 18 ára að aldri, og álita  
12. febr. má vegna æsku hans, að full refsing sé ónauðsynleg eða skaðleg. Aldrei má  
dæma í þyngri hegningu fyrir brot, sem menn hafa framið á þessum aldri,  
en 8 ára fangelsi.
3. Hafi sá, sem verkið vann, álitid, að verknaður hans væri ekki réttarbrot,  
sökum afsakanlegrar vanþekkingar eða misskilnings á réttarreglum, sem banna  
framkvæmd verknaðar.
4. Þegar maður hefir framið brot í mikilli reiði eða geðæsingu, sem sá, er  
fyrir brotinu verður, hefir vakið hjá honum með ólögmati árás eða stór-  
felldri móðgun.
5. Ef maður lætur leiðast til að fremja brot sökum þess, að hann var öðrum háður.
6. Ef maður er beittur þvingun til að fremja brot, en þvinguninni er þó ekki  
þannig varið, að hún geri verknað hans að öllu leyti refsilausan.
7. Ef sá, sem verk vann, hefir af sjálfsdáðum, eftir að það var fullframið, af-  
stýrt hættu þeirri, sem það hafði í för með sér.
8. Ef sá, sem verkið vann, hefir af sjálfsdáðum bætt að fullu tjón það, sem af  
verkinu leiddi, svo og þegar hann hefir gert sér mikið far um að koma í veg  
fyrir skaðlegar afleiðingar verksins eða reynt eftir mætti að bæta úr tjóninu.
9. Ef maður segir af sjálfsdáðum til brots síns og skýrir hreinskilnislega frá  
öllum atvikum að því.

Ákveða má, þegar svo stendur á, sem í 1.—8. tölulíð segir, að refsing skuli falla  
niður að öllu leyti.

#### 75. gr.

Hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinnis  
ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður  
ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot, má færa  
refsingu niður og jafnvel, ef brot varðar ekki þyngri refsingu en varðhaldi, láta  
hana falla niður. Hafi sá, sem verkið vann, sjálfur komið sér í umrætt ástand með  
neyzlu áfengis, koma framangreind ákvæði því aðeins til greina, að málsbætur  
séu fyrir hendi og fremjandinn hafi ekki áður orðið sekur um samskonar eða  
svipað brot né um brot á 1. eða 2. mgr. 123. gr.

Dæma má skilorðsbundna refsingu, þegar svo er ástatt, sem í fyrri málsgrein  
segir, þótt refsing verði hærri en í 56. gr. getur.

#### 76. gr.

Hafi sakborningur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og það er ekki því að kenna,  
hvernig hann hefir hagað sér meðan á málinu eða rannsókn þess stóð, skal ákveða  
í refsidómi, að gæzluvarðhaldsvistin skuli koma að einhverju leyti eða öllu í stað  
refsingar.

#### 77. gr.

Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því að hafa framið  
fleiri brot en eitt, skal tiltaka refsinguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau séu  
öll tekin til greina, en liggi æfilangt fangelsi við mesta brotinu, er ekki um  
frekari hegningu að ræða fyrir hin brotin.

Refsingu skal að jafnaði tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem  
við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan  
takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir mála-  
vöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Dómstól-  
unum skal þó heimilt, þegar maður er dæmdur samtímis fyrir mikið brot og ann-  
að, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að beita jafnvel lægsta stigi þeirrar refsingar,  
sem við meira brotinu liggur.

Liggi mismunandi tegundir refsivistar við brotunum, skal beita þeirri, sem þyngri er. **19**

12. febr.

Sé dæmt í einu lagi fyrir tvö eða fleiri brot, er annað eða sum varða refsivist, en hin sektum, er dómstólunum heimilt að dæma sektir jafnframt refsivist.

## 78. gr.

Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt brot eða fleiri, uppvís að því að hafa framið önnur brot, áður en hann var dæmdur, skal honum dæma hegningarauka, er samsvari þeirri þynging hegningarinnar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Má þá dæma refsivist um skemmri tíma en mælt er í 34. og 44. gr.

Nú verður hegningarauki fangelsisvist, en fyrri refsingin var varðhald, og skal þá, ef fyrri refsingin er enn ekki úttekin að fullu, valdsmaður sá, sem annast fullnustu refsidóma, breyta því, er eftir stendur af varðhaldsvistinni, í fangelsisvist eftir reglum 79. gr.

## 79. gr.

Pegar breyta skal refsingu þeirri, sem við broti er lögð, telst 2 daga fangelsi jafnt 3 daga varðhaldi.

Pegar lög heimila aukna refsingu, en hin lögákveðna refsing við broti yrði ekki aukin, nema farið væri út fyrir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningartegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningartegund, sem næst er og þyngri. Takmörk þau, sem sett eru í 34. og 44. gr., skulu þá ekki vera því til fyrirstöðu, að dæma megi í varðhaldsvist allt að 3 árum og fangelsisvist allt að 20 árum.

## IX. KAFLI

## Fyrning sakar og uppreist æru.

## 80. gr.

Sakir fyrnast eftir reglum þeim, sem settar eru í 81. og 82. gr. Brot, sem um er rætt í XIV. kafla laga þessara, fyrnast þó ekki, ef refsing sú, sem til er unnið, fer fram úr sektum.

## 81. gr.

Sök samkvæmt þessum lögum fyrnist á þeim tíma, sem hér segir:

1. 2 árum, þegar refsing sú, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi.
2. 5 árum, þegar refsing hefði orðið varðhald um lengri tíma en 1 ár, eða fangelsi í 8 mánuði eða skemmri tíma.
3. 10 árum, ef refsing hefði orðið þyngri en að framan greinir, og þyngsta refsing, sem við broti liggur, fer ekki fram úr 6 ára fangelsi.

Sé sök ekki fyrnd samkvæmt framansögðu, en meira en 10 ár eru liðin frá því að brot var framið, ákveður dómsmálaráðherra, hvort mál skuli höfðað.

## 82. gr.

Fyrningarfrestur telst frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Nú er verknaður ekki refsiverður, nema hann hafi í för með sér ákveðnar afleiðingar, og hefst fresturinn þá ekki fyrr en þær hafa komið fram.

Fyrningarfrestur stöðvast, er réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af broti. Réttarrannsókn, sem hætt er við um óákveðinn tíma, hefir þó engin áhrif á frestinn, nema stöðvunin stafi af því, að sökunautur hefir komið sér undan rannsókn.

19 12. febr. Þá telst sá tími, sem rannsóknin stóð yfir, ekki til fyrningartímans. Hafi mál ónýtt, sem höfðað var á réttum tíma, má ávallt taka það upp að nýju á næstu 3 mánuðum frá því að það var ónýtt. Hafi refsiverður verknaður verið framinn í íslenzku skipi eða loftfari, utan ríkisins, hefst fyrningarfrestur ekki fyrr en skipið eða loftfarið er komið til íslenzkrar hafnar eða einhvers þess staðar utan ríkisins, þar sem íslenzkur ræðismaður er búsettur. Ekki skal þó fyrningarfrestur, þegar svo stendur á, lengjast um meira en eitt ár.

### 83. gr.

Refsing, sem ekki er þyngri en sektir, varðhald eða eins árs fangelsi, fellur niður, ef ekki er byrjað að fullnægja henni, áður en 5 ár eru liðin frá því að hún var ákveðin með fullnaðardómi, úrskurði eða sátt. Hafi fullnusta að vísu verið byrjuð, en hún hefir stöðvazt, telst frestur frá því, að stöðvun hófst.

Þegar 10 ár eru liðin frá uppkvaðningu refsíðóms, má ekki fullnægja honum, nema að boði dómsmálaráðherra.

Til framangreindra fresta telst ekki sá tími, sem fullnusta refsingar frestast samkvæmt ákvæðum skilorðsbundins dóms eða vegna þess að dómfelldi er í refsivist, eða loks vegna dvalar hans í öryggisgæzlu eða á hæli samkvæmt ákvæðum VII. kafla þessara laga.

### 84. gr.

Hafi maður verið dæmdur skilorðsbundnum dómi samkvæmt VI. kafla laga þessara, og refsing fellur niður, sbr. 61. gr., þá nýtur hann frá þeim degi, er reynslutíma lýkur, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru.

Nú hefir maður hlotið í fyrsta sinn refsíðóm fyrir brot, sem hefir skerðing borgararéttinda í för með sér, og refsing fer ekki fram úr 1 árs refsivist, þá nýtur hann að liðnum 5 árum frá því að refsing er að fullu úttekin, fyrnd eða upp gefin, allra réttinda, sem fást með uppreist á æru, enda hafi hann ekki sætt ákæru á þeim tíma fyrir brot, sem þyngri hegning liggur við en sektir.

### 85. gr.

Þegar liðin eru 2 ár af fresti þeim, sem í síðari mgr. 84. gr. getur, og að fullnægðum öðrum skilyrðum, sem þar eru sett, getur konungur, ef dómfelldi hefir hegðað sér vel á þessu tímabili, veitt honum uppreist æru.

Konungur getur og veitt manni uppreist æru, þegar að minnsta kosti 5 ár eru liðin frá því að refsing hans er að fullu úttekin, fyrnd eða gefin upp, enda færi umsækjandi sönnur, sem gildar séu metnar, á það, að hegðun hans hafi verið góð umræddan tíma.

## X. KAFLI

### Landráð.

### 86. gr.

Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annarri nauðung eða svikum að ráða íslenzka ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða æfilangt.

### 87. gr.

Geri maður samband við stjórn erlends ríkis til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við íslenzka ríkið eða bandamenn þess, án þess að

verknaðurinn varði við 86. gr., þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár eða 19  
 æfilangt. Sé þetta í því skyni gert að koma erlendu ríki til þess að skerða sjálfs- 12. febr.  
 ákvörðunarrétt íslenska ríkisins á annan hátt, þá varðar það fangelsi allt að 8 árum.

## 88. gr.

Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, sem veldur bersýnilegri hættu á því, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

## 89. gr.

Beri íslenzkur ríkisborgari í ófriði vopn gegn íslenska ríkinu eða bandamönnum þess, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem í ófriði, eða þegar ófriður vofir yfir, veitir fjandmönnum íslenska ríkisins liðsinni í orði eða verki eða veikir viðnámsbrótt íslenska ríkisins eða bandamanna þess.

## 90. gr.

Rjúfi maður, meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir, samning eða skuldbindingu, sem varðar ráðstafanir, sem íslenska ríkið hefir gert vegna ófriðar eða ófriðarhættu, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Hafi manni orðið slíkt á af stórfelldu gáleysi, skal honum refsað með sektum eða varðhaldi.

## 91. gr.

Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem falsar, ónýtir eða kemur undan skjali eða öðrum munum, sem heill ríkisins eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin.

Sömu refsingu skal ennfremur hver sá sæta, sem falið hefir verið á hendur af íslenska ríkinu að semja eða gera út um eitthvað við annað ríki, ef hann ber fyrir borð hag íslenska ríkisins í þeim erindrekstri.

Hafi verknaður sá, sem í 1. og 2. málsgrein hér á undan getur, verið framinn af gáleysi, skal refsað með varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

## 92. gr.

Hver, sem af ásetningi eða gáleysi kunngerir, lýsir eða skýrir óviðkomandi mönnum frá leynilegum hervarnarráðstöfunum, er íslenska ríkið hefir gert, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum, eða sektum, ef brot er lítilræði eitt.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem af ásetningi eða gáleysi stofnar hlutleysisstöðu íslenska ríkisins í hættu, aðstoðar erlent ríki við skerðingu á hlutleysi þess, eða brýtur bann, sem ríkið hefir sett til verndar hlutleysi sínu.

## 93. gr.

Stuðli maður að því, að njósnir fyrir erlent ríki eða erlenda stjórnmalaflokka beinist að einhverju innan íslenska ríkisins eða geti beint eða óbeint farið þar fram, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 5 árum.



19

12. febr.

94. gr.  
Ef verknaði, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum þess hér á landi, má auka refsingu þá, sem við brotinu liggur, þannig að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

95. gr.

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef mjög miklar sakir eru.

Opinbert mál skal ekki höfða, nema stjórn viðkomandi erlends ríkis krefjist þess.

96. gr.

Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma.

97. gr.

Mál út af brotum, sem í þessum kafla getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

## XI. KAFLI

### Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

98. gr.

Veki maður eða stýri uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnskipun ríkisins, þá varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 ár eða æfilangt.

Hver, sem tekur þátt í þesskonar uppreisn, svo og hver sá, sem sekur gerist um verknað, er miðar að því að breyta stjórnskipuninni á ólögsmætun hátt, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

99. gr.

Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta konunginn eða þann, sem fer með konungsvald, lífi, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 ár.

100. gr.

Hver, sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið æfilangt fangelsi, ef sakir eru mjög miklar.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem á sama hátt misbrýtur við konunginn eða þann, sem konungsvald hefir á hendi, ráðuneytin, landsdóminn eða hæstarétt.

101. gr.

Ef verknaður, sem refsing er lögð við í XXIII., XXIV. eða XXV. kafla laga þessara, er hafður í frammi við konunginn eða þann, sem konungsvald hefir á hendi, enda eigi brotið ekki undir 99. eða 100. gr., eykst refsing sú, sem við broti er lögð, en þó ekki meira en svo, að hún tvöfaldist. Ekki skal beita vægari refsingu en varðhaldi, þegar svo stendur á.

Sé slíkum verknaði beint að drottningunni, ekkju konungs eða konungsefni, má auka refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

## 102. gr.

19

12. febr.

Hver, sem leitast við að aftra því, að kosningar fari fram til Alþingis, bæjar- eða sveitarstjórna eða annarra opinberra starfa, svo og hver, sem rangfærir eða ónýtir niðurstöðu slíkrar kosningar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum varðar það, ef verknaður, slíkur sem að ofan greinir, beinist að lögheimiluðum atkvæðagreiðslum um opinber málefni.

## 103. gr.

Sá maður skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef sök er smáfelld, sem sekur gerist um eftirgreindar athafnir, þegar kosningar, sem í fyrri mgr. 102. gr. getur, fara fram:

1. Aflar sér eða öðrum ólöglega færís á að taka þátt í atkvæðagreiðslu.
2. Leitast við með ólögmati nauðung, frelsisskerðingu eða misbeitingu aðstöðu yfirboðara að fá mann til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
3. Kemur því til leiðar með sviksamlegu atferli, að maður greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýtist eða hefir önnur áhrif en kjósandinn ætlaðist til.
4. Greiðir, lofar að greiða eða býður manni fé eða annan hagnað í því skyni að koma honum til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.
5. Tekur við, fer fram á að fá eða lætur lofa sér fé eða öðrum hagnaði til þess að greiða atkvæði á ákveðinn hátt eða til þess að greiða ekki atkvæði.

## 104. gr.

Þegar fangelsi um tiltekinn tíma er lagt við broti samkvæmt þessum kafla, má í þess stað, ef sérstaklega stendur á, dæma varðhaldsvist um jafnlangan tíma.

## 105. gr.

Mál út af brotum, sem í 99. og 101. gr. getur, skal því aðeins höfða, að dómsmálaráðherra hafi lagt svo fyrir, og sæta þau öll opinberri meðferð.

## XII. KAFLI

## Brot gegn valdsstjórninni.

## 106. gr.

Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Geri maður á annan hátt opinberum starfsmanni tálmanir í því að gegna skyldustörfum sínum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Jafnfætis ofangreindum starfsmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald kveður sér til aðstoðar við rekstur opinbers starfs.

## 107. gr.

Hafi verknaður, sem í 106. gr. getur, verið hafður frammi af mannsöfnuði, skal forgöngumönnum og leiðtogum upphlaupsins refsað með þyngri refsingu að tiltölu, og má þá beita allt að 8 ára fangelsi. Öðrum þátttakendum upphlaupsins,

19 sem ofriki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnast skipun yfirvalds, er skorað 12. febr. hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skal refsað eftir því, sem í 106. gr. segir.

## 108. gr.

Hver, sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

## 109. gr.

Hver, sem gefur, lofar eða býður opinberum starfsmanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, er hann með því bryti gegn starfsskyldu sinni, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, séu málsbætur fyrir hendi, varðhaldi eða sektum.

## 110. gr.

Hafi fangar, sem eru í refsivist, sammælt um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það fangelsi í 6 mánuði og allt að 3 árum.

## 111. gr.

Hver, sem frelsar handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, svo og hver sá, sem hvetur eða hjálpar slíkum manni til að losna úr haldi, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Hver, sem ólöglega setur sig í samband við handtekinn mann, fanga eða mann, sem hafður er í opinberri gæzlu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

## 112. gr.

Hver, sem aðstoðar mann, sem eftirför er veitt fyrir brot, til að komast undan handtöku eða refsingu, með því að fela hann, hjálpa honum til að flýja eða strjúka eða segja rangt til, hver hann sé, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það að tálma rannsókn brots með því að eyðileggja, breyta eða koma undan hlutum, sem fræðslu geta veitt við rannsóknina, eða með því að raska ummerkjum brots.

Hafi einhver framið verknað, sem lýst er í þessari grein, í því skyni að koma sjálfum sér eða nánnum vandamönnum sínum undan eftirför eða refsingu, þá er það refsilaust.

## 113. gr.

Taki maður burt eða ónýti innsigli eða merki, sem sett hefir verið að opinberri ráðstöfun, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Hver, sem tekur burt eða skemmir auglýsingu, sem sett hefir verið upp af hálfu hins opinbera, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.

## 114. gr.

Hver, sem ræður menn innan íslenzka ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 115. gr.

Hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða visvitandi rangt frá því, sem fram hefir farið við kosningar þær og atkvæðagreiðslur, sem í 102. gr. getur,

eða því, sem gerzt hefir á fundum eða í starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. 19  
12. febr.

## 116. gr.

Hver, sem tekur sér eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, skal sæta sektum eða varðhaldi eða, ef miklar sakir eru, fangelsi allt að 2 árum.

## 117. gr.

Hver, sem visvitandi eða af gáleysi notar opinberlega eða í ólögætum tilgangi einkenni, merki eða einkennisbúning, sem áskilinn er íslenskum eða erlendum stjórnvöldum eða hermönnum, eða einkenni, merki eða búning, sem er svo áþekkur hinum ofan nefndu, að hætta er á, að á verði villzt, skal sæta sektum.

## XIII. KAFLI

## Brot á almannafríði og allsherjarreglu.

## 118. gr.

Ef maður kemur af stað upphlaupi í því skyni að beita menn eða muni ofbeldi eða ógna með, að því verði beitt, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi.

Sömu refsingu skulu þeir menn sæta, sem gerzt hafa leiðtogar slíks upphlaps, eftir að það var byrjað.

Aðrir þátttakendur upphlapsins, sem ofríki hafa haft í frammi eða ekki hafa hlýðnast skipan yfirvalds, er skorað hefir á mannsöfnuðinn að sundrast, skulu sæta vægari refsingu að tiltölu, og má dæma þeim þátttakendum sektir, sem ekki hafa beitt ofríki.

Hafi eitthvert það brot verið framið, sem var markmið upphlapsins, skal beita þyngri refsingum, miðað við þátttöku hvers eins, eftir því, sem að framan segir, og má þá dæma allt að 6 ára fangelsi, nema broti sé svo varið, að þyngri hegning liggi við.

## 119. gr.

Hafi upphlaupt átt sér stað, án þess að ákvæði 118. gr. eigi við um það, og mannsöfnuðinum hefir verið skipað á löglegan hátt af yfirvaldi að sundrast, þá skal þeim þátttakendum, sem hlýðnast ekki skipuninni, enda þótt þeir viti um hana, refsað með sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

## 120. gr.

Ef maður gabbar lögreglumenn, brunalið, björgunarlið eða annað hjálparlið, með því að kalla eftir hjálp að ástæðulausu eða með misnotkun brunaboða eða annarra hættumerkja, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

## 121. gr.

Hver, sem opinberlega hvetur menn til refsiverðra verka, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru, nema brot hans verði þyngri refsingu að lögum.

Hver, sem opinberlega og greinilega fellst á eitthvert þeirra brota, er í X. eða XI. kafla laga þessara getur, sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## 122. gr.

Hver, sem hindrar það, að löglegur mannfundur sé haldinn, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að 2 árum, ef miklar sakir eru, einkum ef ofríki eða ógnun í framferði hefir verið viðhaft.

- 19 Raski nokkur fundarfriði á lögboðnum samkomum um opinber málefni með  
12. febr. háreysti eða uppivöðslu, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.  
Sömu refsingu skal sá sæta, sem á sama hátt truflar opinbera guðsþjónustu  
eða aðrar kirkjuathafnir eða raskar útfararhelgi.

## 123. gr.

Hver, sem af ásettu ráði eða stórfelldu gáleysi gerist ölvaður og stofnar þannig á sig kominn í hættu öðrum mönnum eða talsverðum fjárverðmætum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, einkum ef brot er ítrekað eða miklar sakir að öðru leyti.

Sá, sem brýtur bann við kaupum eða neyzlu áfengis samkvæmt 1. mgr. 64. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

Brot gegn banni því, er í 2. mgr. 64. gr. getur, varðar sektum.

## 124. gr.

Ef nokkur raskar grafarhelgi eða gerist sekur um ósæmilega meðferð á líki, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að fara ósæmilega með hluti, sem teljast til kirkna og nota á við kirkjulegar athafnir.

## 125. gr.

Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdyrkun löglegs trúarbragðafélags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða varðhaldi. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.

## 126. gr.

Hafi maður fengið vitneskju um, að fyrirhugað er eða hafið eitthvert þeirra brota, sem í 86., 87., 89., 91., 98., 99. eða 100. gr. laga þessara getur, eða annað brot, sem lífi eða velferð manna eða mikilvægum þjóðfélagsverðmætum er búin hætta af, og hann reynir ekki af fremsta megni að koma í veg fyrir brotið eða afleiðingar þess, þar á meðal, ef þörf krefur, með því að tilkynna yfirvöldum vitneskju sína, þá skal hann, ef brotið er eftir það framið eða reynt er að fremja það, sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef miklar málsbætur eru fyrir hendi. En hafi hann látið þetta hjá líða sökum þess að hann gat ekki gert það án þess að stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfs sin eða nánustu vandamanna í hættu, þá skal honum ekki refsað.

## 127. gr.

Hver, sem ekki sinnir kvaðningu yfirvalds um aðstoð til þess að koma í veg fyrir brot eða annan ófarnað, sem lífi, heilbrigði eða velferð manna er búin hætta af, þótt hann hefði getað veitt aðstoðina án þess að stofna sér eða verulegum hagsmunum í hættu, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

## XIV. KAFLI

## Brot í opinberu starfi.

## 128. gr.

Ef opinber starfsmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

## 129. gr.

Ef opinber starfsmaður heimtar eða tekur sér eða öðrum til ávinnings við sköttum eða gjöldum, sem gjaldandi skuldar ekki, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, enda liggja ekki þyngri refsing við verknaðinum eftir öðrum ákvæðum laganna. Vægari refsingu að tiltölu skal beita, ef sökunautur hefir í upphafi tekið við gjaldinu í þeirri trú, að gjaldandinn skuldaði það, en heldur gjaldinu síðan í ávinningsskyni, eftir að hann komst að hinu rétta. Er heimilt að dæma varðhald þegar svo stendur á.

19

12. febr.

## 130. gr.

Ef handhafi dómssvalds eða annars opinbers úrskurðarvalds um lögskipti gerist sekur um ranglæti við úrlausn máls eða meðferð þess í því skyni, að niðurstaðan verði ranglát, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi verknaðurinn haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsingin vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

## 131. gr.

Ef dómari eða annar opinber starfsmaður, sem á að halda uppi refsivaldi ríkisins, beitir ólöglegri aðferð til þess að koma manni til játningar eða sagna, framkvæmir ólöglega handtöku, fangelsan eða rannsókn eða leggur að ólögum hald á skjöl eða aðra muni, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

## 132. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi rétttra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, leit, fangelsan, framkvæmd refsingar eða haldsetningu, eða brýtur aðrar þesskonar reglur, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

## 133. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga eða annast framkvæmd refsidóma, lætur fanga komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar, að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

## 134. gr.

Misnoti opinber starfsmaður stöðu sína til þess að neyða mann til að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógert, þá skal hann sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

## 135. gr.

Ef opinber starfsmaður tekur þátt í embættis- eða sýslunarbroti annars opinbers starfsmanns, sem undir hann er gefinn, eða leitast við að koma honum til að fremja slíkt brot, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.

## 136. gr.

Opinber starfsmaður, sem segir frá nokkru, er leynt á að fara og hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu eða varðar embætti hans eða sýslan, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári. Hafi hann gert það til þess að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, eða noti hann slíka vitneskju í því skyni, má beita fangelsi allt að 3 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem látið hefir af opinberu starfi og eftir það segir frá eða misnotar á ofangreindan hátt vitneskju, sem hann hafði fengið í stöðu sinni og leynt á að fara.

19

12. febr.

137. gr.

Ef opinber starfsmaður, sem hefir pósti- eða simamáfefni á hendi, rifur heimildarlausl up, ónýtir eða skýtur undan bréfum eða sendingum, sem afhent eru til flutnings með pósti, eða ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, sem veitt hefir verið viðtaka til fyrirgreiðslu, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi alll að 3 árum.

138. gr.

Nú hefir opinber starfsmaður gerzt sekur um refsilagabrot með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broli er ekki lögð sérstök refsing sem broli í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broli liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana alll að helmingi hennar.

139. gr.

Hafi opinber starfsmaður, í öðrum tilfellum en lýst er hér að framan, misnotað stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi alll að 2 árum.

140. gr.

Opinber starfsmaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gera það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum eða varðhaldi.

141. gr.

Opinber starfsmaður, sem sekur gerist um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu, skal sæta sektum eða varðhaldi.

## XV. KAFLI

### Rangur framburður og rangar sakargiftir.

142. gr.

Hver, sem skýrir rangl frá einhverju fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem hefir heimild til eiðtöku, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði og alll að 4 árum.

Hafi röng skýrsla verið staðfest með eiði eða gefin samkvæmt áður unnum eiði, getur refsingin orðið alll að 8 ára fangelsi. Jöfn eiði skal teljast hver sú staðfesting skýrslu, sem að lögum kemur í eiðs stað.

Sé skýrsla aðeins röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að upplýsa, má beita varðhaldi eða sektum.

143. gr.

Ekki varðar það sökunaut í opinberu refsímáli refsingu, þó að hann skýri rangl frá málavöxtum. Þeim manni skal ekki heldur refsað, sem rangl hefir skýrt frá atvikum vegna þess að réttar upplýsingar um þau hefðu getað bakað honum refsíábyrgð í slíku máli, eða hann hafði ástæðu til að halda, að svo væri.

Hafi maður borið rangl fyrir rétti eða öðru stjórnvaldi, sem í 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilll að skýra frá eða heimilll að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður, og hafi eiður ekki verið unninn, jafnvel láta hana falla að öllu leyli niður.

144. gr.

Hafi maður af stórfelldu gáleysi gerzt sekur um verknað, sem refsiverður væri eftir 142. gr. eða 2. mgr. 143. gr., ef um ásetningsverk hefði verið að ræða, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

## 145. gr.

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu og boðizt til að vinna eið að henni eða gefið hana að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

19

12. febr.

## 146. gr.

Ef maður að öðru leyti gefur opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um mál-efni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

Ákvæði 1. málsgreinar 143. gr. koma hér til greina eftir því, sem við á.

## 147. gr.

Ef maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýsingu eða gefur skriflegt vottorð um eitthvað, sem honum er ekki kunnugt um, og það er ætlað til notkunar í dómsmálum, öðrum málefnum, sem varða hið opinbera, eða gerðardómsmálum, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum eða fangelsi allt að 4 mánuðum.

## 148. gr.

Hver, sem með rangri kærú, röngum framburði, rangfærslu eða undanskoti gagna, öflun falsgagna eða á annan hátt leitast við að koma því til leiðar, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 10 árum. Við ákvörðun refsingar skal hafa hliðsjón af því, hversu þung hegning er lögð við broti því, sem sagt er eða gefið til kynna, að viðkomandi hafi drýgt. Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið. Hafi brot haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi fyrir nokkurn mann, þá skal refsað með fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 16 árum.

Ákveða má í dómi, eftir beiðni þess, sem fyrir óréttinum hefir orðið, að niðurstaða dóms og það af forsendum hans, sem dómur telur hæfilegt, skuli birt að opinberri tilhlutan í einu eða fleirum opinberum blöðum eða ritum.

## 149. gr.

Hver, sem gerist sekur um rangan uppljóstur til yfirvalds um að refsiverður verknaður hafi verið framinn, svo og hver sá, sem ber fram rangar kærur við konung, Alþingi, dómstóla eða yfirvald, skal sæta sektum eða varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári, ef miklar sakir eru.

## XVI. KAFLI

## Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil.

## 150. gr.

Hver, sem falsar peninga í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri, svo og hver sá, sem í sama skyni aflar sér eða öðrum falsaðra peninga, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Sé fölsun framkvæmd á þann hátt, að skert er efnisverð gjaldgengrar myntar, skal refsingin vera fangelsi allt að 4 árum.

## 151. gr.

Hver, sem lætur úti peninga, sem hann veit að eru falsaðir, skal sæta sömu refsingu sem hefði hann sjálfur falsað þá. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir þegar hann fékk þá, má beita varðhaldi eða sektum.



19

12. febr.

Hver, sem lætur úti peninga, sem hann hefir grun um að séu falsaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi hann haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, má beita sektum, og jafnvel, ef málsbætur eru, láta refsingu falla niður.

152. gr.

Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út meðal manna hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög peningum eða verðbréfum, sem æfluð eru til þess að ganga manna á milli.

153. gr.

Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem án heimildar í lögum býr til, flytur inn eða lætur úti handhafabréf, sem notuð kunna að verða til þess að ganga sem gjaldmiðill manna á milli, hvort heldur almennt eða innan sérstaks flokks manna, eða vænta má, að notuð verði á þann hátt. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til erlendra peningaseðla.

## XVII. KAFLI

## Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn.

155. gr.

Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.

Hafi aðeins verið um lítilræði að tefla, eða miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef fremjandi hefir ekki ætlað að baka öðrum tjón, má beita varðhaldi eða sektum.

156. gr.

Sömu refsingu, sem í 155. gr. getur, skal sá sæta, sem notar skjal með ófalsaðri undirritun, til þess að blekkja með því í lögskiptum, enda hafi útgefandi þess verið gabbáður til að undirrita skjalið í þeirri trú, að það væri annað skjal eða skjal með öðru efni.

157. gr.

Noti maður ófalsað skjal svo sem það varðaði annan mann en þann, sem það á við, eða með öðrum hætti gagnstætt því, sem til var ætlazt, og þetta er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

158. gr.

Ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í opinberu skjali eða í bók eða í annarskonar skjölum eða bókum, sem honum er skylt að gefa út eða rita, eða maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali eða bók, sem hann gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja, og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sömu refsingu varðar það að nota þess háttar röng gögn í lögskiptum sem væru þau rétt að efni til.

159. gr.

Nú hefir opinber stimpill eða merki, er sönnun skal veita fyrir því, að hlutur sé ósvikinn, eða fyrir uppruna hans, gæðum, tegund eða magni, verið sett á hlut án

heimildar eða með fölsun, og skal þá sá, sem notar hlutinn til þess að blekkja aðra með honum í viðskiptum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. 19  
12. febr.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem í sama skyni kemur því til leiðar með svikum, að þess háttar opinber stimpill eða merki sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða notar slíka hluti.

Noti maður í sama skyni hluti, sem einkastimpill eða einkamerki hefir ranglega verið sett á, eða annað merki, sem á að segja til einhvers atriðis um hlutinn, sem máli skiptir í viðskiptum manna, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Refsingu eins og að ofan greinir skal ennfremur sá sæta, sem í því skyni að blekkja í viðskiptum notar hluti, eftir að stimpill, merki eða annað auðkenni, sem löglega hafði verið á hlutinn sett, hefir verið numið burtu eða rangfært.

#### 160. gr.

Ef maður notar í atvinnuvegi sínum röng mælitæki eða vogaráhöld í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi. Sé sökin stórfelld, og eins ef manni verður slíkt á oftár, má þyngja hegningu allt að 6 ára fangelsi.

#### 161. gr.

Hver, sem notar fölsuð póstfrimerki, stimpilmerki eða önnur slík merki, sem notuð eru sem sönnun fyrir greiðslu opinberra gjalda, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Lægri refsingu að tiltölu skal sá sæta, sem notar stimpilmerki eða frimerki, sem áður hefir verið notað, eftir að merkið um notkunina hefir verið numið burtu.

Það varðar sektum að búa til, flytja inn eða dreifa út hlutum, sem að gerð og frágangi líkjast mjög stimpilmerkjum, póstfrimerkjum eða öðrum slíkum greiðslumerkjum.

#### 162. gr.

Hver, sem rangfærir sönnunargögn eða kemur fram með röng sönnunargögn í því skyni að hafa áhrif á úrslit dómsmáls, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru, enda varði brot ekki þyngri refsingu að lögum.

Hver, sem til þess að halla eða fyrirgera rétti annarra eyðileggur sönnunargagn, kemur því undan eða gerir það ónothæft að öllu eða einhverju leyti, skal sæta fangelsi allt að 2 árum eða varðhaldi.

Nú hefir maður framið verknáð þann, sem í 1. eða 2. málsgrein getur, á gögnum, sem kynnu að hafa orðið af atriði um sekt hans í opinberu máli, og er þá það verk refsilaust.

#### 163. gr.

Hver, sem í blekkingarskyni setur ranglega niður, flytur til, nemur á brott, rangfærir eða eyðileggur marksteina eða önnur merki, sem sýna skulu takmörk fasteignaréttinda, þar á meðal vatnsréttinda, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi, eða sektum, ef brot er smáfellt.

### XVIII. KAFLI

#### Brot, sem hafa í för með sér almannahættu.

#### 164. gr.

Valdi maður eldsvoða, sem hefir í för með sér almannahættu, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 6 mánuði.

Refsing skal þó ekki vera lægri en 2 ára fangelsi, hafi sá, er verkið vann, séð fram á, að mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn

19 mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum ann-  
12. febr. arra manna.

## 165. gr.

Fangelsi skal sá sæta, sem bakar öðrum tjón á lífi, líkama eða eignum, með því að valda sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja.

## 166. gr.

Hafi verknaður, sem lýst er í 164. eða 165. gr., verið framinn í þeim tilgangi að koma af stað uppreisn, fjöldaránum eða annarri slíkri röskun á þjóðskipulagi eða allsherjarreglu, þá skal beita fangelsisrefsingu, sem ekki sé skemmri en 4 ár.

## 167. gr.

Ef brot, sem í 164. eða 165. gr. getur, er framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

## 168. gr.

Ef maður raskar öryggi járnbrautarvagna, skipa, loftfara, bifreiða eða annarra slíkra farar- eða flutningatækja, eða umferðaröryggi á alfaraleiðum, án þess að verknaður hans varði við 165. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

Ef brot er framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

## 169. gr.

Sá maður skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, sem lætur hjá líða að gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að vara við eða afstýra eldsvoða, sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, öðrum umferðaslysum eða þess háttar óförum, sem mönnum eða miklum verðmætum er búinn háski af, enda hefði hann getað gert það án þess að stofna verulegum hagsmunum sínum eða annarra í hættu.

## 170. gr.

Hver, sem stofnar lífi manna eða heilsu í hættu með því að valda almennum skorti á drykkjarvatni eða setja skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

## 171. gr.

Hafi maður eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, þannig að heilbrigði manna sé hætta búin af venjulegri notkun þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu varðar það, ef slíkir munir, sem spilltir eru og skaðsamlegir heilsu manna í venjulegri notkun, eru látnir sæta meðferð, sem löguð er til að leynd skaðsemi þeirra.

Sömu refsingu varðar það ennfremur að hafa á boðstólum eða vinna á annan hátt að útbreiðslu muna, sem spilltir eru á framangreindan hátt, ef leynt er þessari skaðsemi þeirra.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## 172. gr.

Ef maður, án þess að brot hans varði við 171. gr., hefir á boðstólum eða vinnur að því að útbreiða neyzluvörur, sem vegna skemmda eða af öðrum ástæðum eru

hættulegar heilbrigði manna, eða hluti, sem við venjulega notkun eru hættulegir á sama hátt, og hann leynir þessari skaðsemi þeirra, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum, varðhaldi eða sektum, ef málsbætur eru. 19  
12. febr.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

#### 173. gr.

Hafi maður á boðstólum eða vinni að því að útbreiða sem læknislyf eða varnarmeðul við sjúkdómum muni, sem hann veit, að ekki eru til þess hæfir, og að notkun þeirra í þessu skyni er hættuleg lífi manna eða heilbrigði, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum eða varðhaldi.

Sé brot framið af gáleysi, varðar það sektum eða varðhaldi.

#### 174. gr.

Ef lífi eða heilbrigði húsdýra er stofnað í hættu á þann hátt, sem í 170.—173. gr. getur, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

#### 175. gr.

Hver, sem veldur hættu á því, að næmur sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna, með því að brjóta gegn lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda, sem þar að lúta, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Refsingin getur þó orðið fangelsi allt að 6 árum, ef um sjúkdóm er að ræða, sem hið opinbera hefir gert sérstakar ráðstafanir til að hefta eða afstýra, að berist hingað til lands.

Hver, sem á framangreindan hátt veldur hættu á því, að húsdýra- eða jurta-sjúkdómar komi upp eða berist út, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sé brot samkvæmt grein þessari framið af gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

### XIX. KAFLI

#### Ýms brot á hagsmunum almennings.

#### 176. gr.

Ef maður veldur með ólögætum verknaði verulegri truflun á rekstri almennra samgöngutækja, opinberum póst-, síma- eða útvarpsrekstri eða rekstri stöðva eða virkjana, sem almennings fær frá vatn, gas, rafmagn, hita eða aðrar nauðsynjar, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sé brot framið af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

#### 177. gr.

Hver, sem tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismarki eða hluti, sem ætlaðir eru til almennings nota eða skrauts, eða hluti, sem teljast til opinberra safna eða eru sérstaklega friðaðir, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

#### 178. gr.

Hver, sem í því skyni að blekkja aðra í viðskiptum falsar eða líkir eftir vöru eða hefir slíka vöru á boðstólum, skal sæta fangelsi allt að 2 árum, varðhaldi eða sektum.

#### 179. gr.

Sá, sem gerir sig sekan um illa meðferð á dýrum með því að ofbjóða þoli þeirra, með vanhírðu eða á annan hátt, skal sæta sektum eða varðhaldi. Hafi misþyrming átt sér stað, má beita fangelsi allt að 1 ári.

## XX. KAFLI

## Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu.

## 180. gr.

Nú verður vinnufær maður sveit sinni til þyngsla sökum óreglu eða slæpingskapar, eða hann vanrækir af sömu ástæðum framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargbrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum, barni eða foreldri, og skal hann þá sæta fangelsi allt að 6 mánuðum, ef hann vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu, sem fátækrastrjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brot er ítrekað, má refsast með fangelsisvist allt að 1 ári.

## 181. gr.

Nú þykir lögreglustjóra ástæða til að atla, að maður hafi ekki ofan af fyrir sér á löglegan hátt, og er hann þá skyldur að skýra frá, af hverju hann hafi framfærslu sína og færa rök að. Ef hann gerir það ekki, eða hann aflar sér framfærslu með ólöglegu móti, svo sem með sölu á bannvöru, fjárhættuspili eða lauslæti eða fær viðurværi sitt frá kvenmanni, sem hefir ofan af fyrir sér með lauslæti, þá skal refsast honum með fangelsi allt að 2 árum, enda liggja ekki þyngri refsing við eftir öðrum lögum.

## 182. gr.

Nú hefir maður verið dæmdur eftir 180. eða 181. gr. eða oftast en einu sinni fyrir auðgunarbrot, og getur lögreglan þá lagt fyrir hann í næstu 5 ár, eftir að hann hefir lokið við að taka út refsingu, að gefa sig fram á ákveðnum tíma og gefa skýrslu um, hvar hann býr eða dvelst og af hverju hann hafi framfæri sitt. Brjóti hann gegn þessum fyrirmælum lögreglunnar, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 mánuðum.

## 183. gr.

Sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Ákveða skal með dómi, hvort vinningi af fjárhættuspili eða veðmáli skuli skilað aftur eða hvort hann skuli gerður upptækur.

## 184. gr.

Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefir umráð yfir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## 185. gr.

Ef maður í atvinnuskyni beitir blekkingum eða svikum til þess að koma manni til að flytjast af landi brott, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## 186. gr.

Nú vinnur maður í heimildarleysi starf, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, og skal hann þá sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

Nú hefir félagi verið slitið í bráð með yfirvaldsráðstöfun eða til fullnaðar með dómi, og skulu þá þeir, er halda félagsskapnum áfram eða ganga í hann eftir það, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## 187. gr.

Hafi maður fengið opinbert leyfi til einhverrar einkastarfsemi eða atvinnurekstrar, sem ekki er heimilt að stunda án slíks leyfis, og hann brýtur síðan gegn skyldum gagnvart hinu opinbera, sem slíku leyfi eru samfara, þá skal hann sæta sektum eða varðhaldi, ef ekki er ákveðin sérstök refsing við brotinu í öðrum lögum.

19

12. febr.

## XXI. KAFLI

## Sifskaparbrot.

## 188. gr.

Ef kvæntur maður eða gift kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða, ef hinum aðiljanum var ókunnugt um fyrra hjónabandið, fangelsi allt að 6 árum.

Sé brot framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Ókvæntur maður eða ógift kona, sem gengur að eiga gifta konu eða kvæntan mann, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Nú skal hjónaband ekki sæta ógildingu, og má þá dæma sektir eða varðhald eða jafnvel láta refsingu falla niður.

## 189. gr.

Hver, sem gengur í hjónaband, er ógilda skal vegna skyldleika aðiljanna, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 190. gr.

Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annarra ættingja í beinan ættlegg varðar foreldra allt að 4 ára fangelsi, og allt að 6 ára fangelsi, sé barnið yngra en 18 ára, og börnin, séu þau eldri en 18 ára, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Holdlegt samræði milli systkina varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Hafi aðili ekki náð 16 ára aldri, má ákveða, að refsing falli niður að því er hann varðar.

## 191. gr.

Ef nokkur misbýður með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum eiginkonu sinni eða eiginmanni, barni sínu eða öðru barni eða ungling undir 18 ára aldri, sem hann hefir til umsjónar eða fósturs, eða manni, sem er skyldur honum eða tengdur í beinan legg upp á við, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Varðhaldi eða sektum skal sá sæta, sem af þverúð vanrækir framfærsluskyldu sína eða skyldu til meðlagsgreiðslu gagnvart nokkrum framangreindra aðilja, sem af því geta orðið hjargþrota.

Ákveða má, að sök samkvæmt grein þessari skuli niður falla, ef sá æskir þess, sem misgert var við.

## 192. gr.

Hver, sem rangfærir sönnun fyrir faðerni barns eða móðerni með rangri eða ófullnægjandi skýrslu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningum um fæðingar, skal sæta varðhaldi eða sektum.

Láta má refsingu falla niður, þegar svo ber við, að barn, sem gift kona hefir getið utan hjónabands, hefir verið tilkynnt sem hjónabandsbarn og eiginmaður hennar hefir samþykkt það.

19

12. febr.

193. gr.

Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir æsku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða æfilangt.

## XXII. KAFLI

## Skírlífisbrot.

194. gr.

Ef kvenmanni er þröngvað til holdlegs samræðis með ofbeldi eða frelsis-sviptingu, eða með því að vekja henni ótta um líf, heilbrigði eða velferð hennar sjálfar eða náinna vandamanna hennar, þá varðar það fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem kemst yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

195. gr.

Hver, sem hefir samræði utan hjónabands við kvenmann, sem er geðveik eða fáviti, eða þannig er ástatt um, að hún getur ekki spornað við samræðinu eða skilið þýðingu þess, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

196. gr.

Ef maður neyðir kvenmann til holdlegs samræðis með því að hóta henni ofbeldi, frelsis-sviptingu, sakburði um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hennar eða öðru verulegu óhagræði, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, enda varði brotið ekki við 194. eða 195. gr.

197. gr.

Ef umsjónarmaður eða starfsmaður í fangelsi, geðveikrahæli, fávitaæli, uppeldisstofnun eða annarri slíkri stofnun hefir samræði við kvenmann, sem komið hefir verið fyrir á hælínu eða stofnuninni, þá varðar það fangelsi allt að 4 árum.

198. gr.

Hver, sem kemst yfir kvenmann utan hjónabands með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að kvenmaðurinn er háður honum fjárhagslega eða í atvinnu sinni, þá varðar það fangelsi allt að 1 ári, eða, sé kvenmaðurinn yngri en 21 árs, allt að 3 árum.

199. gr.

Hver, sem kemst yfir kvenmann vegna þess að hún heldur ranglega, að þau hafi samræði í hjónabandi, eða hún er í þeirri villu, að hún heldur sig hafa samræði við einhvern annan mann, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

200. gr.

Hver, sem á samræði við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.  
Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 14—16 ára, til samræðis, skal sæta fangelsi allt að 4 árum.

201. gr.

Ef maður hefir samræði við stúlku, yngri en 18 ára, sem er kjördóttir hans eða fósturdóttir, eða honum hefir verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

## 202. gr.

Hafi nokkur, þegar svo er ástatt, sem í 194.—201. gr. segir, gerzt sekur um önnur kynferðismök en samræði, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

## 203. gr.

Það varðar fangelsi allt að 6 árum að hafa kynferðismök við persónu af sama kyni, þegar atvik að öðru leyti svara til þess, er í 194.—198. gr. og fyrri mgr. 200. gr. segir.

Eigi nokkur kynferðismök við persónu af sama kyni, yngri en 18 ára, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum fyrir þann, sem eldri er en 18 ára. Ákveða má þó, að refsing skuli niður falla, ef báðir aðiljar eru á svipuðu aldurs- og þroskaskeiði.

Hver, sem hefir kynferðismök við persónu af sama kyni á aldrinum 18 til 21 árs, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef hann hefir beitt yfirburðum aldurs og reynslu til þess að koma hinum til að taka þátt í mökunum.

## 204. gr.

Hafi brot samkvæmt 195., 200., 201. eða 203. gr. verið framið í gáleysi um andlegt ástand eða aldur þess, er fyrir broti varð, þá skal beita vægari refsingu að tiltölu, sem þó má ekki fara niður úr lægsta stigi varðhaldsvistar.

## 205. gr.

Refsing samkvæmt 194.—202. og 204. gr. má falla niður, ef persónur þær, er kynferðismökkin hafa gerzt í milli, hafa síðar gengið að eigast, eða, ef þau voru þá í hjónabandi, hafa eftir það tekið upp eða haldið áfram hjúskaparsambúð.

## 206. gr.

Ef maður stuðlar að því í ávinningsskyni með ginningum, hvatningum eða milligöngu, að aðrir hafi holdlegar samfarir eða önnur kynferðismök, eða gerir sér annars lauslæti annarra að tekjulind, skal hann sæta fangelsi allt að 4 árum.

Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða ungling, yngri en 18 ára, til þess að hafa ofan af fyrir sér með lauslæti.

Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að útflutningi nokkurs manns úr landi í því skyni að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti, ef útflytjandinn er yngri en 21 árs eða honum er ókunnugt um þennan tilgang með utanförinni.

## 207. gr.

Hver, sem hefir kynferðismök við annan mann, sama kyns, fyrir borgun, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 208. gr.

Nú hefir maður, sem sæta skal refsingu eftir 206. eða 207. gr., áður verið dæmdur fyrir brot á þeim greinum eða 181. gr., eða hann hefir áður verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir auðgunarbrot, og má þá þyngja refsingu svo, að við hana sé bætt allt að helmingi hennar.

## 209. gr.

Hver, sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis, skal sæta fangelsi allt að 3 árum, varðhaldi eða sektum.

## 210. gr.

Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prent-lögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.



19 Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, út-  
12. febr. býta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Það varðar enn fremur sömu refsingu að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

### XXIII. KAFLI

#### Manndráp og líkamsmeiðingar.

##### 211. gr.

Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi ekki skemur en 5 ár, eða æfilangt.

##### 212. gr.

Ef móðir deyðir barn sitt í fæðingunni eða undir eins og það er fætt, og ætla má, að hún hafi gert það vegna neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands, sem hún hefir komizt í við fæðinguna, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

Ef aðeins er um tilraun að ræða, og barnið hefir ekki beðið neitt tjón, má láta refsingu falla niður.

##### 213. gr.

Hver, sem sviptir annan mann lífi fyrir brýna beiðni hans, skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða varðhaldi ekki skemur en 60 daga.

##### 214. gr.

Ef maður stuðlar að því, að annar maður ræður sér sjálfur bana, þá skal hann sæta varðhaldi eða sektum. Sé það gert í eigingjörnum tilgangi, skal refsa með fangelsi allt að 3 árum.

##### 215. gr.

Ef mannsbani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

##### 216. gr.

Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Ef sérstaklega ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má ákveða, að refsing falli niður. Mál skal ekki höfða, ef 2 ár eru liðin frá því að brot var framið. Ónothæf tilraun er refsilaus.

Hver, sem með samþykki móður deyðir fóstur hennar eða ljær henni lið sitt til fóstureyðingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sé um mikla sök að ræða, einkum ef verknaðurinn er framinn í ávinningsskyni eða hann hefir haft í för með sér dauða eða stórfellt heilsutjón móður, skal beita allt að 8 ára fangelsi. Hafi verkið verið framið án samþykkis móður, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár og allt að 12 árum.

##### 217. gr.

Hver, sem gerist sekur um líkamsárás, enda sé hún ekki svo mikil sem í 218. gr. segir, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sókn sakar út af brotum samkvæmt grein þessari eiga þeir, sem misgert var við. Opinber málssókn er þó jafnan heimil.

##### 218. gr.

Hafi maður með vísvitandi líkamsárás valdið öðrum manni tjóni á líkama eða heilbrigði, og þessar afleiðingar árásarinnar verða taldar honum til sakar vegna

ásetnings eða gáleysis, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 16 árum eða æfilangt. 19

12. febr.

## 219. gr.

Ef tjón á líkama eða heilbrigði, slíkt sem í 218. gr. getur, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

## 220. gr.

Hver, sem kemur manni í það ástand, að hann er án bjargar, eða yfirgefur mann, sem hann átti að sjá um, í slíku ástandi, skal sæta fangelsi allt að 8 árum.

Hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana þegar eftir fæðingu þess, og ætla má, að það sé gert af samskonar ástæðum og í 212. gr. getur, má beita vægari refsingu að tiltölu og jafnvel láta refsingu falla niður, ef barnið hefir ekkert teljanlegt tjón beðið.

Refsingu, sem í 1. mgr. segir, skal sá sæta, sem úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, enda hefði hann átt að geta séð, að ferðamanninum myndi verða af því háski búinn.

Varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.

## 221. gr.

Láti maður farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem staddur er í lífsháska, þótt hann gæti gert það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs sin eða annarra í háska, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem ekki annast um, að neytt sé þeirra bjargar-meðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lifga þá, sem líf kann að leynast með, en líta út eins og dauðir, eða viðhefir ekki þær aðferðir, sem boðnar eru þeim til umönnunar, sem lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum.

## 222. gr.

Hver, sem vísitandi eða af gáleysi fær barni, yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum.

## 223. gr.

Ef maður vanrækir að sjá barnshafandi kvenmanni, sem er á vegum hans, fyrir nauðsynlegri fæðingarhjálp, svo að lífi eða heilbrigði barns eða móður er af því hættu búin, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

## 224. gr.

Ef maður veldur því, að annar maður á það á hættu að sýkjast af kynsjúkdómi, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Hafi það orðið af gáleysi, skal beita sektum eða varðhaldi.

## XXIV. KAFLI

## Brot gegn frjálsræði manna.

## 225. gr.

Ef maður neyðir annan mann til þess að gera eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gera eitthvað með því að beita líkamlegu ofbeldi eða hóta honum að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi eða frelsissviptingu eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna

- 19 vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki  
12. febr. nægilegan rétt á sér sökum þess málefnis, sem hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 226. gr.

Hver, sem sviptir annan mann frelsi sínu, skal sæta fangelsi allt að 4 árum, eða varðhaldi, ef málsbætur eru.

Hafi frelsissvipting verið framin í ávinningsskyni eða verið langvarandi, svo og ef maður hefir verið settur í heimildarleysi á geðveikrahæli, fluttur burt í önnur lönd eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rétt á því, þá skal beita fangelsisrefsingu ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum eða æfilangt.

## 227. gr.

Hafi brot, sem í 2. mgr. 226. gr. getur, verið framið af stórfelldu gáleysi, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

## XXV. KAFLI

## Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs.

## 228. gr.

Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefir komizt yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirzlu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Sömu refsingu varðar það að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru í 1. málsgrein.

Sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem hnýsist í hirzlur annars manns án nægilegra ástæðna.

## 229. gr.

Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

## 230. gr.

Ef maður, sem hefir eða haft hefir með höndum starf, sem opinbera skipun, leyfi eða viðurkenningu þarf til að rækja, segir frá einhverjum einkamálefnum, sem leynt eiga að fara og hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu varðar einnig samskonar verknaður þeirra manna, sem aðstoðað hafa ofangreinda menn í starfi þeirra.

## 231. gr.

Ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan honum óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. Þó má beita varðhaldi á hærra stigi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, svo sem ef sá, sem brot framdi, var vopnaður eða beitti ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða brot er framið af fleirum saman.

## 232. gr.

Ef maður, þrátt fyrir áminningu lögreglunnar, raskar friði annars manns með

því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum. **19**

12. febr.

Hver, sem opinberlega leggur annan mann í einelti með visvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í álit almennings, sæti sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

## 233. gr.

Hver, sem hefir í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað, og hótunin er til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 234. gr.

Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

## 235. gr.

Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

## 236. gr.

Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 237. gr.

Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.

## 238. gr.

Ekki er heimilt að færa fram í máli út af meiðyrðum sönnur fyrir refsiverðum verknaði, sem sá, er þeirri sök er borinn, hefir verið sýknaður af með fullnaðardómi í opinberu refsímáli hér á landi eða erlendis.

Hafi maður, er sætt hefir refsídómi fyrir einhvern verknað, síðar öðlazzt upp-reist æru, er ekki heimilt að bera hann framar þeim sökum, og leysir sönnun því ekki undan refsingu, er svo stendur á.

## 239. gr.

Heimilt er að láta refsingu samkvæmt 234. og 235. gr. falla niður, ef tilefni ærumeiðingar var ótilhlýðilegt hátterni þess manns, sem telur sér misboðið, eða hann hefir goldið líku líkt.

## 240. gr.

Sé ærumeiðingum beint að dánur manni, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

## 241. gr.

Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atriðisorða hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.

19

12. febr.

242. gr.

Brot þau, sem í þessum kafla getur, skulu sæta ákæru svo sem hér segir:

1. Brot gegn ákvæðum 233. gr. sæta opinberri ákæru.
2. a. Brot gegn ákvæðum 230., 231. og 232. gr. sæta opinberri ákæru eftir kröfu þess manns, sem misgert var við.
  - b. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið beint að manni, sem er eða verið hefir opinber starfsmaður, og aðdróttunin varðar að einhverju leyti það starf hans, eða hún myndi, ef sönn væri, baka honum embættis- eða sýslunarmissi, þá skal slíkt brot sæta opinberri ákæru eftir kröfu hans.
  - c. Hafi ærumeiðandi aðdróttun verið borin fram skriflega, en annaðhvort nafnlaust eða með rangri eða tilbúinni undirskrift, skal brotið sæta opinberri ákæru, ef sá krefst þess, sem misgert var við.
3. Mál út af öðrum brotum getur sá einn höfðað, sem misgert er við.

## XXVI. KAFLI

### Auðgunarbrot.

243. gr.

Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refska, að þau hafi verið framín í auðgunarskyni.

244. gr.

Þjófnaður á fjármunum eða orkuforða varðar fangelsi allt að 6 árum.

Ef þjófnaðarbrot er sérstaklega stórfellt, svo sem vegna verðmætis þess, sem stolið var, eða hvernig hinu stolna eða geymslu þess var háttað, vegna aðferðarinnar, sem höfð var við þjófnaðinn, eða hættu, sem honum var samfara, svo og þegar þjófnaður er framinn af mörgum í sameiningu eða sami maður hefir gerzt sekur um marga þjófnaði, þá skal refsing að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.

245. gr.

Gripdeild varðar sömu refsingu sem þjófnaður.

246. gr.

Ef maður kastar eign sinni á fundna muni eða muni, sem án aðgerða hans eru komnir í vörzlur hans, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

247. gr.

Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefir í vörzlum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refskað fyrir það samkvæmt 1. mgr., hvort sem honum hefir verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sinu fé eða ekki.

248. gr.

Ef maður kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hefir þannig fé af honum eða öðrum, þá varðar það fangelsi allt að 6 árum.

249. gr.

Ef maður, sem fengið hefir aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefir fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu

sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þvingja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.

19  
12. febr.

#### 250. gr.

Fyrir skilasvik skal refsa með allt að 6 ára fangelsi hverjum þeim, sem sekur gerist um eftirgreinda verknaði:

1. Synjar fyrir að hafa tekið við peningaláni eða öðru láni til eignar eða greiðslu, sem endurgjald á að koma fyrir, eða synjar efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna.
2. Selur, veðsetur, tekur undir sig eða ráðstafar á annan hátt fjármunum sínum, sem annar maður hefir eignast þau réttindi yfir, að verknaðurinn verður ekki samrímur réttindum hans.
3. Hefst nokkuð það að, eftir að bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, eða eftir að tilraunir til nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi hans eru byrjaðar, sem miðar að því, að eigur eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum þess að gagni.
4. Skerðir rétt einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum hans með því að gefa rangar upplýsingar, með undanskoti eigna, málamynda-gerningum, ótilhlýðilega miklum gjöfum eða mikilli eyðslu, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð, greiðslu eða tryggingu ógjaldkræfra krafna eða tiltölulega hárra gjaldkræfra krafna, stofnun nýrra skulda, sem að mun rýra efnahag hans, eða með öðrum svipuðum hætti.

Nú hefir verknaður, sem í 4. tölulið getur, verið framinn til þess að draga taum einhvers lánardrottins öðrum til tjóns, og skal þá því aðeins refsa lánardrottinum, að hann hafi komið skuldunaut til að framkvæma ívilnunina á þeim tíma, er lánardrottinn sá, að gjaldþrot eða greiðslustöðvun vofði yfir.

Nú hefir brot verið framið, sem lýst er í 4. tölulið, án þess að nokkur sérstaklega tryggður réttur sé skertur eða án þess að árangurslaus aðfarargerð, gjaldþrot eða samningsráðstafanir um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar hafi á eftir fylgt, og skal þá því aðeins mál höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

#### 251. gr.

Hver, sem hefir fé af öðrum með því að hóta manni að beita hann eða nána vandamenn hans líkamlegu ofbeldi, svipta hann eða þá frelsi, eða að hafa upp rangan sakburð um refsiverða eða vansæmandi háttsemi hans eða náinna vandamanna hans, eða annan slíkan sakburð, þótt sannur sé, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér vegna málefnis þess, er hótunin beinist að, eða loks með því að hóta honum að valda verulegum skemmdum eða eyðileggingu á eignum hans, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.

#### 252. gr.

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan þlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefir í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi.

#### 253. gr.

Hafi maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér með löggerningi hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur munur sé á hagsmunum þessum

19 og endurgjaldi því, sem fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu  
12. febr. veittir án endurgjalds, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 254. gr.

Ef maður heldur, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247.—252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefir verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt í ávinningnum af slíku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slíkum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt, að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skal honum refsað með allt að 4 ára fangelsi. Refsing má þó vera varðhald eða sektir, ef sá, sem fyrir sök er hafður, hafði í upphafi komizt ráðvandlega að verðmætum þeim, er aflað hafði verið með auðgunarbroti.

Nú standa brot þau, er í 1. mgr. segir, í sambandi við verknað, er varðar við 246. eða 253. gr., og skal þá refsað með sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

## 255. gr.

Nú hefir maður, sem til refsingar skal dæma fyrir eitthvert auðgunarbrot þeirra, sem hér að framan greinir, áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, og má þá hækka refsinguna um allt að helmingi af þeirri refsingu, sem hann hefði annars hlotið. Hafi hann áður verið dæmdur oftár en einu sinni fyrir auðgunarbrot, þá má refsingin vera tvöfalt þyngri, og þegar svo stendur á, getur refsing fyrir rán orðið æfilangt fangelsi.

## 256. gr.

Nú hefir eitthvert brot verið framið, sem varðar við 244.—250. gr., 253. eða 254. gr., en einungis er um smáræði að tefla, og má þá, ef sökunautur hefir ekki áður verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, færa refsingu niður í varðhald eða sektir, eða jafnvel láta hana falla að öllu leyti niður.

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 50 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefir ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

Nú hefir brot, sem í 244.—250. og 254. gr. getur, komið niður á nánum vandanum, og má þá láta málssókn falla niður, ef vandamaðurinn æskir þess.

## XXVII. KAFLI

## Ýms brot, er varða fjárréttindi.

## 257. gr.

Hver, sem ónýtir eða skemmir eigur annars manns eða sviptir hann þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hafi mikil eignaspjöll verið gerð, eða brot er að öðru leyti sérstaklega stórfellt, eða hafi hinn seki verið áður dæmdur fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar eða 164., 165., fyrri mgr. 168., fyrri mgr. 176. eða 177. greinar, þá má beita fangelsi allt að 6 árum.

Ef verknaður, sem lýst er í 2. mgr. hér að ofan, hefir verið framinn af gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 1. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

## 258. gr.

Ef maður kemur í veg fyrir það með spjöllum á eignum sínum eða undanskoti þeirra, að lánardrottinn hans, einn eða fleiri, geti fengið greiðslu af þeim, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

Um málshöfðun út af brotum samkvæmt þessari grein fer eftir sömu reglum sem í síðustu mgr. 250. gr. getur.

19  
12. febr.

259. gr.

Hver, sem heimildarlaust notar hlut annars manns og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, skal sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefir í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum samkvæmt grein þessari skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

260. gr.

Hver, sem gerist sekur um gertæki, skal sæta sektum. Út af broti þessu skal ekki höfða opinbera málssókn.

261. gr.

Hafi maður drýgt athafnir samskonar þeim, sem í 248.—250. gr. getur, án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári.

262. gr.

Ef bókhaldsskyldur maður lætur hjá liða að halda lögskyldar bækur eða gerist sekur um stórfellda óreglusemi í bókhaldinu, þá varðar það sektum eða varðhaldi.

263. gr.

Ef maður kaupir eða tekur við hlutum, sem fengnir hafa verið með auðgunarglæp, og hann hefir við móttökuna eða kaupin sýnt af sér stórfellt gáleysi, þá varðar það sektum eða varðhaldi. Ef brot er ítrekað, eða hafi sökunautur áður gerzt sekur um auðgunarbrot, þá má beita fangelsi allt að 6 mánuðum.

## XXVIII. KAFLI

### Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.

264. gr.

Nú á maður að lögum að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, eða maður hefir reynzt sekur um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns eða aðra meingerð, sem telja má drýgða af illfýsi, og má þá dæma hann til að greiða þeim, sem misgert er við, auk bóta fyrir fjártjón, ef því er að skipta, féggjald fyrir þjáningar, hneisu, óþægindi, lýti og óprýði, svo og fyrir röskun á stöðu eða högum.

Dæma má þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða þeim, sem við það hefir misst framfæranda, bætur fyrir tjón það, er ætla má, að af því leiði fyrir hann. Ákveða má bæturnar með tiltekinni fjárhæð í eitt skipti fyrir öll eða með fjárframlögum, sem greiðist á tilteknum tímum, og skal þá jafnframt ákveða, hvort trygging skuli sett fyrir greiðslu þeirra. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein segir, má einnig dæma bætur fyrir röskun á stöðu og högum.

Krafa um bætur fyrir annað tjón en fjártjón gengur í erfð, hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefir verið gerð fyrir dómi í opinberu máli eða komið fram í málshöfðunarskipun eða stefnu. Ekki má framselja slíka kröfu, nema hún sé viðurkennd eða dæmd.



19

12. febr.

265. gr.

Nú sviptir maður eða reynir að svipta annan mann lífi, svo að refsivert sé eftir 211. gr., gerist sekur gagnvart honum á þann hátt, sem lýst er í 220. eða 221. gr., enda hafi það dauða hans í för með sér, eða veldur dauða hans af gáleysi með líkamsárás, svo að refsivert sé eftir 217. eða 218. sbr. 215. gr., og glatar þá sökunautur rétti sjálfum sér til handa til þess arfs, er háður var dauða hins.

Hafi maður visvitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinan legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, eftir því, sem í 66. eða 233. gr. segir, meiði mjög æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann í opinberu máli til þess að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

Nú hefir maður fyrirgert erfðarétti með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu eða nokkru leyti með erfðaskrá.

266. gr.

Hafi fangi, sem ekki er að taka út refsingu, eða fangi, sem afplánar dagsektir eða meðlagsgreiðslur, gerzt sekur um agabrot, má ákveða honum sömu viðurlög og mælt er í 47. gr. um varðhaldsfanga, eftir því, sem nánar skal ákveðið í konunglegri tilskipun. Þó mega þau viðurlög ekki hafa í för með sér lenging fangelsisvistarinnar.

Beita má ákvæðum 48. gr. um slíka fanga eftir því, sem við á.

267. gr.

Nú hefir barn framið brot, áður en það varð 15 ára gamalt, og skal þá lög-reglustjóri í samráði við barnaverndarnefnd (skólanefnd) beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum. Ef nauðsyn ber til af þessum sökum að svipta mann foreldravaldi yfir barni, getur dómsmálaráðherra gert það, og getur hann einnig tekið ákvörðun um það, að forsjá barns skuli falin öðrum. Mega þær ráðstafanir haldast til 18 ára aldurs.

## XXIX. KAFLI

## Um gildistöku laganna o. fl.

268. gr.

Nú er heimilað að dæma í refsivist eftir lögum, sem ekki eru felld úr gildi með þessum lögum, og skal þá breyta tegundum refsivistar sem hér segir:

Fyrir fangelsi, án nánari tilgreiningar, og fyrir fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi kemur varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

Fyrir einfalt fangelsi kemur varðhald.

Fyrir fangelsi við vatn og brauð kemur fangelsi um fjórum sinnum lengri  
tíma, þó ekki skemur en 12 daga.

Fyrir hegningarvinnu kemur fangelsi um jafnlangan tíma.

269. gr.

Nú er í eldri löggjöf skírskotað til ákvæðis í lögum, sem felld eru úr gildi með lögum þessum, og skal þá líta svo á, að skírskotunin eigi við þá reglu þessara laga, sem skyldust er nefndu ákvæði.

270. gr.

Nú á maður eftir, þegar lög þessi taka gildi, að þola refsivist samkvæmt refsí-  
ákvörðun, er gerð hefir verið fyrir gildistöku laganna, og skal dómsmálaráðherra

þá breyta refsitegundinni eftir reglum þeim, sem í 267. gr. segir. Maður, sem 19  
dæmdur hefir verið til hegningarvinnu, skal fá styttingu refsitima eftir því, sem 12. febr.  
mælt er í 14. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákvörðun dómsmálaráðherra samkvæmt grein þessari má skjóta til hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

## 271. gr.

Meðan ekki er til sérstök varðhaldsstofnun, má láta varðhaldsfangna taka út refsingu í sömu fangelsisstofnun og fanga þá, sem í fangelsisvist hafa verið dæmdir. Þó skal halda varðhaldsföngum aðgreindum frá öðrum föngum eftir því, sem kostur er á.

## 272. gr.

Lög þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir að þau hafa hlotið staðfestingu konungs.

## 273. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

N. L. 5.—2.—75.

Almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júní 1869.

Tilsk. 12. marz 1870, um uppreist á æru o. fl.

Tilsk. 5. jan. 1874, um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.

Lög nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför, 38. gr.

Lög nr. 14 9. ágúst 1889, um bann gegn eftirstæling peninga og peninga-seðla o. fl.

Lög nr. 16 18. sept. 1891, um bann gegn eftirstæling frimerkja og annarra póstgjaldsmiða.

Lög nr. 21 6. nóv. 1897, um uppreist á æru án konungsúrskurðar.

Lög nr. 41 8. nóv. 1901, um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum.

Lög nr. 16 20. okt. 1905, um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.

Lög nr. 39 16. nóv. 1907, um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglunga.

Lög nr. 34 3. nóv. 1915, um dýraverndun, 1. gr.

Lög nr. 6 4. júní 1924, um breyting á 182. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Lög nr. 13 8. júní 1925, um sektir.

Lög nr. 51 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfnum og viðauka við hana.

Lög nr. 4 13. maí 1929, um viðauka og breyting á lögum nr. 13 frá 8. júní 1925, um sektir.

Lög nr. 57 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 51 7. maí 1928.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

20

12. febr.

## L Ö G

## um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Borgarhreppi í Mýrasýslu hálfan Víðidal (hálfan Víðidal allan) eins og hún hefir eignazt hann með makaskiptasamningi dags. 20. marz 1937.

2. gr.

Söluverðið sé 600 krónur og greiðist með  $\frac{1}{10}$  við afsal, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á 28 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

21

12. febr.

## L Ö G

## um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Síðari málsgr. 24. gr. laganna orðist þannig:  
Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðveggar greiðast úr ríkissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

22

12. febr.

## um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

a. Í stað 1. málsl. 3. málsgr. 3. gr. laganna kemur:

Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt, að viðlagðri allt að 3000 kr. sekt til ríkissjóðs, að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hver aðili um sig getur krafizt yfirmats samkv. 53. gr.

b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Mál út af brotum gegn ákvæðum þessarar málsgreinar skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

23

12. febr.

## um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup

23  
12. febr.

þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð, að undanskildum júní- og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 7 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

Ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að láta kaupgreiðanda í té tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslu sé að ræða. Kaupgreiðanda er skylt að láta útsvarsgreiðanda slíka kvittun í té í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir útsvarsgreiðslurnar til bæjar- eða hreppssjóðs.

- b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, farmenn, fiskimenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi eða mánaðarkaupi, og skal hann þá skyldur til, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd tilkynnir honum, eftir sömu reglum og í a-lið segir, að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta allt að 10% af kaupi útsvarsgreiðanda. Ekki má krefja útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar. Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarpophæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana.

Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr býtum.

Nú tekur fiskimaður aflahlut að launum og selur hann öðrum, og færist þá ofangreind skylda yfir á kaupanda aflahlutar.

Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

- c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

Nú ber svo til, að útsvarsgreiðandi hefir verið krafinn af kaupgreiðanda, einum eða fleirum, um hærri upphæð en útsvar hans nam á gjaldárinu, og er bæjarsjóði eða sveitarsjóði þá skylt að endurgreiða þá upphæð til viðkomandi útsvarsgreiðanda eða heimilis hans, ekki síðar en viku eftir að bæjar- og sveitarsjóði barst hún.

Útsvarsgreiðandi á í þessum tilfellum aldrei kröfu á kaupgreiðanda um endurgreiðslu, en bæjar- eða sveitarsjóði er jafnan skylt að endurgreiða útsvarsgreiðanda, án tillits til, hvort kaupgreiðandi hefir staðið í skilum eða ekki. Hið sama gildir, ef útsvarsgreiðandi hefir kært útsvar sitt og fengið það lækkað.

- d. Verzlanir, iðnfyrirtæki, skráð útgerðarfélag og önnur sambærileg útsvarskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða féлага, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðslu-upphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðarfjöldna þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæðina.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar grein- **23**  
ar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum 12. febr.  
sjálfum.

2. gr.

3. málsgr. 29. gr. laganna fellur úr gildi hinn 1. október 1940.

3. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsgr. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi  
eða aukarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

### um hafnargerð í Stykkishólmi.

24

12. febr.

**Vér Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og  
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og  
Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með  
samþykki Voru:

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar í Stykkishólmi í Snæfellsnessýslu, samkv. á-  
ætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt,  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess  
í fjárlögum, allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn  
 $\frac{3}{5}$  hlutum frá hafnarsjóði Stykkishólmshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr.  
120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Stykkis-  
hólms kann að taka, gegn ábyrgð Stykkishólmshrepps og sýslusjóðs Snæfellsnes-  
sýslu, en þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði  
og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikn-  
ingshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum vita-  
málastjórnar ríkisins og hafnarnefndar Stykkishólms.

24

12. febr.

4. gr.  
Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Stykkishólms. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Stykkishólms.

5. gr.

Meðfram strandlengjuni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Stykkishólms. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms fer með stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrjár menn, kosnir af hreppsnefnd Stykkishólms. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr. 24
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Stykkishólmshöfn, og farmi þeirra: 12. febr.
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjagjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Stykkishólms semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2. a., b. og c.

#### 11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlægum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

#### 12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

#### 13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

#### 14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

#### 15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrir má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

#### 16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.



24

12. febr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

25

12. febr.

## Í Þ R Ó T T A L Ö G

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### I. KAFLI

#### Um stjórn íþróttamála.

##### 1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

##### 2. gr.

Fræðslumálastjórnin hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar fræðslumálastjórninni um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

##### 3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem kennslumálaráðherra setur. Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiddast laun hans úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþróttá í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.

4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál. 25
  5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu 12. febr.
  6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
  7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.
- Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

#### 4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

## II. KAFLI

### Um íþróttasjóð.

#### 5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

#### 6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþróttar og aukinnar íþróttamenntunar.

Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga.

#### 7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.

- 25 3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.

12. febr.

#### 8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þess:

1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.
3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþróttar.

#### 9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

#### 10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðila, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis- í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

### III. KAFLI

#### Um íþróttir í skólum.

#### 11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

#### 12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiþróttir.

#### 13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlífgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið 25 samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti 12. febr. skal kenna sund með námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfmánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Fræðslumálastjórn setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.

#### 14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenskri glímu. Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.

#### 15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Fræðslumálastjórn setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjöldi fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

#### 16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

#### 17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþróttar og skaðsemi eiturnautna.

#### 18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

#### 19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

### IV. KAFLI

#### Um íþróttakennslu.

#### 20. gr.

Enginn getur öðlzt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlzt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

25 12. febr. Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnt kennslu í skólum og íþróttafélögum. Heimilt er fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga menn, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttgreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

#### 21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu annast próf í þessum greinum við íþróttakennarapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur í íþróttum.

#### 22. gr.

Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

#### 23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er völ á sérkennara. Undanþegnir íþróttanámi í kennaraskólanum skulu þeir karmenn, sem sýna með læknisvottorði, að þeir geti ekki stundað það nám. Konur, sem þess æskja skriflega, skulu ennfremur undanþegnar íþróttanámi. Fræðslumálastjórn setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttgreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

### V. KAFLI

#### Um frjálsa íþróttastarfsemi.

#### 24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaiþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttgreinum, nema lækni hafi áður skoðað hann.

## 25. gr.

25

12. febr.

Skipta skal landinu niður í ípróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um ípróttaiðkanir. Ípróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Ípróttanefnd og ípróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um ípróttamál í ípróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal ípróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjórnar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður ípróttanefndar og ípróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök ípróttaaðila hafa myndast, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

## 26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmála-skoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækni-seftirlit með ípróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

## VI. KAFLI

## Ýms ákvæði.

## 27. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir ípróttamannvirki, sem styrkt eru úr ípróttasjóði, eða ípróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

## 28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir styrk úr rikissjóði eða ípróttasjóði til mannvirkja eða ípróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til ípróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Ípróttanefnd sér um, að þær komi að notum til ípróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

## 29. gr.

Viðurkenndir skólar og ípróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun ípróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til ípróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

## 30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar ípróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

## 31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og ípróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.

25 Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla  
12. febr. fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

26  
12. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. okt. til 30. nóv. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

### 2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“, bætist: lengd dráttarlína.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**  
um friðun Eldeyjar.

27

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Bannað er að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar.

## 2. gr.

Eigi má granda fuglum né eggjum á Eldey, jarðvegi né neinu því, er þýðingu hefir fyrir fuglalíf, né heldur má nokkrum öðrum hlutum spilla þar eða ræna.

## 3. gr.

Greiða skal bætur þeim, er leigurétt hefir á eyinni, svo að hann verði skaðlaus af. Náist ekki samningar um bætunarnar, skal um þær fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

## 4. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, 500—5000 kr.  
Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða sektum, 100—10000 kr.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**L Ö G**  
um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

28

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Þó er ráðherra heimilt að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur er ráðherra heimilt að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.



28

12. febr.

Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. laga þessara varðar 200 króna sekt í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, og tvöfaldast sektin við hverja ítrekun brots, allt að 800 kr.

4. gr.

Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þau.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

29

12. febr.

## L Ö G

### um breyting á lögum nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

30

12. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar  
á Hvalfjarðarströnd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Þórisstaða í Svinadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, á svonefndum Kúvallareyrum, allt að 30 ha. að stærð, enda taki það ekki til þess lands, sem nú er innan Vatnaskógargirðingarinnar. Andvirði hins selda lands verði varið til túbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ, og njóta þær jarðabætur, sem fyrir andvirði hins selda lands eru gerðar, ekki styrks samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936 (jarðræktarlögum).

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## P Ó S T L Ö G

31

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## I. KAFLI

## Umönnun og skil póstsendinga.

## 1. gr.

Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

- a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað

- 31  
12. febr.
- b. *Bögglum* með áletraðri utanáskrift.
  - c. *Skrásettum bréfaþóstsendingum*. Öll þau bréf skulu vera skrásett, sem gjaldgeng mynt er lögð í, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sé tilgreind. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, sbr. 22. gr.
  - d. *Bréfaþóstsendingum og bögglum með tilgreindu verði* með áletraðri utanáskrift. Tilgreint verð má ekki vera hærra en sannvirði innihaldsins. Fullt verð sendingar þarf ekki að tilgreina, nema beðizt sé talningar, þegar sendingin er látin á póst.
  - e. *Póstávisunum*.
  - f. *Póstkröfum* á bréfaþóstsendingum og bögglum.
  - g. *Póstinnheimtum*.
  - h. *Blöðum og tímaritum*, sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skal telja sérhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það á að koma út einu sinni eða oftár á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur ekki yfir 500 g.
- Póststjórnin setur með reglugerð (sbr. 26. gr.) ákvæði um nánari skilyrði fyrir því, að sendingar þær, sem taldar eru undir liðunum a—h, séu teknar til póstflutnings, meðal annars um stærð sendinganna, þyngd böggla, hámarksupphæð póstávisana, póstkrafna og póstinnheimtusendinga, svo og gerð eyðublaða og notkun.

### 2. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 1. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, og gera ákvarðanir, svo sem:

- a. Að ákveða, hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda.  
Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kilometra frá pósthúsi, nema innansveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss, eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
  - b. Að ákveða, hvort útburður póstsendinga skuli framkvæmdur á kostnað póstsjóðs á vissum svæðum.
  - c. Útburð póstsendinga með hraðboða.
  - d. Blaðaáskriftir, sendingu útgefandaprents og póstáritun blaða og tímarita.
  - e. Útgáfu ferðapóstávisana.
  - f. Póstitékk- og póstfærslu-starfsemi (póstgiro).
  - g. Staðfestingu á innihaldi póstsendinga.
  - h. Vátryggingu fram yfir áritað verð.
  - i. Útgáfu skilríkisspjalda.
  - j. Útbýtingu á utanáskriftarlausum sendingum.
  - k. Flutning á farþegum og póstbögglum með bifreiðum.
  - l. Að ákveða aukagjald fyrir flutning póstsendinga loftleiðis.
  - m. Innheimtu á opinberum gjöldum, svo sem tollum og afnotagjöldum útvarps.
  - n. Sölu greiðslumerkja.
- Nánari ákvæði um framkvæmd þessara starfa, svo og gjaldskrá fyrir þau, setur póststjórnin með reglugerð (sbr. 26. gr.).

### 3. gr.

Með póstum má ekki flytja:

- a. Hluti, sem bannað er að dreifa út, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.

- b. Hluti, sem hættu er búin af að flytja, svo sem hluti, er auðveldlega getur kviknað í við núning, loftaðstreymi, þrýsting eða á annan hátt, sprenghætta og ætandi hluti, og hluti, sem sýkingarhætta getur stafað af, svo og daunilla hluti og hluti, sem sérstakir erfiðleikar eru á að flytja vegna þyngdar, lögunar eða ófullnægjandi umbúnaðar. Póststjórninni skal þó heimilt að veita undanþágu fyrir slíka hluti, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af flutningi þeirra eins og frekast er unnt, með sérstökum ráðstöfunum, og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.
- c. Hluti þá til útlanda, sem bannaður er flutningur á samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða sérsamningum við önnur ríki.

Leiki grunur á, að sendingu beri að útiloka frá pósthúsi, getur pósthúsin krafist þess, að sendingin sé opnuð í viðurvist póstmanns af sendanda eða viðtakanda, ef svo ber undir. Sé kröfunni ekki sinnt, má pósthúsin neita sendingunni viðtöku eða, sé hún komin í hennar vörzlur, fara með hana eins og sendingu, sem eigi verður komið til skila.

Sé þagað um innihald þesskonar sendinga eða rangt frá skýrt, á pósthúsin heimting á bótum frá sendanda fyrir skaða þann, sem kann að hljóta af flutningi sendinganna, auk þess sem sendandi skal sæta sektum samkv. 22. gr., nema þyngri refsing liggja við.

#### 4. gr.

Umönnun og skil póstsendinga, sem getið er um í 1. grein, nær til flutnings þeirra milli pósthúsa, til að safna þeim saman úr bréfaöksum, láta þær í pósthólf, gera aðvart um þær og að bera þær út til viðtakenda á þeim stöðum, þar sem slíku útburði er komið á (sbr. 2. gr. b.).

## II. KAFLI

### Einkaréttur pósthúsnarinnar, þagnarskylda póstmanna, pósthúsnend m. m.

#### 5. gr.

Pósthúsin hefir, með þeim undantekningum, sem nefndar verða í þessari grein, einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

1. Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
2. Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í pósthúsi, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent útfyllt með skrift.
3. Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum og útfylltum með skrift. Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram í transit yfir íslenskt pósthúsnæði eða með íslensku pósthúskipi, skulu þegar í stað afhentar pósthúsninni.
4. Í bæjum, þar sem komið hefir verið á daglegum útburði pósthúsnbréfa, má enginn reka það sem atvinnu, að safna saman, flytja eða bera út bréfaþóstsendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a., c. og d.

Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á pósthúskipum, vagnstjórar eða farþegar á sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis utan pósthúsku sendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a., c. og d.

Þó eru þessar undanþágu:

- a. Þegar sendingarnar eru frímerktar samkvæmt töxtum pósthúsnarinnar og frímerkinn síðan gerð ógild þannig, að pósthúsin verður ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt sendingarnar séu sendar utan pósts.

31 b. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er  
12. febr. háður.

c. Útgerðarmenn póstkípa, póstvagna og annara sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu frá sérleyfi mega nota þessi flutningatæki sín til þess að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar einnar milli stjórnenda og starfsmanna og starfsmanna sín á milli.

Öllum óviðkomandi er óheimilt að nota merki póst- og símamálastjórnarinnar, póstflúður með stjörnu og örvum í gegn og með kórónu yfir.

Sömuleiðis er einstaklingum og stofnunum óheimilt að hengja upp á almannafæri kassa, er að lit, lögum og gerð eru áberandi líkir bréfastjórnarinnar.

#### 6. gr.

- a. Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það, hvernig aðrir noti póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomanda, þótt hann fari úr þjónustunni.
- b. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, má póststjórnin opna eingöngu í því skyni að komast eftir, hver sendandi sé, svo auðið sé að afhenda honum sendinguna. Skal þetta gert samkvæmt reglum, er póststjórnin setur. Póststjórninni er og heimilt að leyfa opnun sendinga á fyllilega tryggan hátt í öðrum tilfellum, þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings þeirra eða til þess að rannsaka og koma í veg fyrir skemmdir, sem sending kann að verða fyrir í pósti.
- c. Vald það, sem dómendum og lögreglustjórum er veitt að lögum til þess að krefjast í sérstökum tilfellum upplýsinga um notkun póstsins, opna póstsendingar til annara m. m., má eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar veita öðrum hliðstæðum yfirvöldum, einkum tollyfirvöldum, þegar nauðsynlegt þykir til framkvæmda á ákvæðum gildandi laga um eftirlit með inn- og útflutningi.

### III. KAFLI

#### Um póstferðir og póstflutning.

#### 7. gr.

Póststjórnin skal sjá um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún á sjálf, eða með öðrum farkosti, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

#### 8. gr.

- a. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til, er þess er krafist, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni.
- b. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að, og er útgerðarmanni eða félagi skylt að sjá um, að póstflutningnum sé skilað á rétta staði á réttum tíma.
- c. Samkvæmt hinu almennu löggjöf um skaðabótaskyldur ber útgerðarmaður eða félag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum, á meðan hann er í vörzlum hans.

#### 9. gr.

- a. Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka bréfa- og blaðapóst til flutnings, ef þess er óskað.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sé hlýtt.

31

- b. Hvert skip, sem fer frá höfn á Íslandi til útlendra eða innlendra hafna, er skyldugt að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, ef þess er krafizt.
- c. Sé skip í reglubundnum flutningaferðum, er það skyldugt til þess að taka til flutnings allskonar póstsendingar, og skal póststjórninni heimilt að hengja upp í skipum þessum læsta póstbréfa-kassa, þar sem hentugast þykir, og krefjast þess, að fyrir verðbréfa- og bögglapóst sé haldið auðu plássi allt að 3 teningsmetrum.
- d. Útgerðarmenn, útgerðarfélag og skipstjórar skipa, sem starfrækja reglubundnar flutningaferðir, skulu skyldir til í tæka tíð að senda póststjórninni áætlun um ferðir skipa sinna, svo og tilkynna henni tafarlaust allar þær breytingar, sem kunna að verða á áætluninni síðar.
- e. Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenskri höfn eða milli íslenskra hafna og eigi eru í áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að póstflutningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefir verið, nema póstflutningurinn sé áður kominn á skip.
- f. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að honum. Verði skip fyrir áföllum eða strandi, ber skipstjóra og skipshöfn að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til bjargar póstflutningnum og koma honum áleiðis til næsta pósthúss.
- g. Neyðist skipstjóri til þess að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann tilkynna pósthúsinu á staðnum, eða ef ekkert pósthús er, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi póstflutning meðferðis, og fara eftir ráðstöfunum þeim, sem þá kunna að verða gerðar og honum verður frá skýrt.
- h. Þegar skipstjóri kemur á ákvörðunarstað, skilar hann tafarlaust póstflutningi og bréfa-kössum á pósthúsinu á staðnum.
- i. Samkvæmt hinn almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða útgerðarfélag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum frá því við honum er tekið til útskipunar og þar til hlutaðeigandi pósthús hefir tekið við honum gegn kvittun án athugasemda.

## 10. gr.

Loftför eru skyldug til, eftir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, eftir því sem rúm og burðarmagn leyfir.

## 11. gr.

Verði landpóstur eða fargögn þau, sem póstur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða þurfi þeir af öðrum ástæðum aðstoðar við til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað, gegn sanngjarnri borgun, að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem hann getur í té látið.

Skyldir eru menn að víkja úr vegi fyrir póstlest eða póstbifreiðum, þegar merki er gefið í hæfilegri fjarlægð.

## 12. gr.

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.

## IV. KAFLI

## Um burðargjöld og aðrar póstagreiðslur.

## 13. gr.

Ráðherra sá, er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, ríkisburðargjaldið fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 1. gr. a—h.

Staðartaxta, burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, ákveður póststjórnin, sbr. 2. gr. a., svo og aukagjald, er taka skal fyrir verðsendingar og böggla, sem eigi hafa farið úr vörzlu póststjórnarinnar, en eiga að sendast lengri veg en utanáskrift segir, eða endursendast til upprunastaðar. Fyrir áfram- eða endursendingu annara sendinga en verðsendinga og böggla skal ekki greiða aukagjald. Fyrir bréf, sem eftir utanáskriftinni eiga aðeins að fara um svæði, sem staðartaxti gildir um, skal þó greiða viðbótargjald, ef bréfið á að fara út fyrir það svæði, og nemur viðbótargjaldið mismun burðargjaldanna, ef bréfið er fullfrimerkt fyrir staðartaxta. Sé slíkt bréf vanfrimerkt eða ófrimerkt, reiknast burðargjaldið samkvæmt ríkistaxta.

Burðargjöld þau, sem ákveðin eru samkvæmt þessari grein, skulu greidd fyrirfram fyrir: skrásett bréf, bréf með tilgreindu verði, böggla, póstávísanir, póstkröfur, móttökukvittanir, prent, sýnishorn af vörum, verzlunarskjöl, blindaprent, blöð og tímarit samkvæmt h-lið 1. gr., bréfsþjöld og bréf, sem eru opin, eða utan á þau ritað, svo að móttakandi getur ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, sendingar til konungs og konungsettingja, sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum bréfum, sem eru frá öðrum en þessum aðilum, þegar þau eru aðeins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni.

Sendendur eru skyldir til að greiða eftir á bæði burðargjald, sem af vangá kann að hafa láðst að krefja um, þegar sendingin er póstlögð, svo og burðargjald fyrir þær sendingar, sem eigi eru leystar út af viðtakendum, ef póststjórnin krefst þess.

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar bréfasendingar, og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald. Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

## 14. gr.

Gjaldfrjálsar innan hins íslenska póstsvæðis skulu vera allar þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frigengar í alþjóðapóstþjónustunni. Ennfremur allar póst- og símaembættissendingar innan póst- og símastofnunarinnar.

Að öðru leyti er engin undantekning frá burðargjaldsskyldu.

Til þess að borga undir sendingar, sem ríkissjóður endurgreiðir burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrimerki. Nánari reglur um þetta, svo og um reikningsskilin, skal setja í reglugerð þeirri, sem um getur í 26. gr.

## 15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hér á eftir, skal sendandi greiða gjöld, sem póststjórnin ákveður:

- fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu,
- fyrir að setja á merki, sem þörf er á,
- fyrir að búa um peningabréf (þar með talið lakk til innsiglis),
- fyrir að skrifa utan á sendingu,
- fyrir að fylla út fylgibréf eða póstávísun.

Ennfremur er pósthjónninn heimilt að ákveða og taka gjöld fyrir að annast, eftir beiðni viðtakanda, leiðréttingu á utanáskrift sendinga til þeirra, er þeir t. d. hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumardvöl eða fríum), og fyrir að geyma böggla fram yfir tilsettan tíma. 31 12. febr.

## 16. gr.

Pósthúsin skulu láta sendendum ókeypiss í té kvittanir fyrir skrásettum sendingum, sendingum með tilgreindu verði, póstávisunum, póstinnheimtubréfum, sendingum með þjónustufrimerkjum, og fyrir blöðum og tímaritum samkvæmt h-lið 1. greinar.

Kvittanir skulu látnar í té annaðhvort í póstkvittunarbækur, sem pósthjónninn býr til og eiga að vera til sölu á pósthúsunum fyrir ákveðið verð, sem pósthjónninn setur, eða á eyðublöð, sem pósthjónninn gefur út.

Sé kvittað í póstkvittunarbók, ber sendanda sjálfum að færa sendingarnar inn í hana í rétta dálka. Einnig má krefjast þess af sendanda, að hann fylli sjálfur út kvittanaeyðublað eins og texti þess segir til um.

Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á pósthjónninn, má pósthjónninn setja þær allar á sömu kvittun.

Fyrir almenn bréf og aðrar sendingar, sem ekki eru skrásettar eða engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar kvittanir.

## 17. gr.

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frimerki, þar í talin álimd og áprentuð almenn frimerki og þjónustufrimerki og ástimplanir frimerkjavéla, sem pósthjónninn löggildir.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit samkvæmt 1. gr. h. skal greiða í peningum. Sendendum ber sjálfum að frimerkja sendingar sínar.

Pósthjónninn er heimilt að búa til eða láta búa til frimerki, spjaldbréf, bréfsþjöld, umslög og því um líkt, með áprentuðum frimerkjum með þeim verðupphæðum, sem hún álitur haganlegt, og skulu þau vera til sölu á öllum pósthúsum.

Ennfremur er pósthjónninn heimilt að láta prenta frimerki á umslög og bréfsþjöld, sem búin eru til af einkafyrirtækjum, svo og að stimpla sendingar með frimerkjastimplum fyrir burðargjaldinu eða öðrum stimplum, er sýni, að það sé greitt.

Pósthjónninn lætur búa til eyðublöð undir póstávisanir, póströfur, póstinnheimtur, fylgibréf, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

Fyrir bréfsþjöld og önnur eyðublöð með áprentuðum frimerkjum er pósthjónninn heimilt að bæta við hæfilegu álagi fyrir kostnaði.

Fyrir sölu á frimerkjum og eyðublöðum með áprentuðum frimerkjum greiðast samkvæmt reglum, er pósthjónninn setur, 4 af hundraði.

Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frimerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign pósthjónnarinnar um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.

Öllum er óheimilt að nota í öðrum viðskiptum en pósthjónninn eyðublöð þau, sem pósthjónninn gefur út og selur.



## V. KAFLI

## Afhending póstsendinga.

## 18. gr.

Sendandi hefir ráðstöfunarrétt yfir sendingu þeirri, sem hann hefir látið á póst, þangað til henni er skilað til viðtakanda, og getur hann þangað til krafizt þess, að hún sé endursend, afhent öðrum en þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða ráðstafað henni á annan hátt.

## 19. gr.

- a. Póstsendingar skal afhenda þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða þeim, er viðtakandi hefir gefið umboð til þess að taka við sendingunni.

Um afhendingu póstsendinga til ópersónulegra viðtakenda, svo sem firma, hlutafélaga, stofnana o. s. frv., setur póststjórnin nánari fyriræli.

Fyrir afhendingu skrásettra sendinga, sendinga með tilgreindu verði, svo og fyrir útborgaðar póstávisanir, póstkröfu- og póstinnheimtuávisanir, skal póststjórnin krefjast löggildrar kvittunar.

- b. Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er utanáskriftin segir til um:
1. Sendingar frá eða til manna, sem eru í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða til rannsóknardómarans.
  2. Sendingar, sem dómarar eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstökum lögum hafa öðlazzt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðunum.
  3. Sendingar til manna, sem eiga bú sín undir skiptum, má afhenda skiptaráðendum, að undanteknum almennum bréfum, sem eru árituð „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.
  4. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.
  5. Um sendingar þær, sem ekki skal afhenda gegn kvittun, setur póststjórnin nánari reglur um, hvernig megi afhenda þær öðrum en viðtakanda og á hvaða hátt, t. d. láta þær í bréfa-kassa.
  6. Póststjórnin setur einnig reglur um afhendingu sendinga, sem kvittun á að taka fyrir, þegar ekki næst til viðtakanda sjálfs til að gefa kvittunina, vegna einangrunar eða sóttnámi.
- c. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til meðferðar, nema sendandi með sérstakri ráðstöfun eða áritun á sendinguna, t. d. „persónulega“, hafi tilkynnt, að sendingin skuli endursendast.

## VI. KAFLI

## Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

## 20. gr.

Glatist skrásett bréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda allt að 60 kr. í skaðabætur.

Sé innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og fullnægt hefir verið nánari skilyrðum, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu. Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 60 krónum.

Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var á bréfinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem

hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótageiðslu, að eignarrétturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sé framseldur henni.

Komist það upp, að verð póstsendingar sé í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávisanir, póströfur og póstinneimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 26. gr.

Hafi póströfusendingin glatazt eða skaddazt, eða þá innihaldið glatazt allt eða eitthvað af því í vörzlum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póströfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún telst til.

Sé póströfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rétt til að heimta, að póströfuupphæðin sé borguð sér af póststjórninni.

Týnist höggusending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrir er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefir verið.

Sendingar eru í vörzlum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt viðtaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sé staður sá, sem sendingin á að fara til, fyrir utan póstsæði Íslands, þá þangað til hún er afhent hlutaðeigandi póststjórn erlendis til frekari fyrirgeiðslu. Glatist póstsending eða skemmist á erlendu póstsæði, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir því sem alþjóðasamningar segja, eða sérsamningar þeir, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

- a. Þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum.
- b. Þegar sending hefir eigi skaddazt að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmt eða aflagazt; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fé var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.
- c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Ráðherra getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugerð.

Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda, eftir því sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peninga-verðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans, og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fékk tilkynningu um vanskilin.

Bæturnar greiðast viðtakanda, þegar hann tekur við sendingunni, annars sendanda.

Póststjórnin er ekki skyldug til að greiða skaðabætur fyrir týndar sendingar eða peningaupphæðir, sem ekki er hægt að sýna póstkvittun fyrir, nema

31 það komi í ljós af bókum pósthjónnarinnar eða sannist á annan óyggjandi hátt, að  
12. febr. sendingin hafi verið látin á póst.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

#### 21. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt hjá póststjórnninni eða pósthúsi innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn eða peningaupphæðin innborguð.

### VII. KAFLI

#### Um brot gegn póstlögunum.

#### 22. gr.

Brot gegn ákvæðum 3., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefir verið ólöglega.

Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnnarinnar.

Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórnninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka rikissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum.

Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

#### 23. gr.

Póststjórnnin ákveður sektir samkvæmt 22. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Fyrir brot á ákvæðum 5. greinar má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim, sem flutt hefir sendinguna, eða þeim báðum.

Ef maður vill eigi una sekt, er póststjórnnin hefir úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfmánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá fara með það að hætti opinberra mála.

Póststjórnninni er heimilt, ef ástæður mæla með, í einstökum tilfellum, að færa ofangreindar sektir niður eða gefa þær upp með öllu.

Ofangreindar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, auk þess sem póststjórnninni er heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um óákveðinn tíma, þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Á sama hátt skal og póststjórnninni heimilt að svipta menn póstsambandi, er gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í póstsjóð.

VIII. KAFLI  
 Ýmisleg ákvæði.

31

12. febr.

## 24. gr.

Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila viðtakanda né endursenda sendanda, skal selja póstsjóði í hag, og setur póstmálaráðherra um það nánari fyrir-mæli. Segi réttur eigandi til sín innan 3 mánaða, eftir að salan hefir farið fram, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir, eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefir inni að halda.

## 25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera undanþágur frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu er tekið upp í alþjóðapóstsamninga eða sérsamninga, sem Ísland hefir undirskrifað.

## 26. gr.

Reglugerðir um framkvæmd á lögum þessum setur póststjórnin eftir þörfum.

## 27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin póstlög, nr. 5 7. maí 1921, og seinni lagaákvæði í sambandi við þau í lögum nr. 3 27. marz 1925, nr. 29 23. júní 1932 og nr. 89 26. apríl 1935, og enn fremur sérhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum og ekki byggjast á samningi, sem Ísland er aðili að.

## 28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
 (L. S.)

*Ólafur Thors.*

FJÁRAUKALÖG  
 fyrir árið 1937.

32

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1937, eru veittar kr. 1683406.73 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 1958846.81 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 3637163.13.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

**1. Póstsjóður:**

1. Póststjórnarkostnaður .....	kr.	1661.15
2. Pósthúsið í Reykjavík .....	—	51296.74
3. Póstafgreiðslur .....	—	652.45
5. Önnur gjöld .....	—	22325.97
	sanntals	kr. 75936.31

af kr. 203160.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**2. Landssíminn:**

a. Til einkasíma í sveitum .....	kr.	14822.18
b. 1. Aðalskrifstofa landssímans .....	—	2835.14
2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	—	43729.70
3. Loftskýtastöðin í Reykjavík .....	—	12181.93
5. Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ..	—	64776.95
7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	—	15349.06
8. — á Seyðisfirði .....	—	3406.61
9. — á Ísafirði .....	—	3088.94
10. Símastöðin á Borðeyri .....	—	2406.31
11. — í Vestmannaeyjum .....	—	5498.94
12. — á Siglufirði .....	—	10807.26
c. Eyðublöð o. fl. ....	—	5710.94
d. Viðbót og viðhald .....	—	7830.24
e. Ferðalög .....	—	625.70
f. Viðhald símanna .....	—	65780.61
g. Framhaldsgjald .....	—	4964.87
h. Til kennslu .....	—	32.90
i. Tillag til skrifstofu í Bern .....	—	868.61
j. Burðargjald .....	—	3550.00
	sanntals	kr. 268266.89

af kr. 278543.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**Eignabreytingar:**

1. Afborganir af lánnum .....	kr.	309.92
2. Til viðauka símakerfa .....	—	10897.05
3. Til nýrra símalína .....	—	18597.35
4. Talstöðvar í bátum .....	—	19153.92
5. Til loftskýtastöðva í skipum .....	—	34044.15
6. Fyrningarsjóður lagður í banka .....	—	27153.06
	sanntals	kr. 110155.45

**3. Áfengisverzlun ríkisins:**

1. Laun starfsmanna .....	kr.	4796.37
3. Húsaleiga, ljós, hiti og annar kostnaður .....	—	8916.43
6. Til menningarsjóðs .....	—	35000.00
7. Lagt til hliðar fyrir útsvari .....	—	40000.00

sanntals kr. 88712.80

af kr. 701663.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**4. Tóbakseinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—7. .... kr. 5090.41  
af kr. 91227.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

32

12. febr.

**5. Ríkisútvarpið:**

a. 1. Laun starfsmanna ..... kr. 24722.40  
2. Útvarpsefni ..... — 17433.17  
3. Skrifstofukostnaður ..... — 16701.92  
4. Húsaleiga, ljós og hiti ..... — 4107.31  
7. Ýms gjöld ..... — 5524.27  
c. Fyrning ..... — 4747.80

..... samtals kr. 73236.87

af kr. 59909.68 umfram fjárlagaáætlun á tekjum ríkisútvarpsins og kr. 95706.90 umfram fjárlagaáætlun á nettóhagnaði viðtækjaverzlunar ríkisins.

**6. Viðtækjaverzlun ríkisins:**

Gjöld 1.—8. .... kr. 103614.84  
af kr. 269321.74 brúttóhagnaði af sölu viðtækja að frádregnum kr. 70000.00 áætluðum nettóhagnaði viðtækjaverzlunarinnar, er rynni til ríkisútvarpsins.

**7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**

Gjöld 1.—10. .... kr. 444808.02  
af kr. 499422.38 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

**8. Landssmiðjan:**

Gjöld 1.—7. .... kr. 115228.35  
af kr. 123553.86 brúttóhagnaði smiðjunnar.

**9. Vífilsstaðabúið:**

Gjöld 1.—5. .... kr. 46024.34  
en brúttótekjur búsinu námu kr. 41563.31.

**10. Kleppsúið:**

Gjöld 1.—5. .... kr. 29146.11  
en brúttótekjur búsinu námu kr. 27083.14.

**11. Reykjabúið:**

Gjöld 1.—7. .... kr. 37739.03  
af kr. 49386.99 brúttótekjum búsinu.

**12. Raftækjaeinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—6. .... kr. 164979.10  
af kr. 298489.36 brúttóhagnaði einkasölnunnar, þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og sýslufélaga af nettóhagnaði.

**13. Bifreiðaeinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—8. .... kr. 65865.22  
af kr. 167257.96 brúttóhagnaði einkasölnunnar, þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og sýslufélaga af nettóhagnaði.

32

12. febr.

## 14. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld 1.—3. .... kr. 52111.01  
af kr. 85092.75 brúttótekjum.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. B. er veitt:

## Arnarhvoll:

Gjöld 2. .... kr. 2491.98  
af kr. 1780.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun og  
kr. 431.94, sem sparast af fjárlagaáætlun á vöxt-  
um af lánum, sem á húsinu hvíla.

## 3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán .....	kr.	48498.15
3. Ensk lán .....	—	23992.26
4. Aðrir vextir .....	—	165134.95

kr. 237625.36

## 4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

## I. Stjórnarráðið, ríkisfóhirðir, ríkisbókhald o. fl.:

2. Til utanferða ráðherra .....	kr.	809.66
3. a. 1. Atvinnumálaráðuneytið .....	—	1150.00
2. Dómsmálaráðuneytið .....	—	11544.06
4. Aðrir starfsmenn .....	—	1074.00
b. Annar kostnaður .....	—	29661.83
4. Ríkisfóhirzla og bókhald:		
a. Laun .....	—	1112.60
b. Annar kostnaður .....	—	1493.69
5. Pappír o. fl. ....	—	902.15
6. Útgáfa stjórnartíðindanna:		
a. Þóknun fyrir ritstjórn .....	—	700.00
b. Pappír og prentun .....	—	2532.25
7. Umbót og viðhald á stjórnarráðshúsi .....	—	3625.32

## II. Hagstofan:

4. Húsaleiga .....	—	301.99
6. Annar kostnaður .....	—	695.03

## III. Utanríkismál o. fl.:

1. d. Til skrifstofuhalds .....	—	246.35
2. Til meðferðar utanríkismála .....	—	4223.76
4. Kostnaður við sambandslaganefnd .....	—	1250.00

61322.69

## 5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1. Hæstiréttur:		
b. Annar kostnaður .....	kr.	7199.28
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra .....	—	3408.48
4. Skrifstofukostnaður lögmansins í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð .....	—	11205.00
b. Húsaleiga o. fl. ....	—	260.00

Flyt kr. 22072.76 kr. 298948.05

	Flutt	kr.	22072.76	kr.	298948.05	32
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:						12. febr.
a. Laun og aðstoð .....	—		7907.14			
b. Húsaleiga o. fl. ....	—		1800.00			
c. Ýmisleg gjöld .....	—		3196.01			
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:						
a. Laun og aðstoð .....	—		6375.00			
c. Ýmisleg gjöld .....	—		10243.47			
7. Toll- og löggæzla:						
a. Í Reykjavík:						
1. Laun og aðstoð .....	—		14539.70			
2. Annar kostnaður .....	—		7729.08			
c. Vegaeftirlit:						
1. Laun .....	—		840.00			
2. Annar kostnaður .....	—		500.00			
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—		33325.00			
9. Til landhelgisgæzlu .....	—		35194.09			
10. Til hegningarhússins í Reykjavík .....	—		795.54			
11. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni .....	—		21343.00			
13. Sakamála- og lögreglumálakostnaður .....	—		21394.22			
14. Borgun til sjódomsmanna .....	—		528.00			
16. Kostnaður við löggildingu voga og mælitækja ..	—		8178.14			
18. Laun sáttasemjara í vinnudeilum .....	—		575.00			
<b>B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:</b>						
1. b. Fyrir embættisskeyti .....	kr.		21532.09			
3. Til embættiseftirlitsferða .....	—		1162.15			
4. Gjöld til skattanefnda, yfirskaðanefnda, skatt-						
stofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar ....	—		14907.07			
5. Til ríkisskattanefndar .....	—		8240.00			
6. Eyðublöð o. fl. ....	—		5145.12			
				kr.	247522.58	

## 6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

## Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála:

11. Landsspítalinn .....	kr.	35000.51			
12. Holdsveikraspítalinn .....	—	3594.38			
13. Kleppur: I. Gamli spítalinn .....	—	3866.62			
— II. Nýi spítalinn .....	—	36163.58			
14. Heilsuhælið á Vífilstöðum .....	—	48475.45			
15. Heilsuhælið á Reykjum .....	—	3014.30			
16. Heilsuhælið í Kristnesi .....	—	7939.04			
18. Önnur gjöld:					
a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkra-					
skýli .....	—	50.00			
m. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með					
alþýðuskólum .....	—	123.80			
r. Til styrktar mönnum, er þurfa gervilimi ....	—	6057.75			
w. Sjúkrastyrkur til Jakobs Lárussonar .....	—	155.50			
19. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna ....	—	627.26			
				—	145068.19

Flyt kr. 691538.82



7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

## A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar .....	kr.	2190.26
4. Til aðstoðar og mælinga .....	—	19878.05
5. Skrifstofukostnaður .....	—	2250.65
II. Þjóðvegir:		
1. Kjósarvegur .....	—	39.40
2. Hafnarfjallsvegur .....	—	173.43
3. Hálsasveitarvegur .....	—	46.93
4. Mýravegur .....	—	726.71
5. Álftaneshreppsvegur .....	—	3.01
6. Stykkishólmsvegur .....	—	10.24
7. Ólafsvíkurgvegur .....	—	4.13
8. Saurbæjarvegur .....	—	32.68
9. Suðurdalavegur .....	—	118.49
10. Rauðasandsvegur .....	—	9.30
11. Patreksfjarðarvegur .....	—	5.50
14. Langadalsvegur .....	—	54.87
15. Steingrímsfjarðarvegur .....	—	1623.21
16. Kollafjarðarvegur .....	—	26.14
17. Bitruvegur .....	—	21.22
18. Holtavörðuheiðarvegur .....	—	489.67
19. Hrutafjarðarvegur .....	—	606.32
20. Vesturhópsvegur .....	—	64.71
21. Húnvetningabraut .....	—	2.66
22. Blönduhlíðarvegur .....	—	4.22
23. Út-Blönduhlíðarvegur .....	—	3421.93
24. Hofsóssvegur .....	—	22.41
25. Fljótavegur .....	—	18.33
26. Siglufjarðarskarð .....	—	28.23
27. Öxnadalsvegur .....	—	38.82
28. Ljósavatnsskarðsvegur .....	—	78.49
29. Kinnarbraut .....	—	3.21
30. Kópaskersvegur .....	—	1.82
31. Raufarhafnarvegur .....	—	79.90
32. Þistilfjarðarvegur .....	—	175.68
33. Brekknaheiðarvegur .....	—	56.29
34. Bakkafjarðarvegur .....	—	315.87
35. Vopnafjarðarvegur .....	—	546.14
37. Úthéraðsvegur .....	—	82.34
40. Fáskrúðsfjarðarvegur .....	—	9.59
42. Berunesvegur .....	—	154.96
43. Til vega á Mýrum, Nesjum og Lóni ..	—	207.67
44. Síðuvegur .....	—	173.10
45. Mýrdalsvegur .....	—	189.27
46. Eyjafjallavegur .....	—	17.22

Flyt kr. 34003.07 kr. 691538.82

	Flutt	kr.	34003.07	kr.	691538.82	<b>32</b>
48.	Landvegur	—	146.67			12. febr.
49.	Gnúpverjahreppsvegur	—	129.31			
50.	Hrunamannahreppsvegur	—	393.20			
b.	Viðhald og umbætur	—	209094.31			
c.	Til þjóðvega af benzínskatti:					
1.	Til malbikunar á Elliðaárvegi	—	282.00			
3.	— Hafnarfjarðarvegur	—	11060.98			
4.	— Suðurlandsbrautar	—	22774.47			
6.	— Austurlandsvegur	—	105.30			
7.	— Geysisvegur	—	872.79			
9.	— Sogsvegur	—	2218.17			
III.	Til brúargerða	—	30001.58			
IV.	Til fjallvega	—	497.45			
VI.	Til sýsluvega:					
1.	Tillag til akfærra sýsluvega	—	131.20			
3.	Til sýsluvegasjóða eftir l. nr. 10 1923	—	17657.87			
X.	Styrkur til að halda uppi vetrarferðum	—	8460.02			
XIV.	Iðgjald til slysatryggingarinnar	—	2408.02			
	<b>B. Samgöngur á sjó:</b>					
1.	Til strandferða:					
a.	Ríkissjóðs	—	92783.46			
	<b>C. Vitamál og hafnargerðir:</b>					
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:					
3.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	361.88			
4.	Til skrifstofuhalds	—	5154.82			
5.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	588.00			
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	23950.20			
IV.	1. Sjómerki	—	497.30			
V.	Til áhaldakaupa	—	15794.52			
XIII.	Fyrning	—	5223.00			
				kr.	484589.59	

## 8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	<b>A. Kirkjumál:</b>					
3.	Framlag til prestlaunasjóðs	kr.	14284.88			
	<b>B. Kennslumál:</b>					
I.	Háskólinn:					
l.	Hiti, ljós og fleira	—	731.10			
m.	2. Ýmisleg gjöld	—	4165.62			
t.	Rekstrarhalli rannsóknarstofu háskólans	—	20625.83			
II.	Námsstyrkur erlendis:					
a.	Til isl. stúdenta erlendis	—	5.35			
III.	Fræðslumálastjórnin:					
3.	Skrifstofukostnaður	—	6776.36			
IV.	Menntaskólinn í Reykjavík:					
a.	Laun	—	12917.99			
c.	2. Til eldiviðar o. fl.	—	396.14			
				Flyt	kr.	59903.27
					kr.	1176128.41

32

12. febr.

	Flutt	kr.	59903.27	kr.	1176128.41
3. Til viðhalds .....	—		3852.09		
5. Húsaleigustyrkur .....	—		2800.00		
7. Læknisþóknun .....	—		400.00		
9. Ýmisleg gjöld .....	—		3886.71		
10. Til verðlaunabóka .....	—		90.77		
V. Menntaskólinn á Akureyri:					
a. Laun .....	—		4357.78		
b. 1. Til aukakennara og stundakennslu .....	—		3552.00		
4. — eldiviðar og ljósa .....	—		2253.48		
7. — viðhalds .....	—		685.17		
8. — ýmislegra gjalda .....	—		1660.12		
VI. Kennaraskólinn:					
a. Laun .....	—		2348.55		
b. 1. Stundakennsla .....	—		4276.41		
2. Eldiviður og ljós .....	—		755.41		
5. Til viðhalds .....	—		837.46		
6. Ýmisleg gjöld .....	—		3228.02		
VII. Stýrimannaskólinn:					
a. Laun .....	—		82.67		
c. 1. Til stundakennslu .....	—		5677.50		
4. Ýmisleg gjöld .....	—		1253.62		
5. Til áhaldakaupa .....	—		334.49		
6. Fyrning .....	—		4.00		
VIII. Vélstjóráskólinn:					
4. Ýmisleg gjöld .....	—		211.55		
7. Kostnaður vegna rafmagnsdeildar .....	—		450.54		
IX. Bændakennsla:					
1. Bændaskólinn á Hólum:					
c. 1. Til verklegs náms .....	—		313.50		
3. — eldiviðar og ljósa .....	—		1172.81		
4. Ýmisleg gjöld .....	—		1382.83		
d. Fyrning húsa .....	—		192.00		
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:					
c. Önnur gjöld:					
4. Til viðhalds .....	—		3142.67		
5. Ýmisleg gjöld .....	—		2291.25		
d. Fyrning húsa .....	—		510.00		
X. Iðnfræðsla:					
g. Til verklegs náms erlendis .....	—		50.00		
Kostnaður við próf endurskoðenda .....	—		500.00		
XIII. Almenn barnafræðsla:					
1. Laun kennara við fasta skóla .....	—		108228.41		
2. Laun farkennara .....	—		1583.34		
3. Til farkennslu .....	—		3665.00		
4. Styrkur til bygginga barnaskóla .....	—		2786.72		
7. Til kennaranámskeiða .....	—		300.00		
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:					
Alþýðuskólinn á Eiðum:					
1. a. Laun .....	—		189.61		

---

 Flyt kr. 229209.75 kr. 1176128.41

	Flutt	kr. 229209.75	kr. 1176128.41	<b>32</b>
c. 1. Til kennsluáhalda .....	—	24.64		12. febr.
2. Til eldiviðar og ljósa .....	—	560.30		
6. Til rafstöðvar .....	—	16171.63		
d. Fyrning húsa .....	—	3.00		
2. Til héraðsskóla:				
a. Rekstrarstyrkur .....	—	12512.68		
3. Til gagnfræðaskóla .....	—	28014.90		
9. Til unglingafræðslu .....	—	5000.00		
XVI. Til kennslu heyrnar- og málleysingja .....	—	11204.77		
			—	<b>302701.67</b>

## 9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

## Til vísinda, bókmennta og lista:

1. Landsbókasafnið:				
a. Laun .....	kr.	75.00		
2. Þjóðskjalasafnið:				
a. Laun .....	—	337.50		
5. Landsbókasafnshúsið:				
a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar .....	—	2564.42		
60. Kostnaður við friðun Þingvalla .....	—	4650.49		
			—	<b>7627.41</b>

## 10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

## Til verklegra fyrirtækja:

1. Til atvinnubóta .....	kr.	500.27		
7. Tillag til Búnaðarbankans:				
c. Til ræktunarsjóðs:				
1. Afgjöld þjóðjarða .....	—	11529.72		
14. Til skógræktar:				
a. Laun .....	—	1015.00		
15. Til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu .....	—	4896.72		
20. Til veðurstofu Íslands:				
b. Til aðstoðar .....	—	3354.50		
f. Húsaleiga, ljós, hiti o. fl. ....	—	669.93		
g. Eftirlit með veðurathugunarstöð .....	—	134.85		
h. Til jarðskjálftamælinga .....	—	71.25		
22. Gjöld vegna laga um raforkuvirki .....	—	2238.35		
24. Til landmælinga .....	—	7517.59		
26. Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði ..	—	1800.00		
32. Laun yfirmatsmanna o. fl.:				
a. 5 fiskifyfirmatsmenn .....	—	6.00		
c. 4 kjötmatsmenn .....	—	775.00		
33. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:				
b. Skrifstofukostnaður .....	—	659.94		
c. Ferðakostnaður .....	—	750.00		
34. Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum .....	—	1231.52		
			—	
	Flyt	kr. 37150.64	kr. 1486457.49	

		Flutt	kr. 37150.64	kr. 1486457.49
12. febr.	32. Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning .....	—	11269.48	
	58. Til vinnumiðlunar .....	—	8666.00	
	59. Til mæðrastyrksnefndar .....	—	1000.00	
	70. Húsameistari ríkisins:			
	a. Laun .....	—	2400.00	
	b. Skrifstofukostnaður .....	—	14380.00	
	79. Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum ..	—	1000.00	
				75866.12
	11. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:			
	Til almennrar styrktarstarfsemi:			
	2. Gjöld samkvæmt fátækralögum .....	kr.	2883.46	
	7. Til barnaverndar .....	—	900.00	
	10. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis ..	—	730.97	
				4514.43
	12. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:			
	Eftirlaun og styrktarfé .....			15007.45
	13. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:			
	Óviss útgjöld .....			186623.27
	14. gr.			
	Til gjalda samkvæmt þingsályktunum er veitt .....			190378.05
				Samtals kr. 1958846.81

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

### 33

12. febr.

## L Ö G

### um héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrutafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í

Árnessýslu, Reykholti í Borgarfirði og á hentugum stað innan Rangár- og Skaftárþinga. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

33

12. febr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

### 2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin að jafnaði starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

### 3. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pílta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri eða fyrsta námsveturinn í skólanum. Heimilt er þó að vikja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verknám, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhaldna, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pílta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenskra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynsögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginatriði í þjóðskipulagi merkustu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, léttu bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál skal eigi kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslensku í þessum skólum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útivist.

### 4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

### 5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndar-

- 33 mönnum, en fimnta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

#### 6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.
5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

#### 7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls atvinnurekstrar á skólaþjórðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd semur um við kennara í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

#### 8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúiið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

#### 9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnunum, búnaði, smíðum, hústjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð húpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem því sérnámi hafa lokið, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmunni fyrir heimili í sveitum.

## 10. gr.

33

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

## 11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

## 12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

## 13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnaði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að  $\frac{3}{4}$  úr ríkissjóði, en að  $\frac{1}{4}$  hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsa-bóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.

## 14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

## 15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 14. júní 1929, um héraðsskóla, og breytingar, er á þeim lögum hafa verið gerðar.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd að meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú.

Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*



## L Ö G

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Innborganir:		Áætlun kr.	Reikningur kr.
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga .....	12605000.00	13822888.26
2.	— — 3. gr. A. — .....	2719860.00	3814322.42
3.	— — 3. gr. B. — .....	20450.00	36520.28
4.	— — 4. gr. — .....	507070.00	541223.98
5.	— — 5. gr. — .....	50000.00	80903.32
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga .....	454051.00	2200166.12
7.	Greiðslujöfnuður .....	82880.00	
		<hr/>	<hr/>
		16439311.00	20496024.38
II. Útborganir:			
1.	Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga .....	1522000.00	1759070.71
2.	— — 8. gr. — .....	60000.00	60000.00
3.	— — 9. gr. — .....	225920.00	327102.24
4.	— — 10. gr. — .....	490446.00	508972.91
5.	— — 11. gr. A. — .....	1289620.00	1556848.31
6.	— — 11. gr. B. — .....	284000.00	321286.73
7.	— — 12. gr. — .....	774178.00	990638.18
8.	— — 13. gr. A. — .....	1572852.00	1910051.87
9.	— — 13. gr. B. — .....	618000.00	710083.46
10.	— — 13. gr. C. — .....	636450.00	690926.07
11.	— — 14. gr. A. — .....	378120.00	379367.68
12.	— — 14. gr. B. — .....	1641567.00	1918540.29
13.	— — 15. gr. — .....	216160.00	211499.25
14.	— — 16. gr. — .....	3168050.00	3825267.15
15.	— — 17. gr. — .....	1544000.00	1397711.30
16.	— — 18. gr. — .....	336683.00	351690.45
17.	— — 19. gr. — .....	100000.00	314281.14
18.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga .....	1581265.00	2812357.31
19.	Greiðslujöfnuður .....		450329.33
		<hr/>	<hr/>
		16439311.00	20496024.38

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

35

12. febr.

## um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverjum kaupstað, svo og í hverju kauptúni með yfir 500 íbúum. Á öðrum stöðum, hvort sem er í kauptúni eða sveit, skal vera heilbrigðisnefnd, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, eða ef ráðherra mælir svo fyrir.

Umdæmi heilbrigðisnefndar skal aldrei vera meira en eitt sveitarfélag.

## 2. gr.

Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af bæjarstjórn, og skal að minnsta kosti einn þeirra eiga sæti í bæjarstjórninni (í Reykjavík í bæjarráði).

Ef heilbrigðisnefnd í kaupstað er skipuð 5 mönnum, skal einn nefndarmanna vera verkfræðingur í þjónustu kaupstaðarins, sérfróður um heilbrigðitækni, ef völ er á slíkum manni.

Után kaupstaða er heilbrigðisnefnd skipuð 3 mönnum, og á sama hátt og í kaupstöðum, nema hreppstjóri kemur í stað lögreglustjóra, ef hann er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, og ef eins er ástatt um héraðslækni, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans.

Þar, sem héraðslæknir á ekki sæti í heilbrigðisnefnd, er honum engu síður heimilt að sitja fundi nefndarinnar, og hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Skal tilkynna héraðslækni í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar. Sama gildir um fund í bæjar- eða sveitarstjórnnum, þegar til umræðu eru mál varðandi heilbrigðissamþykkt eða önnur heilbrigðismál.

## 3. gr.

Heilbrigðisnefndir beita sér fyrir því, að settar séu heilbrigðissamþykktir fyrir umdæmi þeirra og að þær séu endurskoðaðar svo oft sem ástæða er til.

Í heilbrigðissamþykkt skulu vera almenn ákvæði um:

- 1) til hvers umdæmis samþykktin nái, og ef ekki er ætlað til, að öllum ákvæðum samþykktarinnar sé beitt alstaðar í umdæminu, hver hluti umdæmisins sé undanskilinn og hverjum ákvæðum,
- 2) skipun, valdsvið og starfstilhögun heilbrigðisnefndar,
- 3) hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum, svo sem á götum, torgum, opnum eða umgirtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnnum, gördum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna. Síðan skal ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
- 4) vatn og frárennsli,
- 5) sorphirðing, salerni og þess háttar,
- 6) húsakynni fólks, hvort sem eru til íbúðar eða atvinnurekstrar, enda sé gætt samræmis við byggingarsamþykkt, ef fyrir er,

- 35 7) gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þar með taldir hundar (sbr. lög nr. 12. febr. 18 22. maí 1890 og lög nr. 8 4. júní 1924),
- 8) vinnustöðvar úti og inni (sbr. lög nr. 24 7. maí 1928 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum), og mega heyra hér undir útgerðar-, fiski- og sildarverkunarstöðvar, skipaafgreiðslustöðvar, hverskonar verksmiðjur, verbúðir og verkamannaskýli, vinnustofur iðnaðarmanna, skrifstofur og afgreiðslustofur, verzlunarbúðir o. s. frv.,
- 9) skóla og kennslustaði í samræmi við gildandi reglur um lækniseftirlit með skólum og kennslustöðum,
- 10) kirkjur og hverskonar almenn samkomuhús,
- 11) eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyra meðal annars mjólkurstöðvar, mjólkursólustaðir, brauðgerðarhús, fiskisala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verksvið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða. Þá skal kveðið á um
- 12) verksvið heilbrigðisnefndar að því leyti sem henni ber að aðstoða yfirvöld við sóttvarnir (sbr. lög nr. 66 19. júní 1933 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Í heilbrigðissamþykkt má ennfremur ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
- 13) almenn gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði (sbr. lög nr. 21 15. júní 1926),
- 14) almenn baðhús, þvottahús, rakarastofur, hárgreiðslustofur og hverskonar snyrtingarstofur,
- 15) íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhús, sundlaugar og þess háttar,
- 16) kirkjugarða (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932) og bálstofur (sbr. lög nr. 41 3. nóv. 1915),
- 17) sjúkrahús, barnahæli, elliheimili og tilsvarendi heilbrigðisstofnanir (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933) og lækningastofur,
- 18) báta og skip, sem gerð eru út frá umdæmi því, er samþykktin nær til (sbr. lög nr. 58 14. júní 1929), hvort heldur er til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga, svo og bifreiða (sbr. lög nr. 70 8. sept. 1931) og tilsvarendi flutningatæki. Ef heilbrigðisfulltrúi er ráðinn (sbr. 6. gr.), skal í heilbrigðissamþykkt setja
- 19) starfsreglur fyrir heilbrigðisfulltrúa.  
Heilbrigðissamþykkt skal ljúka með því að greina
- 20) viðurlög við brotum gegn samþykktinni (sbr. 8. gr.).  
Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðissamþykkt, er eigi verður heimfært undir neinn tölulið þessarar greinar, og skal þá engu síður heimilt að taka ákvæðið upp í samþykktina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem hér eru fyrirskipuð eða heimiluð.  
Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglugerðum um sama efni, og aldrei vægari en þau.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis og lögreglustjóra frumvarp að heilbrigðissamþykkt eða frumvarp til breytinga á heilbrigðissamþykkt, ef um það er að ræða, og leggur fyrir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þegar bæjarstjórn (hreppsnefnd) hefir samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar eftir tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til bæjarstjórnar (hreppsnefndar) með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á frumvarpinu til þess að það geti öðlazzt staðfestingu.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 5. gr.

35

12. febr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðissamþykktar, svo og ákvæðum í sérstökum lögum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Fyrirskipanir sínar og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

## 6. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarstjórn ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, héraðslæknis og lögreglustjóra, og tekur hann laun úr bæjar-sjóði. Heilbrigðisfulltrúinn annast, undir eftirliti héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, og hefir til þess ákveðinn starfstíma daglega, eftir nánari fyrirætlunum í erindisbréfi.

Után kaupstaða getur hreppsnefnd og ráðið heilbrigðisfulltrúa, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt. Að öðrum kosti annast þar héraðslæknar (eða fulltrúar þeirra í heilbrigðisnefnd, sbr. 2. gr.) eftirlitsstarfsemina með aðstoð annara nefndarmanna.

## 7. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hverskonar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

## 8. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni má í henni ákveða sektir, allt að 1000 krónum, er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist, með lögtaki.

## 9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn heilbrigðissamþykktum, skal farið sem almennt lögreglumál.

## 10. gr.

Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 64 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

## um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Hákonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreassen, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Godtfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, George Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

## um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenskum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraeirða, þar sem vopnum er beitt.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefir.

2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur kr. 600000.00. Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur

skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, 10%, en 30% af 37  
 áhættufénu er lagt fram af þeim innlendum váttryggingarfélögum, sem taka þátt í 12. febr.  
 tryggingunni. Skipaeigendur geta þó síðar hækkað framlög sín, eða nýir bætt við í  
 félagið með áhættufjárframlag. Áhættufjárframlag má endurgreiða fyrir skip, sem  
 hefir farizt eða er dæmt óbætandi, eða er hætt að þurfa að tryggja skipshöfn sína, að  
 svo miklu leyti, sem ekki þarf að taka til áhættufjárins til greiðslu áfallinna slysa-  
 bóta. Endurgreiðsla fæst þó ekki, ef ætla má, að tryggingarskyldan falli aðeins niður  
 um stundarsakir. Váttryggingarfélögin þurfa ekki að leggja áhættufé fram, ef þau  
 skuldbinda sig til þess fyrirfram, að taka að sér sinn hluta af hverri einstakri trygg-  
 ingu, sem stríðstryggingafélagið tekur að sér á eigin áhættu, sbr. 4. gr.

Skilyrði fyrir upptöku nýrra skipa skal setja í reglugerð.

Tryggingarstofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands er heimilt að taka að  
 sér hluta af váttryggingu skipshafna samkvæmt lögum þessum, ásamt öðrum  
 ábyrgðarfélögum.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar umfram hið  
 framlagða áhættufé. Á þetta einnig við tryggingafélög þau, sem taka að sér sinn  
 hluta af hverri einstakri tryggingu.

### 3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum. Tilnefni ríkisstjórnin einn þeirra,  
 og er hann formaður stjórnarinnar, annar er tilnefndur af eigendum skipa þeirra,  
 sem eru í félaginu, en sá þriðji er tilnefndur af váttryggingarfélögum þeim, sem  
 taka þátt í tryggingunni eða hafa lagt félaginu áhættufé. Komi skipaeigendur eða  
 váttryggingarfélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkis-  
 stjórnin þá. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum og ákveður starfs-  
 tilhögun félagsins. Stjórnin ákveður sjálf laun sín, en þó skulu þau samþykkt af  
 ríkisstjórninni.

### 4. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirrar dánartryggingar, sem félagið má taka  
 að sér á hverju skipi í einni og sömu ferð. Ef sú upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar  
 eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar,  
 með því að endurbyggja það, enda sé endurtrygging fánleg hjá öruggu váttrygging-  
 arfélagi.

### 5. gr.

Útgerðarmenn allra íslenskra skipa, sem samkv. lögum eða samningum eru skyld-  
 ir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu  
 tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem félagið getur tekið  
 hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefir ekki verið með skipshöfn þess  
 í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að  
 taka allt að 20% hærra iðgjald fyrir trygginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn  
 sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu  
 kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum þessum. Van-  
 ræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að  
 100000 krónum, og skal með mál út af slíku broti farið sem almenn lögreglumál.

### 6. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn fyrir ákveðna ferð eða um  
 ákveðinn tíma, eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þegar trygging hefst  
 eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað samskonar tryggingar kosta erlendis.  
 Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

37

12. febr.

Nú hefir félagið á einhverjum tíma orðið fyrir svo miklu tjóni, að helmingur af áhættufé þess er tapður, og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka iðgjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

8. gr.

Tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð, unz hann er orðinn 50% af áhættufé þess samkvæmt 2. gr. Ef tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir bótum, skal greiða úr varasjóði það, sem á vantar, áður en áhættuféð er skert. Ákveða skal með reglugerð, hvornig verja skuli tekjuafgangi, eftir að varasjóðurinn er orðinn 50% af áhættufénu. Af þeim hluta tekjuafgangs, sem ekki er lagður í varasjóð, skulu tryggingartakar fá að minnsta kosti 50%.

Verði félagið leyst upp, skal skipta nettóeign þeirri, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli þeirra, sem lagt hafa fram áhættuféð samkvæmt 2. gr., og tryggingartaka. Nánari ákvæði um skiptinguna skulu sett í reglugerð. Með reglugerð skal einnig setja ákvæði um ávöxtun innborgaðs áhættufjár og endurgreiðslu þess, einnig við eigendaskipti, kjörtímabil stjórnar og endurskoðun reikninga, ennfremur almennar reglur um vátryggingarskilyrðin, þar á meðal um viðurlög við því að gefa rangar upplýsingar.

9. gr.

Skirteini og önnur skjöl varðandi tryggingar félagsins eru stimpilfrjáls. Ennfremur skal félagið undanþegið sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

38

12. febr.

## L Ö G

### um hitaveitu Reykjavíkur.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

## 2. gr.

38

Þegar bæjarstjórnin hefir leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

12. febr.

Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

## 3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Bæjarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefir bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum sammingsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

## 4. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

## 5. gr.

Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annara nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.

## 6. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrir mælum vatnalaganna.

## 7. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhitasvæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánnum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til rekstrar hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. grein, svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna



38 við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum  
12. febr. um endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginna reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til hann hefir fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kys það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum, afsakanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Er svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni, né hún tekin í hendur veðhafa til rekstrar, fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torvelað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt áfgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal rekstrartap þeirra.

#### 8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allar skuldbindingar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekst á hendur nú eða síðar vegna hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 9 milljónum danskra króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrá, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 14. maí 1938 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

39

12. febr.

um viðauka við og breyting á lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenskra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenskra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

## 2. gr.

Síðari málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skattgreiðslu íslenskra útgerðarfyrirtækja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

40

12. febr.

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Á eftir fjórða málslið fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Kjörtímabil nefndarmanna skal miðað við 6 almanaksár.

40

12. febr.

2. gr.  
Tvo fyrstu málsliði fyrri málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:  
Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, svo fljótt sem við verður komið þegar reikningar bankans eru fullgerðir. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með nægum fyrirvara.

3. gr.  
Fyrsta málslið fyrri málsgr. 39. gr. laganna skal orða svo:  
Á aðalfundi nefndarinnar árið eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr. kýs nefndin sér forseta til aðalfundar 2 árum síðar.

4. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1934, fellur niður 31. des. 1939.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1936, fellur niður 31. des. 1941.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1938, fellur niður 31. des. 1943.

Á þingi því, er samþykkir þessi lög, fer fram kosning 5 landsbankanefndarmanna og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

41

12. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:  
Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.  
Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni

stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er. 41  
12. febr.

## 2. gr.

Í stað 2. másl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknanevndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

## 3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

## 4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig: Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknanevndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.).

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

42

12. febr.

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um

42 2500 mál sildar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verk-  
12. febr. smiðjurnar með téðum lögum.

## 2. gr.

Til þeirrar aukningar sildarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

## 3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um sildarverksmiðjur ríkisins.

## 4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á sildarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungu þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

43

12. febr.

## L Ö G

um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

- a) Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:  
Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.
- b) Á eftir 1. málgr. sömu lagagr. komi ný málgr., svo hljóðandi:  
Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelða á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.
- c) Upphaf 3. málgr. sömu lagagr. orðist svo:  
Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.

## 2. gr.

43

12. febr.

Upphaf 2. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:  
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.

## 3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Nemanda er óheimilt að vera félagi í sveinafélagi og er sveinafélögum bannað að hafa nemendur sem féлага sína.

## 4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.

## 5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Sömu hegningu skulu stjórnendur sveinafélaga sæta, þegar brotið er gegn ákvæðum 7. gr., og fer eins um sektarféð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

44

12. febr.

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

## um hlutarútgerðarfélög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

## 2. gr.

Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða, en 10 menn í kaupstöðum, verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

## 3. gr.

Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmeets félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

## 4. gr.

Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

## 5. gr.

Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra- og beitu-kostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

## 6. gr.

Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði. Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

45

12. febr.

## 7. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð aflu upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárrí upp- hæð og gjald samkvæmt tölulíð 1 verður árlega.

Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarféлага, sem þar starfa.

## 8. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins.

## 9. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfundur skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef  $\frac{1}{4}$  félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagfundir eru lögmatir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmatir sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmatir án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.

## 10. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og kjörtíma þeirra. Stjórnin kys sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmatir, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og



45 er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hættu af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

#### 11. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

#### 12. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazi réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagsþykktu.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtinga- blaðinu á kostnað tilkynnanda.

#### 13. gr.

Hlutarútgerðarfélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmatum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanevnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanevnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanevnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

Sömu aðilar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

## 14. gr.

45

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í rikissjóð og eru þau, sem hér segir:

- a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.
- b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.
- c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.
- d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

## 15. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði.

## 16. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

46

## um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

## 2. gr.

Síðasta málsgr. 7. gr. laganna („Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt .... á heimili framfærslumanns.“) fellur niður.

## 3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

## 4. gr.

Á eftir orðunum „meðlag barna með foreldrum“ í 9. gr. laganna kemur: kjörbarna með kjörforeldrum.

Úr síðari málsl. 1. málsgr. 12. gr. laganna falla niður orðin: „og greiðir almenn gjöld“

5. gr.

6. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelur þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefir í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

7. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefir framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

8. gr.

- a. Í stað „heimilissveit“ á 4 stöðum í 14. gr. laganna kemur: framfærslusveit.
- b. Í stað „lögheimili“ í 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: framfærslurétt.

9. gr.

- a. Aftan við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist: og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.
- b. Á eftir orðunum „meiri meðgjafar en meðalmeðlags“ í síðari málsgr. sömu lagagreinar kemur: og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar.

10. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú er dönskum ríkisborgara veittur framfærslustyrkur hér á landi, og skal rikissjóður þá endurgreiða dvalarsveit hans að fullu allan þann styrk, er honum er veittur, ef hann hefir dvalið þar skemur en eitt ár, en að  $\frac{7}{10}$  hlutum, ef hann hefir dvalið þar eitt ár eða lengur.

11. gr.

21. gr. laganna skal orða svo:

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr rikissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr rikissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

12. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í niðurlagi 23. gr. laganna kemur: ráðherra.

13. gr.

Í stað orðsins „ekkjan“ í niðurlagi 24. gr. laganna kemur: barnið.

## 14. gr.

46

12. febr.

Aftan við 25. gr. laganna kemur ný málsg., svo hljóðandi:

Framfærslusveit sú, er maður ekkjunnar átti er hann andaðist, skal endurgreiða heimilissveit hennar meðlögín, ef hún krefst úrskurðar um meðlagsgreiðslu innan 2 ára frá andláti mannsins. Komi krafa hennar síðar fram, skal sú sveit endurgreiða meðlögín, er ekkjan átti framfærslurétt í er hún fyrst krafðist úrskurðarins.

## 15. gr.

26. gr. laganna fellur niður.

## 16. gr.

a. Á eftir orðinu „hlutfallskosningu“ í 2. málsg. 29. gr. laganna kemur: Jafnmargir skulu kosnir til vara.

b. Næstsíðasta málsg. sömu lagagr. orðist svo:

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annara fastra nefnda bæjarstjórnar.

## 17. gr.

Í stað orðanna „sé lagður þeim á heimili þeirra“ í 1. másl. 39. gr. laganna kemur: sé veittur þeim.

## 18. gr.

Síðasta málsg. 41. gr. laganna orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar. Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.

## 19. gr.

Aftan við 2. málsg. 48. gr. laganna bætist: Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slikri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

## 20. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er hönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

## 21. gr.

50. gr. laganna skal orða svo:

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um

46 megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er  
12. febr. hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða  
fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé við-  
unanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglu-  
stjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra  
manna og verklyðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má  
skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barns-  
fúlgu þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu,  
hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fang-  
elsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og á-  
kveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli  
standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af  
fangelsisvistinni.

## 22. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greintala  
samkvæmt því):

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á fram-  
færslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að  $\frac{2}{3}$  hlutum,  
nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfir-  
valdsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

## 23. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist: og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

## 24. gr.

Á eftir 55. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og greinatala breytist  
samkvæmt því):

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur  
öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn  
niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni  
barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn  
réttmæti skuldarinnar.

## 25. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar,  
svo hljóðandi:

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað  
barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá framfærslu-  
sveit sú, er barnsfaðir á, er meðlagið féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalar-  
sveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið meðlag endurgreitt fyrir þá sök, að  
ókunnugt hefir verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefir komizt undan laga-  
aðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim fram-  
færsluhéruðum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

## 26. gr.

59. gr. laganna skal orða svo:

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sínu — skilgetnu eða

óskilgetnu — framfærslusveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann 46 til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess 12. febr. umkominn að dómi sveitarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkn-ingar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

## 27. gr.

Í stað „heimilissveit“ í 60. gr. laganna kemur: framfærslusveit.

## 28. gr.

Í stað „heimilissveitar“ í 61. gr. laganna kemur: framfærslusveitar.

## 29. gr.

62. gr. laganna skal orða svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið samkv. meðlagsúrskurði, eða býr ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, ef stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, á 5000 króna skuldlausu eign eða greiðir tekjuskatt, annars skal framfærslusveit barnsföður endurgreiða meðlagið. Sé barnsfaðirinn dáinn, skal fara um greiðslu meðlagsins sem segir í 61. gr., svo fremi stjúpfaðirinn eða sá maður, er móðirin býr með, er framfærsluþurfi.

## 30. gr.

Í stað orðanna „að krefjast endurgreiðslu“ í upphafi 63. gr. laganna komi: að krefja styrkþega endurgreiðslu.

## 31. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

## 32. gr.

Upphaf 66. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 65. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

## 33. gr.

67. gr. laganna skal orða svo:

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

- 46 Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi  
12. febr. lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komið hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

## 34. gr.

68. gr. laganna skal orða svo:

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því, að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

## 35. gr.

- a. Í stað orðanna „1. marz“ í fyrri málsgr. 69. gr. laganna kemur: 1. júní.
- b. Í stað „atvinnumálaráðuneytisins“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytisins.

## 36. gr.

- a. Í stað „15. júnímánaðar“ í 70. gr. laganna kemur: 15. júlímánaðar.
- b. Í stað „atvinnumálaráðuneytinu“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytinu.
- c. Í stað orðanna „tollstjóranum í Reykjavík“ í sömu lagagr. kemur: skattstjóranum í Reykjavík.

## 37. gr.

Í stað „atvinnumálaráðuneytið“ í 72. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

## 38. gr.

73. gr. laganna skal orða svo:

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðast þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarféð, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

## 39. gr.

74. gr. laganna skal orða svo:

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. og 70. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarendi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þó þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

## 40. gr.

- a. Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 75. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
- b. Í stað „1. júlí“ í sömu lagagr. kemur: 1. ágúst.

## 41. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 76. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

42. gr.

46

12. febr.

Næst á eftir 79. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Lög þessi öðlast þegar gildi.
- b. Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

- I. Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingu húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.
2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara, og er ráðherra heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í síðastnefndu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimil að að gera samkvæmt lögum þessum.

Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegum vinnu í sveitum landsins.

- II. Heimilt er ráðherra að ákveða, að árið 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppfélaga, sýslufélaga og læknishéraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppfélags, sýslufélags eða læknishéraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.).

*Stefán Jóh. Stefánsson.*



47  
12. febr.

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1938.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1938, eru veittar kr. 89481.14 samkv. 2.—6. gr. þessara laga.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

1. Kostnaður við viðgerð á lögreglustöðinni, Pósthús- str. 3, Reykjavík .....	kr. 5758.55	
2. Kostnaður við byggingu fangahúss á Sauðárkróki ..	— 1984.80	kr. 7743.35

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til bókasafns á Sauðárkróki .....	—	500.00
-----------------------------------	---	--------

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Kostnaður við athugun á fjárhag bæjarfélaga og út- gerðarmanna á Austurlandi .....	kr. 1129.00	
2. Kreppuhjálpi til Austfjarða .....	— 52000.00	— 53129.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Til sjúkrasjóðs verkamannafél. á Þingeyri .....	kr. 300.00	
2. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfélag. í Ólafsvík .....	— 300.00	— 600.00

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Kostnaður vegna heimsóknar krónprínshjónanna ..	kr. 23508.79	
2. Greiðsla vegna ofviðristjóns á Haganesvík .....	— 4000.00	— 27508.79
		<u>Samtals kr. 89481.14</u>

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.  
(L. S.).

*Jakob Möller.*

## L Ö G

48

12. febr.

**um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðila. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi.

Nefndin kys sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur, með samþykki atvinnuáráðherra, ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þóknun nefndarmanna skal ákveðin af ráðherra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

49

12. febr.

**um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Að Vér samkvæmt 4. gr. laga, dagsettra í dag, um viðauka við og breyting á lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938, höfum látið fella meginmál téðra laga inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefum þau út svo breytt:

## 1. gr.

Á árunum 1938—1942, að báðum árum meðtöldum, er útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap, sem

49 orðið hefir á rekstri þeirra eftir 1. jan. 1931, unz tapið er að fullu greitt.  
12. febr. Á sama tíma er ofangreindum fyrirtækjum heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% af þeirri fjárhæð, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenskra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Þæjarstjórnnum og sveitarstjórnnum er heimilt að undanþiggja sömu fyrirtæki útsvari á sama tíma. Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Ívilnanir þær, sem fólgnar eru í 1. og 2. gr., eru bundnar eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að fullnægjandi grein hafi verið gerð fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignar-skatts fyrir það eða þau ár, sem tapið varð.
- b. Að eigi sé úthlutað arði til hluthafa eða félagsmanna á meðan tapið er eigi að fullu jafnað, né hluthöfum ívilnað á annan beinan eða óbeinan hátt, svo sem með hækkuðum kaupgreiðslum eða auknum hlunnindum. Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að setja svipaðar takmarkanir þegar um einkafyrirtæki er að ræða.
- c. Að því leyti sem tapið, eða þær skuldir, sem mynduðust þess vegna, hefir verið gefið eftir fyrir ráðstöfun þess opinbera, kemur framangreind ívilnun eigi til greina, shr. lög nr. 9 6. jan. 1938.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Jakob Möller.*

## L Ö G

### um lögreglumenn.

50

12. febr.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Að Vér samkvæmt 5. gr. laga nr. 65 31. desbr. 1939 höfum látið fella meginmál sömu laga inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933, og gefum þau svo út sem lög um lögreglumenn:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum (kaupstöðum og kaптúnunum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa, enda sé lögreglustjóri þar búsettur.

#### 2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður greiða  $\frac{1}{6}$  hluta kostnaðar við lögreglu og löggæzlu bæjarins, þó eigi fyrr en að minnsta kosti einn lögregluþjónn kemur á hverja 700 íbúa.  $\frac{1}{6}$  lögregluðsins í Reykjavík skal vera sérstök deild og starfa sem lögreglumenn ríkisins á venjulegum tímum.

Í öðrum bæjum ræður ríkisstjórnin yfir starfskröftum lögreglunnar í hlutfalli við framlög, eftir því sem nánar má ákveða með reglugerð. Lögreglumenn ríkisins skulu m. a. starfa að undirbúningi sakamálsrannsókna, eftirliti með umferð á þjóðvegum, útlendingum, áfengislöggjöf og því að halda uppi reglu á mannfundum utan bæjanna.

Ríkisstjórninni er og heimilt að semja við hlutaðeigandi bæjarfélög um, að lögreglumenn ríkisins taki að sér störf í þágu bæjarfélaganna gegn endurgjaldi.

#### 3. gr.

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess þörf, aðstoða lögregluð bæjanna til að halda uppi löggæzlu og reglu, enda séu þeir ekki bundnir við önnur nauðsynjastörf í þágu ríkisins.

Ef lögreglustjórar óska, er ríkisstjórninni heimilt að skipa þeim fulltrúa eða yfirlögregluþjón til að stjórna lögreglumönnum ríkisins um stundarsakir eða til langframa.

#### 4. gr.

Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarsstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

#### 5. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna ríkisins. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir að inna af hendi störf lögreglumanna. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

#### 6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluð sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum.

50 um, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, en þó 12. febr. ekki hærri fjárhæð en nemur  $\frac{1}{3}$  kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

## 7. gr.

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni varalögrelustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

## 8. gr.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt 2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að gegna lög-gæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna liðinu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum, sem liðið er flutt frá.

## 9. gr.

Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn. Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

## 10. gr.

Í sveitum landsins og kaupúnum, þar sem lögreglulið er ekki starfandi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögrelustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan héraða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.

## 11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

## 12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

51

12. febr.

## um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t : Að Vér samkvæmt 9. gr. laga, dags. 5. jan. 1940, um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, höfum látið færa texta fyrrnefndra laga inn í meginmál laga nr. 10 4. apríl 1939, og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi:

## 1. gr.

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 27.00 — tuttugu og sjö krónur — hvert sterlingspund (£), og annarar erlendrar myntar í samræmi við það.

Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr.  $\frac{27.00}{4.15}$  og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

## 2. gr.

1. Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands, og nefnist hún kauplagsnefnd.

2. Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr rikissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

3. Nefnd þessi skal, með aðstoð Hagstofu Íslands, gera yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá 1. nóvember 1939, miðað við meðalverðlag mánuðina jan.—marz 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur.

4. Við þennan útreikning skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig.

5. Kaupgjald þeirra, sem um ræðir í 3. gr., skal breytast frá 1. jan. 1940 að telja og síðan 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. sama ár, miðað eftir á við meðalverðlag í nóv.—des. 1939, jan.—marz, apríl—júní og júlí—sept. 1940, samkvæmt eftirfarandi reglum.

6. Fyrir hvert stig, sem vísitala kauplagsnefndar hækkar frá grundvellingum jan.—marz 1939 (= 100), skal kaupgjald hækka um 0,5% af kaupinu, ef hækkun vísitölunnar nemur 5 stigum eða meira, en minna en 10 stigum, en fyrir hvert stig, sem vísitalan hækkar þar fram yfir, skal kaupgjald hækka þannig:

1. flokkur 0,8% af kaupi, sem nemur kr. 1,50 eða minna á klukkustund,

2. flokkur 0,7% af kaupi, sem nemur frá kr. 1,51—2,00 á klukkustund, og

3. flokkur 0,55% af kaupi, sem nemur kr. 2,01 eða meira á klukkustund.

7. Kaupgjaldshækkun samkvæmt framansögðu skal þó aldrei nema minna samtals en:

í 1. flokki  $\frac{3}{4}$ % af kaupgjaldinu fyrir hvert stig vísitölunnar fram yfir 100,

í 2. flokki  $\frac{2}{3}$ % og

í 3. flokki  $\frac{1}{2}$ %.

8. Eftirvinnu-, nætur- og helgidagakaup skal bæta upp með sama hundraðshluta og venjulegt dagkaup þeirra manna, er fyrir því vinna.

51 9. Þegar visitala kauplagsnefndar fer lækkaði, skal reikna uppbót á kaup-  
12. febr. gjald eftir vísitölunni samkvæmt framangreindum reglum frá og með byrjun næsta  
ársfjórðungs. Þegar vísitalan er komin niður í 105, reiknast engin kaupuppbót.

10. Við ákvörðun kaups eftir reglum þessum skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

11. Kaupgjald í herra flokki skal þó aldrei verða lægra en það, sem greitt er í lægra flokki.

12. Kaupgjald það, er ákveðið hefir verið samkvæmt framansögðu, skal gilda sem samningur til 1. jan. 1941. Gildir þetta jafnt, þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. jan. 1941, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrjú mánuðir.

13. Heimilt er, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu. Áhættuþóknun þessi tekur ekki hækkunum eða lækkunum samkvæmt lögum þessum.

14. Félagsdómur sker úr ágreiningi um kaupgreiðslur samkvæmt þessari grein og 2. málsg. 3. greinar.

### 3. gr.

Kaupgjaldsákvæði 2. greinar ná til verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, sem taka kaup samkvæmt samningum milli stéttarféлага og vinnuveitenda eða kauptöxtum, sem stéttarfélög hafa sett og giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ný stéttarfélög stofnuð þar, sem stéttarfélag var fyrir, skulu félagar þeirra hafa sama kaup sem áður hefir gilt í þeirri starfsgrein á sama stað, og tekur kaupið síðan breytingum samkv. 2. gr. Nú hefir ekki áður verið stéttarfélag í starfsgrein hins nýja félags, og skal þá leggja hið upphaflega samnings- eða kauptaxta kaup félagsins til grundvallar við útreikning á kaupgjaldsbreytingum samkv. 2. gr.

Nú er kaup greitt að nokkru eða öllu leyti með hlunnindum, svo sem fæði, húsnæði, aflaverðlaunum, þjóf fé, ágóðahluta o. þ. u. l., eða verk eru unnin í ákvæðisvinnu, og skal þá taka upp sérstaka samninga um, hvernig kaupgreiðslur til þeirra manna verði samræmdar ákvæðum þessara laga um kaupgjaldsbreytingar. Náist ekki samkomulag milli aðila um þessa samræmingu, skal slíkur ágreiningur úrskurðaður af kauplagsnefnd, ásamt einum fulltrúa frá hvorum máláðila, sem þeir tilnefna sjálfir, og ræður afl atkvæða.

Þegar kaup er ákveðið fyrir dag, viku, mánuð eða ár, skal kauplagsnefnd úrskurða ágreining, sem rísa kann um það, hvernig kaupið breytist í samræmi við breytingar á tímakaupi samkv. 2. gr.

Kaupávarðanir samkv. 3. og 4. málsg. þessarar greinar teljast ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, þegar úrskurðar er beiðzt.

### 4. gr.

Á árinu 1940 er óheimilt að hækka launagreiðslur í landinu meira en svarar til þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr. laga þessara.

Samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf skulu óbreyttar meðan núgildandi samningar standa, þrátt fyrir það, þótt ákvæði séu í samningunum um breytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Samningum þessum má segja upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þó að lengri frestur hafi verið ákveðinn.

## 5. gr.

51

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættis- 12. febr.  
manna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana.

## 6. gr.

Útgerðarfyrirtækjum er skylt að ráða sjómenn gegn hluta af afla í stað fast-  
ákveðins kaupgjalds, ef þeir óska þess, og skal þá um fyrirkomulag hlutaskiptanna  
farið eftir þeim reglum, sem að undanfögnu hafa gilt á viðkomandi útgerðarstað,  
nema samkomulag verði um annan grundvöll hlutaskiptanna.

Hlutarmönnum, sem gert hafa samning um sölu á hlut sínum fyrir ákveðið verð  
í islenzkum krónum, er heimilt innan hálfis mánaðar frá gildistöku laga þessara að  
ákveða um þann fisk, er þeir hafa eigi látið af hendi þegar lögin ganga í gildi, að hann  
skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því verði, er fyrir hann fæst  
fob, að frádregnum þeim verkunarkostnaði og öðrum kostnaði, er á hann fellur frá  
því hlutarmaður afhendir hann. Þó skal verðið ekki vera lægra en það, sem upphaf-  
lega hefir verið ákveðið í samningum. Rísi ágreiningur um það, hvaða verð hlutar-  
manni beri, sker Félagsdómur úr.

## 7. gr.

Á tímabilinu til 14. maí 1940 er óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fast-  
eignir frá því, sem gildið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi og eins þó að  
samið hafi verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Ennfremur er leigu-  
sala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann  
þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið  
samninga.

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna nefnd, sem hafi eftirlit með því, að ákvæð-  
um þessarar greinar sé fylgt, og úrskurði um allan ágreining, sem út af þeim kann  
að risa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir þessa nefnd til samþykkt-  
ar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi. Skal nefndin gæta  
þess, að leigan sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga, að  
dómi nefndarinnar, og hefir hún vald til að ákveða upphæð leigunnar, ef þörf gerist.  
Ennfremur skal nefndin meta leigu fyrir ný hús. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að  
ríkisstjórnin tilnefni tvo nefndarmenn, en hæstiréttur þann þriðja, og sé hann for-  
maður. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Után Reykjavíkur skulu fasteignamatnefndir gegna þeim störfum, sem um getur  
í þessari grein.

## 8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef þurfa þykir, að setja með reglugerðum nánari fyrir-  
mæli um framkvæmd þeirra mála, er í lögum þessum getur.

## 9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum  
allt að 10000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skulu  
sæta meðferð almennra lögreglumála.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*



## FRAMFÆRSLULÖG

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt b-lið 42. gr. laga, dagsettra í dag, um breytingar á framfærslulögum nr. 135 frá 31. des. 1935, höfum látið færa þessi lög inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir, og gefum þau út svo breytt:

### I. KAFLI

#### Um framfærsluskyldu.

##### 1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo, sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

##### 2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

##### 3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

##### 4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sinu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

##### 5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

##### 6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega foreldrar ekki verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

## 7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess (sbr. þó 16. gr.).

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á framfærsluþurfi tvo eða fleiri jafnánana framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem framfærsluþurfi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

## 8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, ef hann eftir úrskurði yfirvalds er fær um að greiði meðlagið, en úrskurði þeim má skjóta til ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né um framfærslu þá, er getur í 11. gr.

## 9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann á hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru og upphæð barnsfararkostnaðar.

## 10. gr.

Nú er meðlagsúrskurður samkvæmt framansögðu löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkv. lögum 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

Þó á fráskilin kona eigi kröfu á að fá greitt af heimilissveit sinni hærri upphæð en sem svarar meðalmeðlagi fyrir það eða þau börn hennar, er hún hefir á framfæri.

## 11. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómanna-lögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfu á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

## II. KAFLI

## Um framfærslurétt.

## 12. gr.

Sérhver íslenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefir fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

## 13. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelur þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefir í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

## 14. gr.

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefir framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

## 15. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 12., 13. og 14. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinni. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefir, eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns, eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

## 16. gr.

Nú hefir lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur, og þar er gefið með því samkvæmt meðlagsúrskurði, eða sveitarstjórn hefir ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda barninu, enda krefjist þeir ekki af sveitarstjórn hærri meðgjafar en meðalmeðlags, og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.

Nú vill foreldri barns, sem ráðstafað hefir verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, taka barnið til sín, en fósturforeldrarnir vilja hafa það áfram, og þeir krefjast ekki meiri meðgjafar en meðalmeðlags, og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar, og skal þá barnaverndarráð úrskurða, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barn og foreldri eiga heima, hjá hvorum aðila barnið skuli dvelja. Áfrýja má úrskurði barnaverndarráðs til ráðherra.

## 17. gr.

52

12. febr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

## 18. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenskir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararétt.

Nú er dönskum ríkisborgara veittur framfærslustyrkur hér á landi, og skal ríkissjóður þá endurgreiða dvalarsveit hans að fullu allan þann styrk, er honum er veittur, ef hann hefir dvalið þar skemur en eitt ár, en að  $\frac{7}{10}$  hlutum, ef hann hefir dvalið þar eitt ár eða lengur.

## 19. gr.

Maður, sem öðlazzt hefir framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslensks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazzt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenskan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

## 20. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

## 21. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslensks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er framfærsluþurfi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelur þar, skal henni endurgöldinn úr ríkissjóði.

## 22. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

## III. KAFLI

## Um styrk með börnum ekkna.

## 23. gr.

Þegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að búa, að hún, að dómi valdsmanns þar, sem hún á

52 heima, er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að  
12. febr. valdsmaðurinn úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum. Leita skal valdsmaður álits framfærslunefndar eða hreppsnefndar þar, sem ekkjan á heima, og annara kunnugra, telji hann þess þörf, um hagi hennar, áður en úrskurður er upp kveðinn.

24. gr.

Kveða skal upp úrskurð um meðlag með hverju barni um sig, sem er innan 16 ára aldurs og á framfæri ekkjunnar. Þó skal valdsmaður ekki úrskurða meðlag með öllum börnunum, ef fleiri eru en eitt og hann telur, að meðlag með einu þeirra eða einhverjum muni nægja til þess að ekkjan geti kostað framfærslu allra barnanna. Sérhver úrskurður skal hljóða á nafn ákveðins barns, og séu ekki kveðnir upp úrskurðir með öllum börnunum, skulu úrskurðir hljóða á nafn hinna yngstu. Valdsmaður getur fjölgað úrskurðum og einnig fellt úrskurði úr gildi, ef honum þykir ástæða til, sökum breyttra ástæðna ekkjunnar. Neitun valdsmanns á að kveða upp úrskurð og niðurfelling úrskurðar má jafnan áfrýja til ráðherra.

25. gr.

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, þar sem barnið á heimili.

26. gr.

Meðlög með börnum ekkna samkvæmt lögum þessum greiðast af heimilissveit ekkjunnar, á sama hátt og meðlög með óskilgetnum börnum. Þó er heimilissveit ekki skylt að inna af höndum greiðslu, sem ekki er krafizt fyrr en ári er liðið frá því að hún varð gjaldkræf. Þegar greiðslu er krafizt, er skylt að sýna úrskurð og lífsvottorð barnsins, sé þess óskað.

Framfærslusveit sú, er maður ekkjunnar átti er hann andaðist, skal endurgreiða heimilissveit hennar meðlögin, ef hún krefst úrskurðar um meðlagsgreiðslu innan 2 ára frá andláti mannsins. Komi krafa hennar síðar fram, skal sú sveit endurgreiða meðlögin, er ekkjan átti framfærslurétt í er hún fyrst krafizt úrskurðarins.

#### IV. KAFLI

##### Um stjórn framfærslumála.

27. gr.

Ráðherra hefir yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

28. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir, hver í sínu umdæmi.

29. gr.

Í kaupstöðum kys bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kys með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annara fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kys sér sjálf formann.

## 30. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skjpun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

52

12. febr.

## 31. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða á skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirætlum nefndarinnar.

## 32. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefir fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrija því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

## 33. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að framfærsluþurfi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar á sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu, eða sjúkrahús-samlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

## 34. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að sjúkratryggja sig, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo hágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

## 35. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

## 36. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

## V. KAFLI

## Um tilhögun styrkveitinga.

## 37. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvorstveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

## 38. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

## 39. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur best henta. Húsnæði, sem framfærsluþurfa er útvegað og fyrir er greitt af opinberu fé, eða sveitarstjórn leggur til, skal vera svo útbúið, að dómi héraðslæknis, að heilsu þeirra, er þar eiga að búa, stafi eigi hættu af. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að framfærsluþurfar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

## 40. gr.

Nú þarf að ráðstafa framfærsluþurfa, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara á sjúkrahús, ef læknir álitur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

## 41. gr.

Nú þurfa foreldrar að leita framfærslustyrks vegna ómegðar sinnar, og má þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd koma börnum þeirra, svo mörgum sem þörf þykir, fyrir á góðum heimilum, hjá síðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf samþykki foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í 42. gr.

Engu síður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er sveitarstjórn annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar. Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 51. gr.

## 42. gr.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi eða fara illa með þau, þá skal framfærslustjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og lögskípaða fræðslu og venjast algengri vinnu. Meðgjöf með slíkum börnum skal talinn framfærslustyrkur, veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

## 43. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 41. og 42. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barna-

verndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra 52  
 að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og van- 12. febr.  
 þroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

## 44. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu lita eftir því, að vel sé farið með alla framfærsluþurfa í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra að-  
 ilja misbrestur á því vera, og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennt lögreglumála.

## 45. gr.

Sveitarstjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir hennar umsjá, séu þannig upp alin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau hafa náð 16 ára aldri.

## VI. KAFLI

## Um vald sveitarstjórnar yfir styrkþegum.

## 46. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður valdi sveitarstjórnar að því leyti og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

## 47. gr.

Fyrir áfallinni framfærsluskuld getur sveitarstjórn beiðzt lögtaks eftir fyrir-  
 mælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.  
 Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

## 48. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftir-  
 riti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar, er gengur fyrir öllum öðrum kröfum.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til. Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

## 49. gr.

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa fram-



52 færslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

#### 50. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslustyrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

#### 51. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgum þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

#### 52. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir málavöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lögreglumál.

#### 53. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærslusveit þeirra eða barnsmóðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt, að viðlögðu fangelsi samkvæmt 54. gr.

## 54. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af ríkissjóði.

52

12. febr.

## VII. KAFLI

## Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslur framfærslustyrks.

## 55. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilis-sveit hans.

## 56. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að  $\frac{2}{3}$  hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

## 57. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarssveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

## 58. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfuretturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

## 59. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáðið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi úrskurðað föðurmeðlag til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

52

12. febr.

Nú hefir einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefir þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefir, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til framfærsluþurfa, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefir greiðslur.

61. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er meðlagið féll í gjaldþaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið meðlag endurgreitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaáðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærsluhéruðum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

62. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sínu — skilgetnu eða óskilgetnu — framfærslusveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsg., til lúkn-ingar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

63. gr.

Þegar dvalarsveit hefir greitt meðlag, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar senda kröfu um endurgreiðslu til síns lögreglustjóra, sem gerir ráðstafanir til þess, að meðlagið verði innheimt hjá framfærslusveit barnsföður. Kröfunni skal fylgja kvittun barnsmóður eða annars framfærslumanns fyrir greiðslunni, afrit af meðlagsúrskurði og lífsvottorð barnsins.

64. gr.

Nú deyr barnsfaðir, er samkvæmt úrskurði yfirvalds átti að greiða meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, og fellur þá niður skylda framfærslusveitar þeirrar, er hann síðast átti, til greiðslu meðlags með barni hans, en móðir barnsins eða framfærslumaður eiga rétt á, að heimilissveit þeirra greiði hið úrskurðaða barnsmeðlag, sem þá telst framfærslustyrkur veittur munaðarlausu barni.

65. gr.

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið samkv. meðlagsúrskurði, eða býr ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, og fellur þá sjálfkrafa

úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, ef stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, á 5000 króna skuldlausu eign eða greiðir tekjuskatt, annars skal framfærslusveit barnsföður endurgreiða meðlagið. Sé barnsfaðirinn dáinn, skal fara um greiðslu meðlagsins sem segir í 64 gr., svo fremi stjúpfaðirinn eða sá maður, er móðirin býr með, er framfærsluþurfi.

## 66. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri.
2. Greffrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Meðlög, sem samkvæmt lögum þessum verða talin veitt munaðarlausum börnum.
5. Meðlög með börnum ekkna, úrskurðuð af valdsmanni.
6. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
7. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

## 67. gr.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd að gefa upp þeginn framfærslustyrk, þegar eitt ár er liðið frá því að styrkþurfa var veittur framfærslustyrkur.

## 68. gr.

Nú hefir styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

## 69. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 68. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar framfærsluþurfi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

## 70. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar,

52 að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

71. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því, að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 68. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

## VIII. KAFLI

### Um jöfnun framfærslukostnaðar.

72. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

73. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskyldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjórnum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarendi skýrslur úr umdæmum þeirra.

74. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipa í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

75. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 73. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að  $\frac{1}{3}$  hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að  $\frac{1}{3}$  hluta við skattskyldar tekjur, að  $\frac{1}{6}$  hluta við skuldlausar eignir og  $\frac{1}{6}$  hluta við fasteignamat.

76. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda  $\frac{2}{3}$  hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endur- 52  
greiða fátækra jöfnunarféð, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endur- 12. febr.  
greiðsla er fengin samkvæmt fyrir mælum þessarar greinar.

## 77. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 72. og 73. gr., eigi komnar til ráðuneytis-  
ins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan full-  
tryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og embættismönnum þeim,  
sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu sam-  
kvæmt 1. málgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarendi skýrslu síðastliðins  
árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endur-  
greiðslu fyrir það ár, þó þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

## 78. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga  
í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðan en 1. október.

## 79. gr.

Ráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittar framfærslu-  
styrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún visvitandi gefi rangar skýrslur eða  
upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá ríkissjóði, missir viðkomandi  
sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá ríkissjóði það ár, auk þeirrar hegningar,  
sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna  
almennu hegningarlaga.

## IX. KAFLI

## Niðurlagsákvæði.

## 80. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður  
en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta  
eigi í bág við ákvæði þessara laga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefir verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en  
lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 68. gr. þessara laga.

## 81. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla sam-  
kvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög  
þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfir-  
vald þar, er það sveitarfélag er, sem krafði er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta  
skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt  
um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthönd til sendingar  
með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af sveitarframfæri milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Dan-  
mörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

## 82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

12. febr. I. Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflakkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingu húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.
2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara, og er ráðherra heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í síðastnefndu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimil að að gera samkvæmt lögum þessum.

Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 51. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegum vinnu í sveitum landsins.

- II. Heimilt er ráðherra að ákveða, að árið 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppsfélaga, sýslufélaga og lækni- héraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppsfélags, sýslufélags eða lækni- héraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

**AUGLÝSING****um þingsályktun um æðsta vald í málefnum ríkisins.**

53

10. apríl

Alþingi hefir á fundi í sameinuðu þingi í dag samþykkt svolátandi þingsályktun um æðsta vald í málefnum ríkisins:

Með því að ástand það, sem nú hefir skapazt, hefir gert konungi Íslands ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni, lýsir Alþingi yfir því, að það felur ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Ríkisstjórn Íslands, 10. apríl 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

**AUGLÝSING****um þingsályktun um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu.**

54

10. apríl

Alþingi hefir á fundi í sameinuðu þingi í dag samþykkt svolátandi þingsályktun um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu:

Vegna þess ástands, er nú hefir skapazt, getur Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga né landhelgisgæzlu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsir Alþingi þess vegna yfir því, að Ísland tekur að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Ríkisstjórn Íslands, 10. apríl 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)



55  
23. apríl

## RÁÐUNEYTISBRÉF

um þingsuppsögn.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það veitir hér með forsætisráðherra Hermanni Jónasyni umboð til þess í nafni ráðuneytisins að segja Alþingi slitið, er það hefir að þessu sinni lokið störfum sínum.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.  
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

56  
7. maí

## RÁÐUNEYTISÚRSKURÐUR

um meðferð konungsvalds.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. alþingisályktun 10. apríl 1940, fer ráðuneyti Íslands með konungsvald á samkomu ráðherra, er heitir ríkisráð, og stýrir forsætisráðherra samkomunni. Þar skal bera upp lög og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Í ríkisráði skal ráðherra sá, er stöðu sinni samkvæmt fer með mál, bera það upp til úrskurðar. Ráðherrar allir, er svo eru heilir að til þess séu færir, og sé unnt að ná til þeirra, rita nöfn sín undir ályktun sem handhafar konungsvalds, enda bera þeir enga ábyrgð á ályktun vegna undirskriftar sinnar. Lögmaet er ályktun þó, ef meiri hluti ráðherra undirritar hana. Greina skal í gerðabók ríkisráðs, hvers vegna ráðherra hafi eigi undirritað ályktun. Ráðherra sá, er með málið fer, ritar síðan nafn sitt undir ályktun og ber ábyrgð á henni lögum samkvæmt.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.  
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

57

7. maí

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra  
og aukatekjur m. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Úr öðrum málslið fyrri málsgreinar 6. gr. laganna falli niður orðin: „sem gerð er eftir beiðni eiganda“.

Síðari málsgrein 6. gr. laganna falli niður.

## 2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við ferðir til starfa þeirra, sem um getur í 2.—6. gr., skal greiddur eftir reikningi. Þó skal ekki greiða meira en kr. 0.35 í ferðakostnað fyrir hvers kílómetra vegalengd. Sé gjaldtaki búsettur í kaupstað, kauptúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður hans því aðeins, að hann þurfi að fara út úr þorpinu (kaupstaðnum, kauptúninu).

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

58

7. maí

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verkvið land-  
læknis og störf héraðslækna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Í stað 2. töluliðar 1. greinar laganna komi tveir töluliðir, svo hljóðandi:

2. *Hafnarfjarðarhérað*: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog. Læknissetur í Hafnarfirði.

3. *Álafosshérað*: Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur að Álafossi.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

- 58 48. tölulíður sömu greinar hljóði svo:  
7. maí 49. *Grímsneshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Læknissetur að Laugarási.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

59

7. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmiskonar ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjör rir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Í stað orðanna „Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í upphafi 2. gr. laganna komi: Ríkisstjórnin.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vörubörf, sem henni þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

Ennfremur getur ríkisstjórnin, hvenær sem er, án dómsúrskurðar, látið trúnaðarmenn sína rannsaka birgðir heildsöluverzlana, smásöluverzlana og iðnfyrirtækja af vörum þeim, sem um ræðir í 1. gr. laga þessara.

Nánari reglur um framkvæmd rannsóknar þessarar skulu settar af ríkisstjórninni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

### um síldartunnur.

60  
7. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörrir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

#### 1. gr.

Eigi má nota umbúðir um síld til sóltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð. Heimilt er þó að nota undir síld tunnur, sem notaðar hafa verið áður hér á landi, enda séu slíkar tunnur taldar nothæfar af matsmönnum.

Hver furuheiltunna skal rúma að minnsta kosti 118,5 lítra og í mesta lagi 121,5 lítra.

Hver furuhálfunna skal rúma að minnsta kosti 59,25 lítra og í mesta lagi 60,75 lítra.

Hver greniheiltunna skal rúma 120 lítra.

Hver grenihálfunna skal rúma 60 lítra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

#### 2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmiði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

#### 3. gr.

Þeir, sem flytja inn tómar tunnur, sem ætlað er að nota undir síld, eða efni í síldartunnur, bera ábyrgð á, að tunnur þær eða efni í tunnur, er þeir flytja inn, uppfylli skilyrði þau, er sett eru í lögum þessum og reglugerð um síldartunnur, sem sett verður samkvæmt þeim.

Innfluttar tunnur skulu merktar með tilsvarendi merkjum og tunnur þær, er smíðaðar eru í landinu.

#### 4. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara.

#### 5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 25 12. júní 1939, um síldartunnur.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

60

**Bráðabirgðaákvæði.**

7. maí Til ársloka 1942 er ráðherra heimilt að leyfa smíði á tunnum úr efni, sem innflutt er fyrir þann tíma, svo og innflutning á sildartunnum, þó að tunnur og efni fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum laga þessara. Sömu leiðis getur ráðherra til ársloka 1942 leyft, að notaðar verði undir sild þær tunnur, sem til eru í landinu.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

61

**L Ö G**

7. maí

**um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv.**

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 28 19. júní 1933 bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Bún- aðarfélag Íslands og vitamálastjóra.

2. gr.

2. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Upphaf 3. gr. sömu laga orðist þannig:

Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkv. 1. málgr. 1. gr., að áhættulaust virðist o. s. frv.

4. gr.

Upphaf 4. gr. sömu laga orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málgr. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð, o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933, og heiti þeirra verða: Lög um bann gegn jarðraski.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

62

7. maí

um breyting á lögum nr. 79 23. júní 1936 [Lax- og silungsveiði].

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

Síðari másl. 5. gr. laganna skal orða svo:

Aldrei má girða yfir aðalstraumlinu ár né lengra en út í miðjan höfuðál óss eða leiru.

*Gjört i Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.  
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

63

7. maí

um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Á eftir orðunum „við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík“ í 7. gr. laganna komi: forseta Fiskifélags Íslands og forseta Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands.

2. gr.

8. gr. laganna orðist þannig:

Verja skal árlega álíka miklu fé til vitamála og vitagjald hefir numið næsta ár á undan, meðan stendur á því að koma upp vitum þeim, sem um ræðir í 9. gr. Útgjöld til vitamála eru þau, sem hér segir:

1. Kostnaður við stjórn vitamála og rekstrarkostnaður vita og sjómerkja.
2. Viðhaldskostnaður vita og sjómerkja og kostnaður við nauðsynlegar endurbætur á þeim.
3. Kostnaður við að reisa nýja vita og koma upp nýjum sjómerkjum.

Nú verður vitagjaldinu eitthvert ár ekki öllu varið til þeirra þarfa, sem það er ætlað til samkvæmt þessari grein, og skal þá ónotaður afgangur gjaldsins lagður í sérstakan sjóð, sem notaður verði síðar til þess að reisa nýja vita, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

63  
7. maí

3. gr.  
Á eftir orðunum í 9. gr. laganna „Á Búðarhrauni ..... ljósviti“ komi:  
Á Arnarstapa ..... ljósviti.

4. gr.

Lög þessi koma ekki til framkvæmda meðan styrjöld sú, sem hafin er í Norður-  
álfu, stendur yfir.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.      Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors.      Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

64  
7. maí

## L Ö G

### um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Rannsókn- og tilraunastarfsemi landbúnaðarins, sem nýtur styrks úr ríkis-  
sjóði, skal vera framkvæmd á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangurinn með rannsóknum þeim og tilraunum, sem lög þessi fjalla um, er  
að afla visindalegrar, hagnýtrar reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og bú-  
fjárræktar, svo að þeir, sem landbúnað stunda, geti byggt starf sitt á traustari  
grundvelli en nú.

## I. KAFLI

### Um stjórn tilraunamála.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir yfirstjórn þeirra rann-  
sóknna og tilrauna, er lög þessi ákveða.

4. gr.

Til þess að ákveða á ári hverju, hve viðtækar rannsóknir og tilraunir skuli  
gera og hvernig þeim sé hagað, skal ráðherra skipa, til 5 ára í senn, tvö tilraunaráð:  
fyrir jarðrækt og búfjárrækt, og séu fimm menn í hvoru. Tilraunaráðin velja sér  
formann og ritara.

Í tilraunaráði vegna jarðræktar séu tveir tilraunastjórar aðaltilraunastöðva, for-  
stöðumaður jarðvegsrannsókna við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar atvinnu-  
veganna við Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands,  
enda séu þeir báðir sérfræðingar í jarðrækt.

Í tilraunaráði vegna búfjárræktar séu þessir menn: Forstöðumaður fóðrunar-tilrauna og forstöðumaður búfjársjúkdómarannsókna við rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, tveir menn skipaðir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda séu þeir báðir sérfræðingar í búfjárrækt, og annar forstöðumaður búfjárræktartilrauna á bændaskólunum. 64 7. maí

Nú verða stofnsettar fleiri en tvær aðaltilraunastöðvar í jarðrækt, og skulu þá forstjórar þeirra velja tvo menn úr sínum hópi í tilraunaráðin. Sama gildir ef fleiri en tvö tilraunabú vegna búfjárræktar verða stofnuð.

Tilraunaráðin eru ólaunuð, en ferðakostnaður greiðist samkvæmt reikningi.

#### 5. gr.

Hvort tilraunaráð skal koma saman einu sinni á ári, en aukafundi getur formaður kvatt saman, ef sérstakar ástæður eru til eða meiri hluti ráðsins krefst þess.

#### 6. gr.

Verksvið tilraunaráðs jarðræktar er:

1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á hverjum tíma í þágu jarðræktarinnar.
2. Að kerfisbinda og samræma tilraunastarfsemi jarðræktarinnar, ákveða hver verkefni eru tekin til meðferðar á tilraunastöðvunum og hvernig þeim skuli skipt milli þeirra á hverjum tíma.
3. Að gera tillögur um framkvæmd og ákveða fyrirkomulag dreifðra tilrauna.

#### 7. gr.

Verksvið tilraunaráðs búfjárræktar er:

1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á sviði búfjárræktarinnar.
2. Að ákveða árlega, hverjar tilraunir verði gerðar á búfjárræktartilraunabúum um fóðrun og kynbætur búpenings.
3. Að gera tillögur um fyrirkomulag og framkvæmd búfjárræktartilrauna, sem kunna að verða gerðar utan tilraunabúanna.

#### 8. gr.

Tilraunaráðin sjá um það, að niðurstöður tilraunanna séu birtar almenníngi þannig, að árlega séu gefnar út stuttar lýsingar bændum til leiðbeiningar um þann árangur tilrauna, sem líklegt er að komi samtímis að hagnýtu gagni. Á nokkurra ára fresti skulu svo gefnar út glöggar skýrslur um öll þýðingarmestu atriði tilrauna þeirra, sem gerðar hafa verið á tilraunastöðvunum, tilraunabúunum og landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans.

## II. KAFLI

Um starfsemi landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands.

#### 9. gr.

Til þess að annast rannsóknir fyrir landbúnaðinn skal starfa sérstök deild (landbúnaðardeild) í rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Sbr. lög nr. 97 3. maí 1935.

#### 10. gr.

Landbúnaðardeildin skal hafa með höndum þessi verkefni:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og frærarannsóknir.



- 64 3. Rannsókn jurtasjúkdóma.  
 7. maí 4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir.  
 5. Búfjárbætur.  
 6. Rannsókn búfjársjúkdóma.

Við stofnunina skulu framvegis starfa sérfræðingar í þessum fræðigreinum, og skipar ráðherra í stöðurnar, að fengnum tillögum viðkomandi tilraunaráðs, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

#### 11. gr.

Landbúnaðardeildin skal gera hverskonar athuganir og rannsóknir fyrir tilraunastöðvarnar, tilraunabú bændaskólanna og bændur. Aðalverkefnið skal ákveða af tilraunaráðum í samráði við starfsmenn stofnunarinnar, en verði einhver ágreiningur milli tilraunaráðanna og forstöðumanns deildarinnar, sker landbúnaðarráðherra úr.

#### 12. gr.

Landbúnaðardeildin skal fá jarðnæði til afnota á hentugum stað nærri Reykjavík, þar sem hægt er að rannsaka nauðsynlegustu þætti varðandi: Fóðrun, búfjárbætur, búfjársjúkdóma, jurtakynbætur og jurtasjúkdóma.

### III. KAFLI

#### Um jarðræktartilraunir.

#### 13. gr.

Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámstöðum skulu starfræktar sem aðaltilraunastöðvar í jarðrækt. Landbúnaðarráðherra skal gera samninga við eigendur stöðvanna, er tryggi það, að þær hagi starfi sínu eftir fyrirmælum tilraunaráðs og að engar þær kvaðir verði á þær lagðar, er hamli, að tilraunastarfið nái þeim tilgangi, sem til er ætlað.

Þegar fært þykir af fjárhagslegum ástæðum, skulu til viðbótar stofnsettar tvær aðrar tilraunastöðvar, önnur á Vesturlandi, hin á Austurlandi.

#### 14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef ástæða þykir til, að dómi tilraunaráðs, að setja upp útibú frá aðaltilraunastöðvunum, er taki til meðferðar sérstök verkefni, sem einhverra hluta vegna er ekki unnt að taka upp á aðalstöðvunum.

#### 15. gr.

Þyki tilraunaráði ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem framkvæmdar eru á tilraunastöðvunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum. Búnaðarsamböndin skulu sjá um þá framkvæmd. Tilraunir þessar skulu aðeins gerðar á svæðum þeirra búnaðarsambanda, sem hafa héraðsráðunauta, og er þeim skylt að annast umsjón með slíkum tilraunum, undir stjórn tilraunastöðvanna.

#### 16. gr.

Tilraunir í garðrækt skulu framkvæmdar á garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjavíki í Ölfusi, eftir tillögum tilraunaráðs.

#### 17. gr.

Landbúnaðarráðherra skal, ef tilraunaráð mælir með því, löggilda fræ og út-sæði af ákveðnum afbrigðum ræktunarjurta, þannig að óheimilt sé að verzla með

fræ og útsæði af öðrum afbrigðum þeirra tegunda. Þó skal þetta því aðeins gert, að 64  
nægilegt fræ og útsæði af viðkomandi afbrigðum sé áanlegt, að dómi Búnaðarfélags 7. maí  
Íslands.

## 18. gr.

Til þess að reyna ný verkfæri, eða breytingar á eldri verkfærum, hvort heldur eru jarðyrkjuverkfæri, heyvinnuáhöld eða önnur heimilisáhöld, skal skipa þriggja manna verkfæranefnd. Sé einn tilnefndur af búnaðarþingi, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og sá þriðji af kennurum bændaskólans á Hvanneyri, og sé hann formaður. Verkfæratilraunir skulu fara fram við búnaðarskólann á Hvanneyri, nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annarstaðar.

## 19. gr.

Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við bændaskólann á Hvanneyri, undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverzlánir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri, sem ekki fást á annan hátt.

## 20. gr.

Tilraunir í skógrækt séu gerðar af skógræktarstjóra í samráði við Skógræktarfélag Íslands, og sé einkum stefnt að því að rannsaka hagnýta þýðingu skógargróðurs til landverndunar gegn uppblæstri.

## IV. KAFLI

## Um búfjárræktartilraunir.

## 21. gr.

Tilraunir í búfjárrækt skulu gerðar á skólabúum bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri. Kennarar skólans í búfjárrækt skulu annast stjórn tilraunanna.

## 22. gr.

Á tilraunabúunum séu gerðar tilraunir með fóðrun og kynbætur búpenings. Einnig séu, eftir því sem við verður komið, gerðar tilraunir með heyverkunaraðferðir. Á hverjum tíma séu þau verkefni tekin til athugunar, sem mesta hagnýta þýðingu hafa, og sé tilraunaverkefnunum skipt milli búanna eftir því, sem hentugast er vegna staðháttanna.

Áherzla skal lögð á að miða tilraunirnar við það, að auka notagildi og markaðshæfi hverrar búpeningstegundar.

## 23. gr.

Starfsmenn landbúnaðardeildarinnar við rannsóknarstofnun háskólans í búfjárræktarrannsóknum og stjórnendur tilraunabúanna skulu sameiginlega ákveða, eftir hvaða reglum þær tilraunir séu framkvæmdar, sem tilraunaráð ákveður á hverjum tíma að gerðar séu.

## 24. gr.

Þyki tilraunaráði búfjárræktar ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem fást á tilraunabúunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum, svo og ef ástæða þykir til að gera sérstakar tilraunir, sem ekki er unnt á tilraunabúunum. Yfirumsjón með slíkum tilraunum hafa sérfræðingar rannsóknarstofnunar háskólans í búfjárrækt.

## 25. gr.

Sérfræðingur í búfjárrækt við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans skal kynna sér þær tilraunir, sem gerðar eru með að flytja sæði úr völdum

64 kynbótadýrum til frjóvgunar kvendýra annarstaðar, og ef fært þykir, að nota þær 7. maí aðferðir við kynbætur á búfé hér á landi.

Skulu þá gerðar tilraunir með að flytja sæði erlendis frá til kynblöndunar innanlands.

## V. KAFLI

### Fjárframlög og reikningsskil.

#### 26. gr.

Ríkissjóður kostar þær rannsóknir og tilraunir, sem lög þessi ákveða, og koma þær til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum. Fjárframlög skulu ákveðin í tvennu lagi, til landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar háskólans annarsvegar, en annarar tilraunastarfsemi, sem ríkissjóður kostar, hinsvegar.

#### 27. gr.

Í lok hvers árs skulu tilraunaráðin gefa Búnaðarfélagi Íslands bráðabirgðaskýrslu um tilraunastarfsemi hins liðna árs, ásamt rökstuddum tillögum um, hvað unnið skuli næsta ár og hve mikils fjár sé þörf til framkvæmdanna.

Skýrslur tilraunaráðanna skulu lagðar fyrir búnaðarþing til athugunar, og fylgi umsögn þess eða stjórnar Búnaðarfélags Íslands tillögunum til landbúnaðarráðherra.

#### 28. gr.

Til þess að skipta fé því, sem árlega er varið til hinnar almennu tilraunastarfsemi, skal landbúnaðarráðherra skipa þriggja manna nefnd.

Tilnefnið hvort tilraunaráð einn mann í nefndina. Þriðji maður sé búnaðarmálastjóri, og skal hann vera formaður hennar.

#### 29. gr.

Fjárgreiðslur til tilrauna í jarðrækt og búfjárrækt skulu afgreiddar af Búnaðarfélagi Íslands. Þær stofnanir, sem tilraunirnar hafa með höndum, geri reikningsskil til félagsins, og séu reikningarnir frá síðasta ári komnir fyrir 15. febrúar ár hvert. Þeir skulu síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélagsins og úrskurðaðir af búnaðarþingi.

## VI. KAFLI

### Niðurlagsákvæði.

#### 30. gr.

Um framkvæmd laga þessara, að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í lögum, setur landbúnaðarráðherra reglugerðir, eftir tillögum tilraunaráðanna.

#### 31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

65

7. maí

um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, og á lögum nr. 26 frá 12. febrúar 1940, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

a. 8. gr. laganna skal orða svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína, svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.

b. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru refsingar lagðar við í 3. og 4. gr. laganna, varða sektum frá 100—5000 kr.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

66

7. maí

um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

66

7. maí

## 3. gr.

- Bætur fyrir slys af völdum ófriðar skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:
- Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag frá því slysið vildi til í allt að 52 vikur samtals.
  - Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrnefndra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Örorkubætur má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
  - Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samt.
Ekkja (ekkill) .....	12000	„	„	12000
— með 1 barn .....	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri .....	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar) .....	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn .....	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri .....	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn .....	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri .....	12000	5000	4000	21000
1 barn .....	„	12000	„	12000
2 börn .....	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri .....	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar) .....	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar) .....	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar) .....	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

## 4. gr.

Að öðru leyti fer eftir reglum laga og reglugerðar um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

## L Ö G

67

7. maí

um framlenging á gildi laga nr. 66 11. júní 1938, um vörugjald fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 66 11. júní 1938 skulu gilda til ársloka 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

68

7. maí

um náttúrurannsóknir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til rannsókna á náttúru landsins.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, veitt erlendum fræðimönnum heimild til að stunda rannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samstarf við íslenzka fræðimenn og láti þeim í té skýrslu um árangur rannsókna, samkvæmt fyrirætlum, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð.

3. gr.

Þeir, sem rannsóknir stunda, skulu forðast óþarfa átroðning á landi annara manna, og skylt er þeim að greiða bætur fyrir þann skaða, er þeir kunna að valda.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það eiganda eða umsjármanni lands þess, þar sem verðmætin eru.

Enginn má taka ólofað í landi annars manns neina þá náttúrugripi, sem fé-mætir teljast.

## II. KAFLI

## Um rannsóknaráð ríkisins.

## 4. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknaráð ríkisins. Ríkisstjórnin skipar ráðið til þriggja ára í senn eftir tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á Alþingi.

## 5. gr.

Hlutverk rannsóknaráðs er:

1. Að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna saman niðurstöðum þeirra.
2. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir.
3. Að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því, sem ríkisstjórnin kann að óska og fé er veitt til í fjárlögum eða af náttúrufræðideild menningarsjóðs.
4. Að gæta hagsmuna íslenskra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem hingað koma til rannsókna, og koma fram af landsins hálfu við fræðimenn annara þjóða að því leyti, sem við á.

## 6. gr.

Skylt er öllum þeim, er stunda náttúruvannsóknir með styrk úr ríkissjóði eða menningarsjóði, að hafa samvinnu við rannsóknaráðið og láta því í té skýrslur um niðurstöður rannsókna sinna.

## 7. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, framkvæmdastjóra, sem hefir á hendi dagleg störf og umsjón með þeim málum, sem undir ráðið falla.

## 8. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður rannsóknaráðsmönnum og framkvæmdastjóra hæfilega þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

## III. KAFLI

## Um atvinnudeild háskólans.

## 9. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa rannsóknastofnun í þágu atvinnuvega landsins, og nefnist hún atvinnudeild háskólans.

Atvinnudeild skiptist í þrjár sérdeildir, er nefnast fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild. Fjölga má sérdeildum, ef yfirstjórn stofnunarinnar telur það nauðsynlegt og fé er veitt til í fjárlögum.

## 10. gr.

Fiskideild annast rannsóknir í þágu fiskveiða, svo sem rannsóknir á eðli sjávar og vatna, svifi og botnátu, lífi fiska, einkum nytjafiska, göngum þeirra og hátterni, svo og fiskiðnaðarrannsóknir.

## 11. gr.

Búnaðardeild annast rannsóknir í þágu landbúnaðar, svo sem jarðvegsrannsóknir hverskonar, áburðarrannsóknir, plönturannsóknir og plöntusjúkdóma, einkum nytjaplantna, búfjárrannsóknir og búfjárjúkdóma, fóðurrannsóknir og rannsóknir um kynbætur búfjár og nytjaplantna.

## 12. gr.

68

Iðnaðardeild annast rannsóknir í þágu iðnaðar, svo sem rannsóknir hráefna, orkulinda og iðnaðarvarnings, matvæla- og fjörefnarannsóknir, gerlarannsóknir, náma- og jarðefnarannsóknir. 7. maí

## 13. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirstjórn atvinnudeildar með aðstoð rannsóknaráðs ríkisins.

## 14. gr.

Ráðherra ákveður, í samráði við rannsóknaráð, tölu fastra starfsmanna og skipar þá eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Á sama hátt ákveður ráðherra tölu annara starfsmanna, kaup þeirra og kjör.

## 15. gr.

Starfsmenn atvinnudeildar skulu launaðir úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknaráðs, laun fastra starfsmanna, unz þau verða tiltekin í launalögum.

Enginn starfsmaður má taka aukagreiðslu fyrir störf sín við stofnunina.

## 16. gr.

Í hverri sérdeild skipar ráðherra deildarstjóra til þriggja ára í senn, og stjórna þeir daglegum störfum og rekstri deilda sinna undir yfirstjórn rannsóknaráðs.

Rannsóknaráð ákveður rannsóknarefni í samráði við deildarstjóra, en skylt er því að leita áður álits og tillagna Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess, að samræma störf sérdeilda, eftir því sem fært þykir.

Að öðru leyti ákveður ráðherra með reglugerð starfstilhögun atvinnudeildar, starfaskiptingu og stjórn.

## 17. gr.

Skylt er atvinnudeild að taka að sér rannsóknir fyrir atvinnurekstur einstakra manna, félaga eða stofnana, eftir því sem við verður komið, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður með gjaldskrá. — Þó getur ráðherra mælt svo fyrir, að deildin skuli annast rannsóknir endurgjaldslaust, ef ástæða þykir til eða í hlut eiga stofnanir, sem starfa í þágu ríkisins. Óheimilt er öðrum rannsóknastofnunum, sem styrks njóta úr ríkissjóði, að taka að sér slíkar rannsóknir, nema gegn þóknun samkvæmt gjaldskrá atvinnudeildar.

## 18. gr.

Skylt er starfsmönnum ríkisins eða stofnana, sem starfa með ríkisstyrk, að láta atvinnudeild aðstoð sína í té við rannsóknir eða tilraunir, eftir því sem við getur átt og ráðherra telur nauðsynlegt. Heimilt er ráðherra að ákveða með reglugerð þóknun fyrir slíka aðstoð.

## 19. gr.

Nú verður tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem atvinnudeild fjallar um, og skulu þá starfsmenn deildarinnar stunda þá kennslu, eftir því sem henta þykir og ákveðið er í reglugerð háskólans. Háskólaráð getur ákveðið, með samþykki ráðherra, að verklegar æfingar háskólastúdenta í efnafræði og öðrum skyldum námsgreinum skuli fram fara í atvinnudeild undir handleiðslu starfsmanna hennar. Eigi er skylt að greiða starfsmönnum atvinnudeildar sérstök laun fyrir störf í þjónustu háskólans samkvæmt þessari grein.



68

7. maí

Til atvinnudeildar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands.

20. gr.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 41 12. febr. 1940.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

69

7. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábuð og óðalsrétt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Skylt er erfðaleiguábuanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum, án endurgjalds frá landsdrottni, en kostnað við virðingu til brunabóta greiðir landsdrottinn.

2. gr.

Á eftir orðunum „þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins“ í 9. gr. laganna komi: að viðbættu allt að 25% af gildandi fasteignamatsverði, eða matsverði teiknistofu landbúnaðarins, húsa þeirra, sem ábuandi á og telja má, eftir vottorði trúnaðarmanna ræktunarsjóðs, nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni.

3. gr.

Fyrir „3%“ í e-lið 10. gr. laganna komi: 4%.

4. gr.

Fyrir „50%“ í 20. gr. laganna komi: 75%.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

70

7. maí

## um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hverskonar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn því, að menn sýkist af fýlasótt (psittacosis, páfagaukaveiki), og þar á meðal að banna að meira eða minna leyti fýlatekju, hvort sem er á einstökum stöðum eða á landinu í heild.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

## L Ö G

71

7. maí

## um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

4. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti, Álum og Affalli að brúaropinun hjá Litlu Dímon.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

72

7. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Í stað 23. gr. laga nr. 24 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, komi tvær gr., er verða 23. og 24. gr. og orðast svo:

- a. (23. gr.). Eftirlit með vélum og verksmiðjum er undir yfirumsjón atvinnumálaráðherra, er skipar skoðunarstjóra og ákveður kaup hans og setur honum erindisbréf.

Ennfremur skipar atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum skoðunarstjóra, aðstoðarskoðunarmenn í kaupstöðum, þar sem þess er þörf. Skulu þeir hafa á hendi vandalitlar skoðanir, sérstaklega þar sem þeir eru búsettir og í nágrenni, eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi. Skal þar ákveða, að þeir fái að þóknun fyrir starfa sinn tiltekinn hluta skoðunargjalda þeirra fyrirtækja, sem þeir skoða.

Skoðunarstjóri fær greiddan úr ríkissjóði skrifstofukostnað og ferðakostnað samkvæmt fjárveitingu í fjárlögum.

Skoðunarmenn skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji inna starf sitt af hendi samvizkusamlega.

- b. (24. gr.). Eigendur skoðunarskyldra atvinnufyrirtækja greiða árlega í ríkissjóð skoðunargjald af vélum og eimkötlum samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra setur. Lögreglustjórar innheimta skoðunargjöld, en í Reykjavík tollstjóri. Skoðunargjald má taka lögtaki.

Kostnað við yfirskoðun greiðir beiðandi að öllu leyti. Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jón Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

73

7. maí

## um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra samkv. 10. og 11. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, skulu á árinu 1940 hækka um sömu hundraðstölu og vísitala kauplagnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og lög um breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940.

## 2. gr.

Lífeyrissjóði Íslands heimilast að greiða á árinu 1940 uppbót á ellilaun og örorkubætur samkv. 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, er nemi allt að sama hundraðshluta og vísitala kauplagnefndar hækkar um, sbr. lög nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, og breytingar á þeim lögum frá 5. janúar 1940, enda greiði hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélög tilsvarendi uppbót af sínum hluta.

## 3. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóði Íslands fjárhæð þá, sem sjóðurinn greiðir samkvæmt 2. gr.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
 (L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

74

7. maí

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1941 með viðauka.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1941 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

74  
7. maí

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1941 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast  $\frac{1}{2}$  eyrir og  $\frac{1}{2}\%$  eða herra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1941 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

75  
7. maí

## BIFREIÐALÖG

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

Bifreið nefnist í lögum þessum sérhvert ökutæki, sem knúið er áfram með aflvél í ökutækinu sjálfu og eigi rennur á spori.

Undanþegin lögnum eru þau vélknúin ökutæki, sem eingöngu eru notuð við jarðyrkju eða vegavinnu, þó eigi vatnsbifreiðar. Einnig eru undanþegnir pallvagnar á lágum hjólum, sem notaðir eru til vöruflutninga að og frá skipi. Enginn má stjórna slíkum ökutækjum, nema hann sé fullra 18 ára að aldri. Að öðru leyti getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð, hvort frekari skilyrða skuli krafizt, svo og um akstur og notkun ökutækja þessara.

Rísi ágreiningur um það, hvort ökutæki sé háð ákvæðum þessara laga eða þeim reglum, er settar verða samkvæmt þeim, úrskurðar dómsmálaráðherra endanlega um málið, en leita skal áður umsagnar fjármálaráðuneytisins, sé um afgjaldsskyldu að ræða. 75  
7. maí

Lögreglubifreiðar, slökkviliðsbifreiðar og sjúkrabifreiðar eru undanþegnar ákvæðum laga þessara um hámarkshraða, en dómsmálaráðherra getur ákveðið, að þessar bifreiðar skuli nota ákveðin einkenni og merki og jafnframt bannað öðrum bifreiðum notkun þeirra. Ennfremur getur dómsmálaráðherra undanþegið þessar og fleiri tegundir bifreiða í opinberri þjónustu ákvæðum laga þessara með þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg.

Bifreiðar, sem í einstökum tilfellum eru notaðar til flutnings sjúkra eða slas- aðra, eða annars slíks flutnings, er ekki þolir bið, eru, meðan þær eru í þeirri notkun, undanþegnar ákvæðum laga og reglna, sem samkvæmt þeim kunna að verða settar um hámarkshraða, svo og um takmarkanir á akstri á ákveðnum tíma og vegum, en sá, er notar bifreið þannig, skal innan sólarhrings í síðasta lagi tilkynna lögreglunni aksturinn. Meðan bifreið er notuð samkvæmt þessari heimild, skal til viðvörunar hvít veifa fest á áberandi stað framan á bifreiðina.

## II. KAFLI

### Um gerð bifreiða.

#### 2. gr.

Sérhver bifreið skal svo gerð, að af notkun hennar leiði ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

Heimilt er að nota bifreið til þess að draga aðra bifreið bilaða. Dómsmálaráðherra getur ennfremur með reglugerð heimilað, með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, að bifreiðar séu notaðar til þess að draga vélalaus flutningsvagna og óskrásettar bifreiðar. Ákvæði laga þessara gilda um ökutæki þau, sem dregin eru, eftir því sem við á.

#### 3. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hver megi vera mesta þyngd hlaðinnar bifreiðar, svo og vagns, sem bifreið dregur. Binda má hámarksþyngd við akstur á nánar tilteknum vegarköflum, miðað við burðarþol vega og brúa.

Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum eða vegarköflum, með öllu eða um tiltekinn tíma, ef slík umferð telst hættuleg eða vera til sérlegra óþæginda.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, bannað á sama hátt umferð bifreiða á götum í kaupstað eða kauptúni.

#### 4. gr.

Ráðherra sá, er fer með vegamál, getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett reglur um gerð hjólarþæða, er nota megi á bifreiðum.

#### 5. gr.

Í hverri bifreið skulu vera traust stjórnæki, og skal auðvelt að hafa með þeim fullt vald yfir bifreiðinni.

Í hverri bifreið skulu hemlar vera svo gerðir og ætíð í því ástandi, að stöðva megi bifreiðina tryggilega og fljótt.

75  
7. maí

6. gr.

Á hverri bifreið skal vera horn til þess að gefa með hljóðmerki. Skal vel og haganlega um það búíð og það gefa frá sér skýrt og þægilegt hljóð.

7. gr.

Á bifreiðum skulu vera ljósker, er séu tendruð frá því hálf tími er liðinn frá sólsetri og þangað til hálf tími er til sólaruppkomu, og einnig í þoku.

Á fjórhjóra bifreiðum skulu vera tvö framljósker og minnst eitt afturljósker. Framljóskerin skulu hafa hvítt eða daufgult ljós og bæði sama ljósmagn. Þau skulu vera sitt til hvorrar hliðar framan á bifreiðinni og lýsa akbrautina framundan nægilega til þess að skapa nauðsynlega yfirsýn fyrir ökumanninn og sett og stillt þannig, að geislar þeirra valdi sem minnstum óþægindum þeim vegfarendum, er á móti koma. Afturljóskerið skal sýna rautt ljós beint aftur, en lýsa jafnframt aftara skrásetningarmerki bifreiðarinnar nægjanlega með hvítu ljósi. Um ljóskerið má ekki búa svo, að hægt sé að slökkva á því frá ökumannssætinu eða inni í bifreiðinni, á meðan ljós er á framljóskerunum.

Dragi bifreiðin einn eða fleiri vagna, skal afturljós vera á vagninum, sem dreginn er, og séu þeir fleiri en einn, þá á þeim aftasta.

Á tvíhjóra bifreiðum (bifhjólum) skal vera eitt framljósker með hvítu eða daufgulu ljósi, er lýsi akbrautina nægjanlega og á þann hátt, sem segir í 2. mgr., og eitt afturljósker, er sýni rautt ljós beint aftur, en lýsi skrásetningarmerki bifreiðarinnar með hvítu ljósi.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ljósaumbúnað bifreiða og um notkun fleiri ljóskera, ef þörf þykir.

8. gr.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að á vöru- og mannflutninga-bifreiðum skuli vera spegill, og sé honum þannig fyrir komið, að ökumaðurinn geti séð í honum umferðina fyrir aftan bifreiðina.

9. gr.

Í sérhverri fjórhjóra bifreið skal vera hraðamælir, er sýni hraða bifreiðarinnar og farna vegalengd á hverjum tíma.

10. gr.

Stýri, hemlar og tæki til að gefa merki með skulu þannig gerð og þeim svo fyrir komið, að þau séu auðveld í notkun. Skal ökumaðurinn geta beitt þeim án þess að beina athyglinni frá akbrautinni eða umferðinni.

11. gr.

Bifreiðar skulu svo gerðar, að þær geti farið eftir kröppum bugum og auðvelt sé að snúa þeim. Sé bifreið þyngri en 350 kg., skal aflvélin geta knúið hana aftur á bak sem áfram.

12. gr.

Ekki má nota breiðari bifreiðar en svo, að mesta breidd þeirra utanmáls sé 192 cm. Þó getur ráðherra sá, er fer með vegamál, að fengnum tillögum vegamála-stjóra, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

13. gr.

Í hverri bifreið skal vera spjald með áletrun, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

## III. KAFLI

75

## Um tilkynningu, skrásetningu og skoðun bifreiða.

7. maí

## 14. gr.

Sérhver bifreiðareigandi (umráðamaður bifreiðar) skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin í notkun.

Er lögreglustjóri hefir fengið tilkynningu um bifreið, lætur hann eftirlitsmann bifreiða, er dómsmálaráðherra skipar, framkvæma skoðun á bifreiðinni, og sker hann úr um það, hvort hún fullnægi kröfum þessara laga og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim, og yfirleitt, hvort bifreiðin er þannig byggð og gerð, að notkun hennar sé hættulaus.

Fullnægi bifreiðin, að áliti eftirlitsmanns, settum reglum, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina. Til skrásetningar bifreiða heldur lögreglustjóri sérstaka bók, bifreiðaskrá, og skráir í hana nauðsynlegar upplýsingar um bifreiðina og eiganda hennar, en dómsmálaráðherra ákveður nánar um form og innihald skrárinnar. Jafnframt skal sett spjald með umdæmistölumerki bifreiðarinnar aftan á hana og framan. Skrásetningarmarki lætur lögreglustjóri í té fulltilbúin, gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má á engan hátt hylja þau, er bifreiðin er í notkun. Eftirlitsmaður bifreiða ákveður að skoðun lokinni, hve marga farþega bifreið megi flytja, þar á meðal sérstaklega, hve marga í sætum við hlið ökumanns, og ritar það í skoðunarovottorð sitt. Skal ávallt geyma það í bifreiðinni sjálfri, og má aldrei flytja fleiri farþega í bifreið en skoðunarovottorð tiltekur.

Eftirlitsmaður ákveður, hve mikinn þunga vörubifreiðar megi flytja og skráir það í skoðunarovottorð. Má aldrei hlaða bifreið meira en heimilað er. Eftirlitsmenn og löggæzlumenn geta í einstökum tilfellum ákveðið fyrirkomulag á hleðslu bifreiðar, og er bifreiðaeigendum og ökumönnum þá skylt að hlíta þeim fyrirmælum. Eftirlitsmaður ákveður, hvort og þá með hvaða skilyrðum heimilt er að nota vöruflutningsbifreið til flutnings farþega endrum og sinnum. Skal það skráð í skrásetningarvottorð.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilfellum heimilað akstur bifreiða, sem ekki eru skrásettar, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Má í þessum reglum ákveða, að gjald skuli koma fyrir leyfið.

Fyrir skrásetningu bifreiðar greiðir eigandi gjald til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

## 15. gr.

Glatist skrásetningarmarki bifreiðar eða verði það ónothæft, skal það þegar tilkynnt lögreglustjóranum í umdæmi því, þar sem bifreiðin er skrásett, en sé hún stödd í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

## 16. gr.

Verði eigandaskipti (eða umráðamanns) að skrásettri bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi (umráðamaður) tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Sé nýi eigandinn búsettur utan þess, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóranum í sínu umdæmi eigandaskiptin, og skal bifreiðin þá skráð að nýju þar, en afskráð í umdæminu, sem hún fluttist frá.

Flytji eigandi (umráðamaður) bifreiðar búferlum með bifreið sína í annað lögsagnarumdæmi, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal bifreiðin þá afskráð í umdæmi því, er hún fluttist frá, en skráð að nýju í umdæmi því, sem hún flyzt í, og fær hún þar ný skrásetningarmarki.



75 Sé aðeins um 6 mánaða eða skemmri dvöl að ræða í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

7. maí Um leið og bifreið er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skrásetningargerkin endurgjaldslaust.

#### 17. gr.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn bifreiða eftir þörfum og ákveður umdæmi þeirra og starfssvið, réttindi þeirra og skyldur. Skulu eftirlitsmenn vera sérfróðir í öllum þeim málum, er bifreiðar varða, bæði að því er snertir gerð og akstur bifreiða, meðferð benzíns og annara eldfimra efna, sem notuð eru í sambandi við bifreiðar, svo og lög þau og reglur, er um þær gilda. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hæfni eftirlitsmanna og gefur þeim erindisbréf að öðru leyti um eftirlitið, eftir því sem þurfa þykir.

Hver eigandi bifreiðar skal árlega greiða skoðunargjald af bifreið sinni til ríkissjóðs, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Skal verja skrásetningargjöldum (sbr. 14. gr.) og skoðunargjöldum til þess að greiða kaup eftirlitsmanna og annan kostnað við eftirlitið samkv. reglum, er dómsmálaráðherra setur.

Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn bifreiða geta, hvenær sem er, krafizt þess, að bifreið, sem skrásett er eða notuð í umdæmi þeirra, sé færð til skoðunar á tiltekinn stað í umdæminu, svo ganga megi úr skugga um, hvort hún sé í lögmæltu standi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft árlega skoðun bifreiða skuli fara fram. Hann getur í reglugerð fyrirskipað sérstaka skoðun með skömmu millibili á bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga.

Lögreglumönnum og eftirlitsmönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva bifreiðar og skoða þær samstundis og athuga ökuskirteini bifreiðarstjóra. Slika skoðun skal aðallega framkvæma í því skyni að prófa umbúnað stýris og hemla bifreiðarinnar.

Komi það í ljós, að bifreið fullnægir ekki lengur lögum og reglum, eða bifreið er eigi færð til skoðunar, er það hefir verið fyrirskipað, getur lögreglustjóri bannað notkun hennar og tekið af henni skrásetningargerkin, unz bætt hefir verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt.

#### 18. gr.

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á því, að bifreiðin sé ávallt í lögmæltu ástandi.

#### 19. gr.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilkynningu, skoðun, flutning, skrásetningu og afskráningu bifreiða. Hann getur og, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari reglur um gerð og notkun bifreiða, til öryggis umferðinni, sérstakar reglur um gerð og notkun ökutækja, sem knúin eru með rafmagni, eimvél eða kolagasi, svo og vagna, sem festir eru aftan í bifreið. Ennfremur setur hann reglur um geymslu og meðferð á benzíni og öðrum eldfimum efnum, sem notuð eru til bifreiða.

### IV. KAFLI

#### Um bifreiðarstjóra.

#### 20. gr.

Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskirteini hjá lögreglustjóra. Í ökuskirteininu skal vera mynd af bifreiðarstjóranum, og skal hann ávallt hafa skirteinið hjá sér, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumenn eða eftirlitsmenn bifreiða krefjast þess.

Skilyrði til þess að öðlast ökuskirteini eru þau, að umsækjandinn sé fullra 18 75 ára að aldri, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og heyrn 7. maí og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega, að hann hafi notið kennslu í akstri og fræðslu um meðferð benzíns og vélar bifreiðarinnar, ennfremur að hann hafi staðizt próf í akstri, meðferð bifreiða, bifreiðavéla, benzíns og annara eldfimra efna, umferðarreglum og bifreiðalögum. Próf þetta framkvæma eftirlitsmenn bifreiða, eða aðrir sérfróðir menn, er dómsmálaráðherra skipar til þess. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskirteini, ef varhugavert þykir með tilliti til fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það.

Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskirteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá nánari reglur um innihald skirteinisins.

Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann sé fullra 20 ára að aldri, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, er dómsmálaráðherra ákveður nánar um í reglugerð.

Dómsmálaráðherra setur reglur um, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskirteini hafa, megi aka bifreið hér á landi.

Ökuskirteinið gildir í 5 ár frá því það er gefið út. Lögreglustjóri getur þó hvernær sem er svipt mann því, ef það upplýsist, að viðkomandi fullnægir ekki lengur settum skilyrðum til þess að öðlast ökuskirteini. Ef endurnýjunar á ökuskirteini er óskað að 5 árum liðnum, verður viðkomandi að færa sönnur á það fyrir lögreglustjóra að nýju, að hann fullnægi skilyrðunum til þess að fá ökuskirteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort viðkomandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðarstjóraþróf.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir öll veitt ökuskirteini samkvæmt reglum, er dómsmálaráðherra setur.

## 21. gr.

Bifreiðarstjóraefni megi því aðeins afa sig í bifreiðaaakstri, að við hlið nemandans í bifreiðinni sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð bifreiða hefir sá, sem er 25 ára að aldri og hefir ökuskirteini, er heimilar honum akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða megi aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri og meðferð tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskirteini, eru 25 ára að aldri og hafa minnst 1 árs æfingu í akstri slíkra bifreiða.

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „kennslubifreið“. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að kennslubifreiðar séu með tilliti til kennslunnar búnar sérstökum öryggistækjum.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að akstursæfingarnar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megi hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið. Má ákveða, að auk fyrrgreindra skilyrða skuli menn einnig verða að fá löggildingu dómsmálaráðuneytisins til þess að megi veita kennslu í bifreiðaaakstri.

75

7. maí

22. gr.  
Eigandi (umráðamaður) bifreiðar má ekki fela stjórn hennar manni, sem eigi hefir ökuskirteini.

Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) skylt að upplýsa, hverjir hafi ekið bifreiðinni og stjórnað henni á hverjum tíma.

23. gr.

Enginn má neyta áfengis við bifreiðarakstur. Enginn má aka bifreið eða reyna að aka bifreið, er hann er undir áhrifum áfengis. Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið gegn þessu fyrirmæli, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, og er þá viðkomanda skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar, þar á meðal, að tekið sé úr honum blóðsýnishorn. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um læknisrannsóknina. Það er bannað að fá þeim, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar.

Þegar maður á opinberum veitingastað er undir áhrifum áfengis, og veitingamaðurinn eða þjónn hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann ætli í þessu ástandi að aka bifreið, þá er veitingamanninum eða þjóni hans skylt að gera það, sem þeim er unnt, til þess að hindra hann í að aka eða reyna það, þar á meðal með því að gera lögreglunni aðvart.

Enginn má aka eða reyna að aka bifreið, ef hann vegna ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis eða æsandi eða deyfandi lyfja eða annara slíkra orsaka er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefir í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannlutninga. Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannlutninga.

Bannað er að selja eða afhenda bifreiðarstjóra, sem er undir áhrifum áfengis, benzín eða annað, sem þarf til aksturs bifreiðinni.

Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

24. gr.

Bifreiðarstjóri skal ávallt gæta þess, að öll tæki í bifreiðinni, einkum stjórn-tæki, hemlar og merkjataeki, séu í lagi.

## V. KAFLI

### Um akstur á götum, vegum og öðrum svæðum.

25. gr.

Akstur bifreiða er heimill á öllum götum, vegum og svæðum, sem opin eru fyrir umferð almennt, nema því aðeins, að takmarkað sé samkvæmt heimild í lögum eða lögreglusamþykktum að því er snertir einstaka vegar- eða götukafla.

26. gr.

Ökuhraðanum skal ávallt haga eftir gerð bifreiðarinnar, umferðinni og ástandi vegarins. Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að stöðva megi bifreiðina á  $\frac{1}{3}$  þess hluta vegarins, sem auður er og hindranalaus framundan og bifreiðarstjóri hefir útsýn yfir.

Í kaupstöðum, kaupúnum og ámóta þéttbýli má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 30 kílómetrar á klukkustund. Utan þessara staða má hraðinn vera meiri, ef næg útsýn er yfir veginn og ökumaður samt sem áður getur fullnægt öllum skyldum sínum, þó aldrei meiri en 60 kílómetrar á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari regl-

ur um ökuhraðann, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða en að framan greinir, 75 sérstaklega fyrir þungar bifreiðar. Í kaupstöðum og kaupþúnum má setja slíkar 7. maí reglur í lögreglusamþykktum.

Framangreindur hámarkshraði er því aðeins heimill, að akbrautin sé óhindruð og yfirsýn nægileg og að umferð frá hliðarbrautum verði séð í tæka tíð. Á ljósa-tíma má eigi aka hraðar en brautarlýsingin, þar á meðal lýsingin frá ljóskerum bifreiðarinnar, leyfir. Ökuhraðanum skal ávallt stilla svo í hóf, sem telja verður nauðsynlegt vegna umferðarinnar, og aldrei er heimilt að aka fram úr ökutæki eða vegfaranda, nema akbrautin sé auð og óhindruð á nægjanlega löngu svæði fram-undan. Bannað er að aka fram úr öðru ökutæki á vegamótum. Til hleðslu á bifreiðum skal vandað eftir föngum, en sé hleðsla bifreiðar mikil fyrirferðar, skal draga úr hraðanum svo sem þörf er til öryggis umferðinni.

Þar sem ökumaðurinn sér stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vega-mót eða gatnamót, þar sem vegurinn er sleipur og þar sem mikil umferð er, má ekki aka hraðar en svo, að stöðva megi vagninn þegar í stað. Sé bleyta eða for á veginum, skal aka svo gætilega, að ekki slettist á aðra vegfarendur.

Þar sem lögreglan af sérstökum ástæðum telur frekari takmörkun ökuhrað-ans nauðsynlega, má skipa svo fyrir með því að festa upp spjald við akbrautina með þar að lútandi áletrun.

#### 27. gr.

Skylt er bifreiðarstjóra í akstri og meðferð bifreiðar að sýna nauðsynlega að-gæzlu og varkárni gagnvart nærstöddum og annari umferð yfirleitt, svo og vegna þeirra, sem bifreiðin flytur.

Þegar hált er á akbraut, skal skylt að hafa snjókeðjur á afturhjóllum bifreiða.

Verði fundin upp tæki, sem reynast nothæf til að hindra, að á vegfarendur eða annað það, sem í námunda er, slettist vegna aksturs bifreiðar í bleytu eða for, getur dómsmálaráðherra með minnst árs fyrirvara fyrirskipað, að bifreiðar skuli búnar slíkum tækjum.

#### 28. gr.

Ökumaður bifreiðar skal gefa hljóðmerki í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, en notkun hljóðmerkis undanþiggur ekki bifreiðarstjórann skyldu hans til sérstakrar varkárni. Hann skal þegar í stað hætta að gefa hljóðmerki og stöðva bifreiðina og gangvél hennar, ef nauðsyn krefur, svo sem ef hestar hræðast eða verða óróir, og eigi má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer framhjá hestum á veginum.

Bannað er að gefa hljóðmerki, nema þegar umferðin gefur tilefni til þess.

Aki bifreið fram á eða mæti hún ökutæki, riðandi manni eða öðrum vegfar-endum, skal ökumaðurinn gefa hljóðmerki til viðvörðunar í tæka tíð og halda bifreiðinni nægjanlega til vinstri á akbrautinni, ef hann ætlar að aka fram úr, en til hægri, ef umferðin kemur á móti honum. Gefi akandi eða riðandi maður eða maður með gripi bifreiðarstjóra merki, eða ef gripirnir ókyrrast, skal bifreiðarstjórinn biða þess, hvort gerðar eru varúðarráðstafanir, t. d. með því, að maður stígur af baki, vikið er til hliðar o. s. frv. Annars er bifreiðarstjóra heimilt að aka áfram, en meðan hann ekur framhjá, skal hann gæta sérstakrar varkárni. Ef nauðsyn krefur, er bifreiðarstjóri skyldur til að aðstoða við að flytja hesta og aðra gripi framhjá bifreiðinni. Ef ferðamenn með hlaðna vagna hafa neyðzt til að vikja út af vegi fyrir bifreið, skal bifreiðarstjóri einnig veita liðsinni sitt, ef þörf gerist, til þess að koma vögnunum aftur á veginn.

Ef bifreið mætir vögnum á þeim stað, þar sem vegurinn er svo mjór, að hvorugur kemst framhjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar, sem hinir komast framhjá henni. Ef bifreiðar mætast á slíkum stað, skal sú bifreiðin aka til baka, sem betur fær því við komið (t. d. er á leið upp brekku). Einnig skal bif-

75 reiðarstjóri, ef hann mætir bifreið eða öðrum vegfarendum á ljósátíma, lækka fram-  
7. maí ljósin, ef unnt er.

Bifreiðarstjóri er skyldur að víkja til hægri handar fyrir umferð, sem á eftir kemur, og hleypa henni framhjá, ef unnt er.

Hinsvegar skulu vegfarendur jafnan víkja úr vegi fyrir bifreiðum sem öðrum vögnum, og aldrei tefja fyrir þeim að óþörfu.

Bifreið með fyrirferðarmiklu hlassi, t. d. heyi, eða hlassi, sem stendur aftur af palli, t. d. timbri, er skylt að staðnæmast, ef með þarf, til þess að hleypa öðrum vegfarendum framhjá.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, sett nánari ákvæði um akstur bifreiða til öryggis umferð.

#### 29. gr.

Ef slys vill til þar, sem bifreið er á ferð, skal ökumaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

#### 30. gr.

Bifreiðarstjóri ber ábyrgð á því, að bifreiðin gefi ekki frá sér þéttan reyk, valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra, sem dvelja eða húa nálægt akbrautinni, og að gufa eða óþefur stafi ekki frá bifreiðinni frekar en óumflýjanlegt er.

#### 31. gr.

Þegar bifreiðarstjóri yfirgefur bifreið, skal hann stöðva vélina og ganga svo frá henni, eftir því sem kostur er á, að óviðkomandi geti ekki sett hana í gang eða hún farið í gang sjálfkrafa.

#### 32. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

#### 33. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um leigu á mannflutningabifreiðum án bifreiðarstjóra.

## VI. KAFLI

### Um skaðabótaskyldu og vátryggingu.

#### 34. gr.

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það fé, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Nefnd regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreið flytur, nema bifreiðin sé til afnota fyrir almennung gegn borgun. Um skaðabótaskyldu fyrir önnur slík slys eða tjón fer eftir almennum reglum.

Færa má fébætur niður eða jafnvel láta þær alveg niður falla, ef sá, er fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri, skiptist tjónið á þær sín á milli að tiltölu við sök hvers þeirra í slysinu.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmeats umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvíla á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

## 35. gr.

75

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

7. maí

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færist skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

Ökumaður bifreiðar er auk þess skaðabótaskyldur, ef hann á sök á slysi eða tjóni, er verður af notkun bifreiðarinnar.

## 36. gr.

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 15000 kr. fyrir tvíhjóla bifreiðar og 30000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að verða á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slys eða tjón bar að höndum.

Fyrir bifreiðar til mannflutninga skal tryggingarupphæðin þó aldrei nema minnu en sem svari 5000 krónum á hvern farþega, sem heimilt er að flytja í bifreiðinni.

Tryggingarskylt er ekki ríkið eða stofnanir, sem það ber ábyrgð á, konungur og fjölskylda hans, útlendir þjóðhöfðingjar eða sendiherrar og sendiráðismenn annara ríkja.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og viðurkenningu á tryggingarfélögum.

Iðgjöld, sem tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkenndu tryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

Verði tryggingartaki gjaldþrota, skulu iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 83. gr. 4. tölulið skiptalaganna, og gildir það, þó tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Tryggingarfélagið hefir endurkröfurétt á hendur tryggingartaka, hafi hann valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð samkvæmt reglunni í 34. gr. síðustu málsgr., þó þannig, að veðband það, sem ræðir um í þeirri grein, gangi fyrir. Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingarsala.

Sérhver bifreiðareigandi skal tryggja ökumann bifreiðar, og gildir sú trygging fyrir hvern bifreiðarstjóra, er henni stýrir. Tryggingin er fyrir bótum vegna slysa, er bifreiðarstjóri kann að verða fyrir við aksturinn. Skal tryggt í Slysatryggingu ríkisins og fyrir sömu bótum, sem þar eru ákveðnar. Umboðsmenn slysatryggingarinnar innheimta iðgjöldin.

## 37. gr.

Nú er refsímál höfðað gegn manni fyrir lögbrot, sem skaðabótaskyldu getur haft í för með sér samkvæmt 34. gr., og skal þá gefa þeim, sem fyrir tjóninu varð, kost á að koma að skaðabótakröfu í málinu.

Komi skaðabótakrafa fram, skal viðkomandi váttryggingarfélagi gert aðvart um málið og gefinn sami kostur á því og sökumautar hafa almennt til þess að færa fram varnir gegn slíkum kröfum, enda er þá dómur um skaðabótakröfuna bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gegn því.

Í sérstökum tilfellum, þegar skaðabótamálið út af fyrir sig er mjög flókið og umfangsmikið og sættir takast ekki, getur rétturinn vísað því frá dómi í refsímálinu.

## VII. KAFLI

## Um refsingu og sviptingu ökuleyfis.

## 38. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, eða varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Hver, sem ekur bifreið eða reynir það, er hann er undir áhrifum áfengis, fær öðrum manni, sem er undir áhrifum áfengis, stjórn bifreiðar, ekur bifreið eftir að hann hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttindum til að öðlast það, misnotar merki það, sem rætt er um í 1. gr. 5. mgr., eða notar skrásetningarmerki á aðra bifreið en til er ætlazt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi, nema um alveg sérstakar málsbætur sé að ræða. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakbornings.

Nú fremur ökumaður, sem ekki er eigandi bifreiðarinnar sjálfur, eða er háður stjórn annars manns, brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, með vitund og vilja bifreiðareigandans eða yfirboðara síns í starfinu, og skal þá einnig bifreiðareigandanum eða yfirboðaranum refsað fyrir brotið.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

## 39. gr.

Bifreiðarstjóri, sem ekur bifreið undir áhrifum áfengis eða neytir áfengis við bifreiðarakstur, skal sviptur ökuleyfi sínu um ákveðinn tíma, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef alveg sérstakar málsbætur eru fyrir hendi og kærði hefir eigi áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, þarf þó eigi auk refsingar að beita ökuleyfissviptingu. Ökuleyfissviptingu má einnig beita, hafi kærði orðið sekur um mjög vitaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins og annars framferðis kærða sem bifreiðarstjóra, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Hafi kærði ekki ökuleyfi, skal í stað ökuleyfissviptingar koma svipting réttarins til þess að öðlast öku-réttindi.

Hafi maður verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að fá það í lengri tíma en 3 ár, þá getur dómismálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfið á ný eða rétturinn til þess að öðlast það, enda séu færðar sönnur fyrir því, að viðkomandi hafi verið bindindismaður um neyzlu áfengis frá því hann var sviptur ökuleyfinu. Slíkt leyfi má þó aðeins veita einu sinni sama manni.

Svipting ökuleyfis eða réttar til þess að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og getur hann þá svipt hann ökuleyfi til bráðabirgða. Þó getur viðkomandi dómstóll breytt þeirri ákvörðun lögreglustjóra áður en dómur gengur í málinu.

Hver, sem sviptur hefir verið ökuleyfi samkvæmt þessari grein eða hefir misst það eftir 20. gr., skal afhenda ökuskírteinið lögreglunni. Er maður hefir verið sviptur ökuleyfi eða réttinum til að öðlast það, skal það strax tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

Hafi íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða rétt til þess að öðlast það, þá má svipta hann nefndum réttindum með dómi

í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

75

7. maí

## 40. gr.

Sömu viðurlögum og greinir í 38. og 39. gr. skulu bifreiðarstjórar sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í bifreiðinni, ef þeir eru sjálfir í henni og áttu að annast starfið, en hafa vanrækt það vegna áfengisnautnar og verulegt slys hlotizt af því.

Það varðar refsingu að veita bifreiðarstjórum áfengi, þegar þeir eru að störfum.

## VIII. KAFLI

## Um útlendar bifreiðar.

## 41. gr.

Menn, sem koma til Íslands frá útlöndum og flytja með sér bifreiðar, sem eigi eru skráðar hér á landi, eru háðir reglum þessara laga með eftirfarandi breytingum.

Dómsmálaráðherra setur í samræmi við ákvæði í 14. gr. reglur um tilkynningu og skrásetningu bifreiðanna og ákveður, hvort þær skuli skoðaðar af eftirlitsmönnum bifreiða og hvort á þær skuli sett íslensk kennimerki.

Dómsmálaráðherra setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með slíkum bifreiðum, meðan þær eru hér á landi, þar á meðal hvaða yfirvaldi skuli afhenda skilríki bifreiðarinnar samkvæmt ákvæðum þessara laga. Nú er eigandi (umráðamaður) bifreiðar búsettur hér á landi, og skal þá skrásetja bifreiðina hjá lögreglustjóra þar, sem eigandinn á heima, eða öll kennimerki bifreiðarinnar afhendast lögreglustjóra þar svo fljótt sem unnt er. Ef eigandi (umráðamaður), sem ekki hefir verið búsettur áður hér á landi, sezt hér að, eða ef maður búsettur hér á landi kaupir eða fær umráð yfir slíkri bifreið, þá skal skrásetningin eða afhending kennimerkjanna fara fram með sama hætti.

Nú hefir maður, sem aka vill útlendri bifreið, ekki ökuskírteini, sem heimilar honum að aka bifreið hér á landi, og skal hann þá sækja um leyfi til lögreglustjórans í því umdæmi, þar sem hann fyrst óskar að nota bifreiðina. Lögreglustjóri getur þá látið umsækjandanum í té íslenskt ökuskírteini, ef skilyrðum til þess er fullnægt, eða leyft honum að nota útlent ökuskírteini um ákveðinn tíma og með þeim skilyrðum, er dómsmálaráðherra hefir sett þar um.

Hver, sem notar útlenda bifreið hér á landi, er skyldur til að vátryggja bifreiðina eins og segir í 36. gr., og fylgir lögtaksréttur iðgjöldunum eins og þar segir. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingu þessara bifreiða.

## IX. KAFLI

## Um gildistöku laganna o. fl.

## 42. gr.

Auk þess, sem segir í einstökum greinum laganna, getur dómsmálaráðherra sett reglugerð um framkvæmd þeirra.

## 43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög nr. 70 1931, um notkun bifreiða, svo og önnur lagafyrirmæli, sem fara kynnu í bága við lög þessi.



- 75 Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt eldri bifreiðalögum og nú eru í  
7. maí gildi, skulu gilda að svo miklu leyti, sem þær fara ekki í bága við lög þessi, unz  
öðruvísi verður ákveðið með lögum eða reglugerðum.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

76

7. maí

## L Ö G

### um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og skiptingu Reykjavíkur í prestaköll.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

#### 1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar, umráða og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds. — Fari fyrsta greiðsla fram árið 1945 og síðan árlega.

#### 2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 4—6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sókna, eftir tillögum prestakallaskipunarnefndar og kirkjuráðs.

#### 3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hverrar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er greiðslur hefjast, hluta af fé því, er ríkið leggur til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð og skiptist jafnt milli nýju sóknanna, eftir að 100000 kr. hafa verið lagðar til fyrirhugaðrar kirkju á Skólavörðuhæð.

#### 4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera jafnmörg prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns. Skulu þessi prestaköll vera sérstakt prófastsdæmi með dómprófasti. Ákveður héraðsfundur þess prófastsdæmis, hvernig skipta skuli tillagi ríkissjóðs til kirkjubygginga milli sóknanna.

#### 5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknnum, einnig undir prestsseturshús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar þegar er sóknarskipun hefir verið ákveðin.

## 6. gr.

76

Auk lögmæltra launa skal greiða prestunum 1200 kr. hverjum á ári í húsaleigustyrk, þar til prestsseturshús verða reist.

## 7. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurstyrk, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

77

7. maí

**um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.**

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Frá 1. jan. 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana eins og segir í lögum þessum.

## 2. gr.

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgja þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig að til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig, að af hærri mánaðarlaunum en 650 kr. greiðist einungis verðlagsuppbót af 650 kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir. Þó má lágmark launa og uppbótar samanlagt í herra launaflokki ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

## 3. gr.

Nú tekur sami maður laun eða þóknun úr ríkissjóði fyrir fleira en eitt starf, og skal þá reikna verðlagsuppbótina af laununum samanlagt.

## 4. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á eftirlaun og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. Hafi maður, sem nýtur eftirlauna eða styrktarfjár, einnig launað starf úr ríkissjóði, greiðist verðlagsuppbótin af fjárhæðunum samanlagt.

## 5. gr.

Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist ekki verðlagsuppbót á slík hlunnindi. Á húsaleigustyrk greiðist ekki heldur verðlagsuppbót.

77

7. maí

6. gr.  
Embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, eftir reikningi, er fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á laun embættismanna að viðbætti þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

8. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við vísitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

9. gr.

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er að leggja ágreininginn undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940 falla úr gildi með gildistöku þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

78

7. maí

## L Ö G

um frestun á framkvæmd laga nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Frestað skal, þar til öðruvísi verður ákveðið af ríkisstjórn, framkvæmd laga nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## FJÁRLÖG

fyrir árið 1941.

79

7. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

### I. KAFLI

#### Tekjur:

##### 1. gr.

Árið 1941 er ætlað til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

##### 2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur .....	445000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur .....	1700000	
3. Hátekjuskattur .....	200000	
4. Lestagjald af skipum .....	55000	
		2400000
5. Aukatekjur .....	550000	
6. Erfðafjárskattur .....	56000	
7. Vitagjald .....	390000	
8. Leyfisbréfastjöld .....	28000	
9. Stimpilgjald .....	500000	
10. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum .....	75000	
11. Bifreiðaskattur .....	350000	
12. Benzínskattur .....	305000	
		2254000
13. Útflutningsgjald .....	650000	
14. Vörumagnstollur .....	4600000	
15. Verðtollur .....	4260000	
		9510000
16. Gjald af innlendum tollvörum .....		400000
17. Skemmtanaskattur .....		135000
18. Veitingaskattur .....		100000
Samtals ...	. . .	14799000

	kr.	kr.
<b>A.</b>		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs .....	30000	
2. — landssímans .....	663000	
3. — áfengisverzlunar .....	1550000	
4. — tóbakseinkasölu .....	670000	
5. — ríkisútvarps .....	75840	
6. — ríkisprentsmiðju .....	60000	
7. — landssmiðju .....	17100	
8. — bifreiðaeinkasölu .....	31150	
		3097090
<b>Samtals ...</b>	...	3097090
<b>Sundurliðun.</b>		
<b>1. Póstsjóður.</b>		
I. Tekjur .....		870000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður .....	63000	
2. Pósthúsið í Reykjavík .....	248000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur .....	150000	
b. Bréfhirðingar .....	25000	
	175000	
4. Póstflutningur .....	265000	
5. Önnur gjöld .....	84000	
6. Fyrning .....	5000	
		840000
<b>Fært á 3. gr. A. I</b>	...	30000
<b>2. Landssíminn.</b>		
I. Tekjur .....		2750000
II. Gjöld:		
a. Til einkasíma í sveitum .....	10000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans .....	104000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	235000	
3. Loftskýtastöðin í Reykjavík .....	50000	
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík .....	80000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði .....	520000	
6. Áhaldahúsið .....	30000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	70000	
<b>Flyt ....</b>	1089000	
	10000	2750000

	kr.	kr.	79 7. maí
Flutt ....	1089000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði .....	67000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði .....	39000		
10. Símastöðin á Borðeyri .....	20000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum .....	38000		
12. Símastöðin á Siglufirði .....	48000		
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	155000		
		1456000	
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1939, enda færast þær greiðslur á framan- greinda liði viðkomandi stöðva.			
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ....		80000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna .....		105000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc. ....		10000	
f. Viðhald landssímanna .....		330000	
g. Framhaldsgjald .....		30000	
h. Til kennslu handa símamönnum .....		3000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern .....		5000	
j. Ýms gjöld .....		10000	
Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.			
k. Fyrning á húsum og áhöldum .....		40000	
l. Burðargjald .....		8000	
			2087000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .		663000
Eignabreytingar.			
Út.			
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl. ....			145000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			48000
III. Til talstöðva í báta og skip .....			25000
IV. Til loftskýtastöðva í skip .....			30000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1	. . .		248000
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....			1900000
II. Gjöld:			
Laun starfsmanna og vinnulaun .....	155000		
Útsvar .....	84000		
Framlag til Menningarsjóðs .....	38000		
Annar kostnaður .....	63000		
Fyrning á fasteign og áhöldum .....	10000		
			350000
Fært á 3. gr. A. 3	. . .		1550000

79  
7. maí

	kr.	kr.
<b>4. Tóbakseinkasalan.</b>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....		900000
II. Gjöld:		
Laun .....	79000	
Annar kostnaður .....	100000	
	179000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl. ....	51000	230000
		230000
Fært á 3. gr. A. 4	...	670000
<b>5. Ríkisútvarpið.</b>		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld .....	500000	
b. Aðrar tekjur .....	80000	
		580000
II. Gjöld:		
a. Starfræksla:		
1. Starfsmannalaun .....	113000	
2. Útvarpsefni .....	60000	
3. Til hljóðfærsláttar .....	15000	
4. Til málfevrunar eftir fyrirmælum kennslumálastjórnarinnar .....	1000	
5. Skrifstofukostnaður .....	55000	
6. Húsaleiga, ljós, hiti .....	35000	
7. Til útvarpsstöðva .....	150000	
8. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum .....	20000	
9. Óviss gjöld .....	10000	
	459000	
b. Vextir .....	37500	
c. Fyrning á húsi og vélum .....	50000	
	87500	
		546500
		33500
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:		
a. Tekjur .....	125000	
b. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna .....	41360	
2. Annar kostnaður .....	41300	
	82660	
		42340
Fært á 3. gr. A. 5	...	75840
Eignabreytingar:		
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.) ..	...	75000

		kr.	kr.	79 7. maí
<b>6. Ríkisprentsmiðjan.</b>				
I. Tekjur (prentvinna) .....			630000	
II. Gjöld:				
1. a. Laun starfsmanna .....	37500			
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna .....	337500			
		375000		
2. Efnivörur .....		120000		
3. Vélarekstur og viðhald .....		16000		
4. Vextir .....		5000		
5. Annar kostnaður .....		37000		
6. Fyrning .....		17000		
			570000	
	Fært á 3. gr. A. 6	. . .	60000	
<b>7. Landssmiðjan.</b>				
I. Tekjur:				
1. Ágóði á vörum .....		15000		
2. — á járnsmiðadeild .....		77000		
3. — á trésmiðadeild .....		6600		
4. — á málmsteypu .....		4000		
			102600	
II. Gjöld:				
1. Laun starfsmanna .....		22900		
2. Vextir .....		11000		
3. Afsláttur og skuldatöp .....		7000		
4. Annar kostnaður .....		32600		
5. Fyrning .....		12000		
			85500	
	Fært á 3. gr. A. 7	. . .	17100	
<b>8. Bifreiðaeinkasala.</b>				
I. Tekjur .....		105000		
II. Gjöld:				
1. Laun starfsmanna .....	19500			
2. Húsaleiga, hiti o. fl. ....	8500			
3. Vextir .....	12000			
4. Annar kostnaður .....	20500			
		60500		
			44500	
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30% .....			13350	
	Fært á 3. gr. A. 8	. . .	31150	



**B.**

Tekjur af fasteignum rikissjóðs eru taldar:

1. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka ..
2. Arnarhvoll:
  - a. Tekjur .....
  - b. Gjöld:
    1. Vextir ..... 20584
    2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður ..... 33776
    3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) ..... 3640

	kr.	kr.
		6000
	60000	
		2000
	58000	
Samtals ...	. . . .	8000

**4. gr.**

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum ....
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000 .....
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1260000
4. Aðrir vextir .....

	kr.	kr.
		10000
		180000
Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið. Hún getur meðal annars veitt félagsmönnum lán úr tryggingarsjóði til bjargar bústofni sínum, að vetri til eða vori, frá yfirvofandi felli, og er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þangað til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en tvö ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja eða á annan hátt ráðstafa bústofninum úr eign sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans fyrir láninu með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

89

14. maí

um breyting á lögum nr. 45 frá 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, og á lögum nr. 39 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.



89

14. maí

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aúra gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

2. gr.

3. gr.

- a. Niðurlag 1. tölul. 19. gr. laganna („sönnuð ... vaxtakjörum“) orðist svo: sönnuð í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur. Þau ein lán koma til greina með vaxtastyrk sem stofnað er til vegna búrekstrar viðkomandi manns.
- b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vega.

4. gr.

Á eftir 2. málsgr. 22. gr. laganna komi ný málsgrein, þannig:  
Heimilt er og að veita fjáreigendum, öðrum en bændum, sem beðið hafa tjón af mæðiveikinni, stuðning til að koma upp fjárstofni aftur, eftir sömu reglum sem gilda um fjárstyrk til bænda í þessu skyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Ólafur Thors.**

**Jakob Möller.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

90

14. maí

## L Ö G

### um eftirlit með sveitarfélögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

#### I. KAFLI

##### Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið *sveitarstjórn* bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd, *sveitarfélag* merkir bæjarfélag og hreppsfélag, *sveitarsjóður* bæjar- og hrepps-sjóð, og *sveitarmálefni* merkir málefni bæjarfélags og hreppsfélags.

#### II. KAFLI

##### Um verksvið eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

2. gr.

Félagsmálaráðherra hefir yfirstjórn allra sveitarmálefna í landinu. Hann skipar eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna og setur honum erindisbréf. Ennfremur er ráð-

herra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi 90  
eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn eftirlitsmanns 14. maí  
sveitarstjórnarmálefna.

Eftirlitsmaður hefir að árslaunum kr. 6000.00, er greiðast úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Úr sama sjóði greiðist og skrifstofukostnaður eftirlitsmanns og annar kostnaður við eftirlit með sveitarfélögum samkvæmt lögum þessum.

### 3. gr.

Félagsmálaráðuneytið getur krafizt af öllum sveitarfélögum, að þau láti því í té alla reikninga, skýrslur og aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd eftirlits með sveitarfélögum samkv. lögum þessum.

### 4. gr.

Álits eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna skal leitað um öll málefni sveitarfélaga, sem undir félagsmálaráðuneytið falla og snerta fjárhags- og framfærslumál þeirra. Félagsmálaráðuneytið getur falið eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, en senda skal eftirlitsmaður ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig eru afgreidd.

Álits og tillagna eftirlitsmanns skal einkum leita um úthlutun þess fjár, sem árlega er veitt í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

### 5. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita sveitarstjórnnum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið varðandi fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og hver önnur mikilsverð sveitarmálefni, sem til hans er leitað með.

Hann skal og gera tillögur til ráðuneytisins um hvert það málefni, er sveitarfélag varðar og hann kemst að í starfi sínu, ef hann telur, að betur mætti fara á annan veg eða úr þurfi að bæta.

### 6. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna annast útreikninga á jöfnunarfé því, sem sveitarfélögum er greitt samkv. l. nr. 69/1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Hann hefir umsjón með því, að jöfnunarfénu sé varið samkvæmt lögum, ákvörðun ráðherra eða fyrirmælum sveitarfélaga.

### 7. gr.

Nú er sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum við ríkissjóð eða ríkisstofnun, sýslufélag, sveitarfélag, sjúkrahús, sjúkrasamlag, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður ábyrgist, og er þá rétt að verja því fé úr jöfnunarsjóði til greiðslu á þessum skuldum sveitarfélagsins.

### 8. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal hafa glögggt yfirlit yfir fjárhag og viðskipti sveitarfélaga og leitast við að halda þeim til skilsemi.

## III. KAFLI

## Um fjárþröng sveitarfélaga.

## 9. gr.

Sveitarfélag, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, getur snúið sér til félagsmálaráðuneytisins um aðstoð, ef ætla má, að ekki rætist úr í náinni framtíð, og skal þá veita því aðstoð samkvæmt fyrir- mælum laga þessara.

## 10. gr.

Beiðni um aðstoð skal hafa verið rædd við tvær umræður í sveitarstjórn. Skal hún lögð fram í ályktunarformi, og telst hún samþykkt, ef hún hlýtur meiri hluta greiddra atkvæða á tveim löglega boðuðum fundum. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitserð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja ályktuninni.

Að samþykkt þeirri lokinni skal símleidis eða bréflaga tilkynna ráðuneytinu efni ályktunarinnar svo greinilega sem verða má.

## 11. gr.

Nú hefir ráðherra horizt beiðni samkvæmt 10. gr., og skal þá eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna falið að rannsaka fjárreiður og hag sveitarfélagsins og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið.

## 12. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal kynna sér nákvæmlega allan hag sveitarfélagsins og athuga í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhagsörðug- leikum verði létt af með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvort- tveggja. Telji eftirlitsmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur sveitar- félagsins eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og síðan senda ráðherra tillögur sínar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum eftirlitsmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort sveitarfélaginu skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

## 13. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 12. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélagsins um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxta- lækkunar. Í þeim tilgangi getur eftirlitsmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra, þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal fyrir liggja glögg skýrsla um skuldir sveitarfélagsins og eignir, svo og aðrar nauðsynlegar upplýs- ingar, svo að sem gleggst megi sjá raunverulegan hag sveitarfélagsins.

Ef samkomulag næst milli aðila á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

## 14. gr.

Nú næst ekki samkomulag samkvæmt 13. gr., og skal eftirlitsmaður þá, telji hann það nauðsynlegt vegna fjárhagsafkomu sveitarfélagsins, enda verði ekki á annan veg úr bætt, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á sveitarfélagið, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir honum með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýs- ingarinnar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samninga- umleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt kost á að sjá aug-

lýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er eftirlitsmanni heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests. 90 14. maí

Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem sveitarstjórn hefir tilfært sem skuldir sveitarfélagsins, skal sannprófa, hvort framtal hennar er rétt.

#### 15. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal eftirlitsmaður, svo fljótt sem því verður við komið, semja frumvarp til skuldaskila fyrir sveitarfélagið, ef hann telur, að það þurfi að fá eftirgjafir.

Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, sem samningunum er eigi ætlað að ná til, og geta trygginga fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlað er til, að samið sé um.

Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta sveitarfélaginu er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

#### 16. gr.

Þegar eftir að samningsuppkast það er fullsamið, sem í 15. gr. getur, skal eftirlitsmaður, með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, tilkynna það öllum lánardrottnum, er kröfu hafa lýst, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal sveitarstjórn tilkynnt efni samningsins. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu eftirlitsmanns.

#### 17. gr.

Telji eftirlitsmaður, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán sveitarfélaga breytt að því er vaxtakjör og greiðslutíma snertir, og enn fremur að eftirgjöf fáiast að meira eða minna leyti á veðtryggðum og óveðtryggðum skuldum sveitarfélags eða lánnum, sem sérstök ábyrgð er fyrir, getur eftirlitsmaður gert það að skilyrði fyrir stuðningi samkvæmt lögum þessum, að þær breytingar fáiast á þeim lánnum, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar til þess, að frambúðarlausn fáiast á skuldamálum sveitarfélagsins. Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda. Sama er um lán, sem tryggð eru með ábyrgð sýslunefndar, rikissjóðs eða annara.

#### 18. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 16. gr. getur, skal eftirlitsmaður leggja fram samningsfrumvarp, svo og efnahagsreikning sveitarfélagsins og áætlun um tekjur þess og gjöld, er eftirlitsmaður hefir samið og lögð hefir verið fyrir sveitarstjórn til álita. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag sveitarfélagsins, er eftirlitsmaður getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir eftirlitsmaður heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hann telur þær verulega máli skipta. Að öðrum kosti ber eftirlitsmaður frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

#### 19. gr.

Hljóti frumvarpið samþykkt skuldheimtumanna, er hafa ráð yfir meira en helmingi þeirrar fjárhæðar, sem því er ætlað að ná til, er eftirlitsmanni heimilt að úrskurða, að samþykkt þessi sé fyrst um sinn skuldbindandi fyrir alla skuldheimtumenn, og falla þá niður allar frekari kröfur á hendur sveitarfélaginu.

90

14. maí

Nú er samningur samþykktur á skuldheimtumannafundi, og skal hann þá, svo fljótt sem verða má, lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Hljóti samningurinn staðfestingu ráðherra, er hann bindandi fyrir alla, er hlut eiga að máli.

Eftirlitsmaður skal því næst sjá um, að gengið verði frá nýjum lánskjöllum og að breytingar, er gerðar hafa verið á veðlánnum og öðrum lánnum sveitarfélags, verði rétt færðar upp í nýju efnahagsyfirliti sveitarfélagsins, er hann semur og afhendir sveitarstjórn.

21. gr.

Samningur haggar ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut, nema slíkt hafi verið gert að skilyrði samkv. 17. gr.

22. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir, sbr. þó ákvæði 17. gr.:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meira en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati, er fyrir liggur við samningsgerðina, framkvæmdu af dómkvöddum mönnum, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna að því leyti, sem við getur átt.
4. Skuldir tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé. Um þær gildir sama og þær, sem taldar eru undir 1. lið.

23. gr.

Frá því er sveitarfélag hefir sent beiðni þá, er getur í 10. gr., til ráðuneytisins og þangað til samkomulagsumleitunum er endanlega lokið má sveitarfélagið eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi.

Sveitarstjórn er og óheimilt að selja eignir sveitarfélagsins eða láta af hendi verðbréf þess eða lausafé meðan samningaumleitunir fara fram. Er eftirlitsmanni skylt að hafa trúnaðarmann sinn til eftirlits með sveitarstjórn meðan samningar fara fram, geti hann eigi sjálfur komið því við.

24. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, þegar þess er þörf, allt að 100 þúsund krónum til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga. Getur ráðherra ákveðið, að nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar, sem þarf, megi veita sem styrk til sveitarfélagsins, er eigi sé endurkræfur, en nokkurn hlutann sem lán, er sveitarfélaginu beri að greiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. Ráðherra getur ákveðið, að lánið sé afborgunarlaust eða eftir atvikum bæði vaxta- og afborgunarlaust tiltekinn tíma, ef hann telur það nauðsynlegt vegna fjárhags sveitarfélagsins.

25. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

26. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

## 27. gr.

90

Ákvæði þessa kafla taka einnig til hverrar þeirrar stofnunar, sem rekin er á vegum sveitarfélags eða sveitarfélaga, annara en atvinnufyrirtækja, svo sem hafnar-sjóða, sjúkrahúsa, vatnsveitna, rafstöðva, læknishústaða o. s. frv. Rísi ágreiningur um, hvort sveitarstjórn eða stjórnarnefnd þess fyrirtækis, sem aðstoðar er leitað fyrir, skuli fara með mál þessara stofnana að því er lög þessi snertir, sker ráðherra úr. Aðstoðar má leita fyrir stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga, hvort heldur er eitt sér eða jafnframt því að aðstoðar er leitað fyrir sveitarfélagið sjálft.

## 28. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, ef fjárhagur sýslufélagsins er mjög erfiður, að leita aðstoðar samkvæmt þessum kafla laganna, og fer þar um að öllu leyti eins og segir um sveitarstjórnir og sveitarfélög, og kemur þá alstaðar sýslunefnd fram í stað sveitarstjórnar, að því er við getur átt.

## IV. KAFLI

## Um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit.

## 29. gr.

Nú vanrækir sveitarfélag fjárhagsskuldbindingar sínar við ríkissjóð eða skuld-bindingar, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og ekki hefir tekizt við ítrekaðar til-raunir að ráða bót á þessum misfellum, og getur þá ráðherra ákveðið, að sveitar-félag skuli sett undir eftirlit samkv. lögum þessum, að liðnum 6 mánuðum frá tilkynningu ráðuneytis þar að lútandi, sé skuldin eigi greidd innan þess tíma.

## 30. gr.

Sá, er skuldakröfu á eða eignast á hendur sveitarfélagi, og sé krafan ekki full-trýggð með veði, getur krafizt þess, að sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef fyrir hendi eru eftirfarandi ástæður:

- a. Bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, ef skuld sveitarfélags við lánsstofnunina hefir verið í vanskilum 12 mánuði eða lengur, enda hafi sveitarfélagið á þeim tíma verið krafizt um skuldina eða tilkynnt, að hún væri fallin í gjalddaga.
- b. Einstaklingar, félög, stofnanir, önnur sveitarfélög og aðrir, sem ekki geta talizt heyra undir a-lið þessarar greinar, geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, er þeir hafa fengið dóm eða úrskurð stjórnarvalda fyrir kröfu sinni á hendur sveitarfélaginu, ef krafan er ekki greidd eða um hana gerður nýr samn-ingur fyrir aðfarardag, enda hafi dómi eða úrskurði ekki verið áfrýjað.

Ákvæði þessi taka einnig til skuldbindinga fyrirtækja og stofnana, er sveitar-félag eða sveitarfélög reka, eða rekin eru á vegum þeirra, annara en atvinnufyrir-tækja, þó aðskilinn fjárhag hafi.

Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem sveitarfélagið er. Skiptaréttur fellir úrskurð um það, hvort skilyrði þau, er að framan greinir, eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal að minnsta kosti 2 mánaða frest frá birtingu kröfunnar. Rétt-urinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa.

Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum.

## 31. gr.

Þegar skiptaréttur hefir kveðið upp úrskurð um, að skilyrði til eftirlits sam-kvæmt 30. gr. séu fyrir hendi, ákveður ráðherra, að eftirlit skuli hafið.

90 Ráðherra getur þó ákveðið að fresta eftirliti og reynt skuli að leysa vand-  
14. maí ræði sveitarfélagsins samkv. III. kafla laga þessara, og skal hann þá láta boða  
kröfuhafa á fund samkv. 13. gr. laganna, innan 2 mánaða frá því úrskurður rétt-  
arins er orðinn bindandi fyrir sveitarfélagið.

Krafa um eftirlit fellur niður, ef sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér saman  
um málið, eða ef sveitarfélagið fær samninga samkv. ákvæðum þessara laga, sam-  
komulagið eða samningarnir hafa öðlzt staðfestingu ráðherra.

### 32. gr.

Nú hefir ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkvæmt  
framansögðu, og skal það þá tilkynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og  
telst eftirlit hafið frá þeim degi. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir eftir-  
litið á hendi.

Ráðherra getur skipað honum til aðstoðar tvo menn, ef hann telur þess þörf.

### 33. gr.

Sveitarstjórn fer með mál sveitarfélags síns meðan það er undir eftirliti, með  
þeim takmörkunum, er leiðir af ákvæðum þessara laga.

### 34. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og notið aðstoðar samkv. 36.  
gr., getur ráðherra ákveðið, að fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftir-  
litsmanns sveitarstjórnarmálefna. Getur eftirlitsmaður þá, ef ekki næst samkomu-  
lag um meðferð fjármála sveitarfélagsins milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar,  
tekið í sínar hendur innheimtu allra tekna. Ennfremur hefir hann þá einn rétt  
til að ávísá fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið á annan hátt fjárhags-  
lega, nema um annað semjist við sveitarstjórn. Hann getur einnig, með samþykki  
ráðuneytisins, ákveðið hvenær og hvernig niðurfjölfnum útsvara fer fram, og um  
notkun annara tekjustofna, er sveitarfélagið hefir.

### 35. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og fjárhagur þess hefir verið  
athugaður af eftirlitsmanni og athugasemdir hans gerðar sveitarstjórn kunnar, skal  
sveitarstjórn semja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið fyrir tiltekið tímabil, sem  
þó má eigi lengra vera en hálf tveim árum. Skal eftirlitsmaður athuga nákvæmlega  
alla liði áætlunarinnar og ganga úr skugga um, að þeir séu í samræmi við reynslu  
síðustu ára.

### 36. gr.

Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkvæmt fjárhagsáætlun  
hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og er ríkisstjórn þá heimilt að ákveða, að  
sveitarfélaginu skuli veitt sú aðstoð, er nægileg megi teljast, og í því formi, sem ríkis-  
stjórnin ákveður, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

### 37. gr.

Nú gerir ráðherra þær ráðstafanir, er í 36. gr. segir, og skal þá eftirlits-  
maður sveitarstjórnarmálefna semja nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið  
og senda hana ráðherra til staðfestingar.

Staðfestingu ráðherra þarf einnig á fjárhagsáætlun, saminni af sveitarstjórn  
samkvæmt 35. gr., þó eigi komi til aðstoðar þeirrar, er í 36. gr. getur.

### 38. gr.

Nú hefir ráðherra staðfest fjárhagsáætlunina, og er hún þá bindandi fyrir sveit-  
arstjórn og eftirlitsmann, og má ekki greiða úr sveitarsjóði meira af neinum lið

áætlunarinnar en þar er ákveðið. Er reikningshaldari persónulega ábyrgur fyrir því, að þessa sé fyllilega gætt.

90

14. maí

## 39. gr.

Reikningshaldi sveitarfélags, sem er undir eftirliti, skal svo fyrir komið, að ávallt megi sjá, hve mikið hefir verið greitt af hverjum lið áætlunarinnar.

Reikningshaldari sveitarfélagsins er skyldur að gera sveitarstjórn aðvart um, ef hann telur, að svo langt sé komið útgjöldum á einhverjum áætlunarlið, að ætla megi, að hann þrjóti áður en reikningsárið er úti.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal reikningshaldari senda eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna eða trúnaðarmanni hans greinilega skýrslu um, hvað greitt hafi verið af hverjum lið áætlunarinnar og hvað inn hefir komið af tekjum.

## 40. gr.

Nú kemur það í ljós, að einhver liður fjárhagsáætlunarinnar muni of lágt áætl-  
aður, eða óviðráðanleg atvik valda óeðlilegum útgjöldum, og skal þá sveitarstjórn  
taka málið fyrir á fundi og gera ályktun um hækkun þess útgjaldaliðar og jafnframt  
gera tillögur um, á hvern hátt tekna skuli aflað til að standast útgjöldin.

Tillögur þessar skulu þegar í stað sendar eftirlitsmanni, bréflega eða sím-  
leiðis. Telji hann nauðsyn bera til þessara breytinga, leggur hann málið fyrir  
ráðherra.

## 41. gr.

Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 36. gr. og það  
kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðherra þá heimilt  
að veita aðstoð samkv. 36. gr. eða hækka útsvör hlutfallslega. Eftirlitsmaður sveit-  
arstjórnarmálefna hefir á hendi allt eftirlit með því, hvernig slík heimild er notuð,  
svo og annar skattaálöguréttur sveitarfélagsins.

## 42. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag, sem er undir eftirliti, skuli tekið til  
skuldaskila samkvæmt ákvæðum 14.—25. gr. þessara laga.

## 43. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna,  
reglur um meðferð þeirra málefna sveitarfélags, sem er undir eftirliti, og ekki geta  
fallið undir verksvið sveitarstjórnar, eða ekki fæst samkomulag um meðferð á milli  
eftirlitsmanns og sveitarstjórnar. Skulu þær reglur gilda um tiltekinn tíma. Ráð-  
herra má framlengja reglur þessar eða breyta þeim meðan sveitarfélagið er háð  
eftirliti.

## 44. gr.

Eftirlitsmaður getur, að þar til fengnu samþykki ráðherra og eftir að sveitar-  
stjórn hefir gefizt kostur á að láta í ljós álit sitt, selt fasteignir og aðrar eignir  
sveitarfélags, sem er undir eftirliti, ef það þarf þeirra ekki með til starfsemi sinn-  
ar. Honum er og heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að leigja eignir slíks  
sveitarfélags eða fela öðrum rekstur þeirra, ef hann telur það munu betur fara en  
í höndum sveitarstjórnar.

## 45. gr.

Sérhver starfsmaður sveitarfélags, sem er undir eftirliti, er skyldur til að fara  
í starfi sínu eftir þeim fyrirmælum og ákvörðunum, sem eftirlitsmaður sveitar-  
stjórnarmálefna eða umboðsmaður hans gefur.



90

14. maí

Nú hefir sveitarfélag notið aðstoðar samkv. 36. gr., og getur þá ráðherra vikið frá starfsmönnum þess, þar á meðal bæjarstjóra eða oddvita, og sett aðra í þeirra stað um tiltekinn tíma, ef hann telur vonlaust, að nægilegur árangur náist á annan hátt, eða starfsmaður óhlýðnast eða vanrækir fyrirmæli eftirlitsmanns eða laga.

46. gr.

47. gr.

Ef stjórn sveitarfélags, sem er undir eftirliti, stofnar til skulda án samþykkis eftirlitsmanns, ber sveitarfélagið eigi ábyrgð á þeim.

48. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, tekur eftirlitið jafnt til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins sem sveitarfélagsins sjálfs. Þó getur ráðherra ákveðið, að eftirlitið taki ekki til þessara stofnana og fyrirtækja, ef fjárhagur þeirra er svo góður, að hann telur enga nauðsyn bera til að láta eftirlitið taka til þeirra.

## V. KAFLI

### Ýms ákvæði.

49. gr.

Samþykki sýslunefndar þarf ekki til þeirra ráðstafana, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, þegar um er að ræða hreppsfélag, sem sett hefir verið undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, ef samþykki ráðherra er fengið fyrir þeim ráðstöfunum, er eftirlitsmaður telur nauðsynlegt að framkvæma.

50. gr.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um framkvæmdir mála eða önnur atriði samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr þeim ágreiningi, en gilda skulu fyrirmæli eftirlitsmanns þar til ráðherra hefir hrundið þeim.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 frá 19. júní 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, III. kafla laga nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, og lög nr. 30 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Svo eru og úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson,*

## L Ö G

### um húsaleigu.

91  
14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

#### 1. gr.

Óheimilt er að hækka leigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var þegar lög þessi öðlast gildi. Þó er heimilt að hækka eftir mati leigu eftir húsnæði sökum aukins viðhaldskostnaðar, eldsneytis, sem innifalið er í leigunni, vaxta- og skattahækkana af fasteignum og annars þess háttar, svo og húsnæði, sem af sérstökum ástæðum hefir verið leigt lægra en sambærilegt húsnæði á þeim stað (kaupstað, kauptúni eða sveit). Verði hækkun metin á leigu, kemur hún til framkvæmda 14. maí eða 1. október.

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

#### 2. gr.

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína. Þó heldur leigusali óskertum rétti sínum til þess að slíta leigumála vegna vanskila á húsaleigu eða annara samningsrofa af hálfu leigutaka, svo og ef leigutaki hagar sér þannig eða fremur eitthvað það, er að mati húsaleigunefndar (sbr. 4. gr.) gerir leigusala verulega óþægilegt að hafa hann í húsum sínum.

#### 3. gr.

Í Reykjavík skal skipa húsaleigunefnd. Eiga sæti í henni þrír menn, tveir skipaðir af ríkisstjórninni, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Úrskurð má því aðeins kveða upp, að allir nefndarmenn séu á fundi og taki þátt í atkvæðagreiðslu, og getur þá varamaður komið í stað aðalmanns. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Heimilt er nefndinni að kalla málsaðila á sinn fund og krefja þá upplýsinga um ágreiningsatriði. Þóknun nefndarmanna greiðist úr rikissjóði.

#### 4. gr.

Skylt er að leggja fyrir húsaleigunefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir gildistöku laga þessara. Skal nefndin gæta þess, að leigan sé ekki ákveðin hærri en hún áður var, sbr. þó 1. gr., og hefir hún vald til þess að úrskurða um upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Þá er skylt að láta nefndina meta leigu eftir ný húsi og húsnæði, sem ekki hefir verið leigt áður, og er leigusala óheimilt að áskilja sér eða taka hærri leigu en nefndin metur. Ennfremur ber nefndinni að framkvæma mat það, sem um getur í 1. grein, og úrskurða um ágreining út af uppsögn á húsnæði samkvæmt 2. gr. Skjóta má þeim úrskurði nefndarinnar til dómstólanna, en hlíta skal honum unz dómur fellur.

#### 5. gr.

Heimilt er leigutaka, telji hann húsnæði leigt óhæfilega hátt vegna ásigkomulags þess, að beiðast mats húsaleigunefndar á húsaleigunni. Eigi er nefndinni þó

91 skylt að taka slíka beiðni til greina, nema leigutaki leiði líkur að því, að málaleitunin hafi við rök að styðjast. Meti nefndin leiguna lægri en umsamið hefir verið, skal færa hana niður í samræmi við matið, og gildir lækkunin frá 1. næsta mánaðar eftir að matið fór fram.

## 6. gr.

Við mat á húsaleigu skal húsaleigunefnd kynna sér svo sem föng eru á allt það, er áhrif getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess, ásigkomulag og legu, og taka jafnframt tillit til húsaleigu almennt í sambærilegu húsnæði á þeim stað.

## 7. gr.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignanefndir í bæjum og úttektarmenn í hreppum ásamt hreppsnefndaroddvita gegna þeim störfum, sem með lögum þessum eru lögð undir húsaleigunefndina í Reykjavík, og haga sér í störfum sínum svo sem fyrir er mælt í lögum þessum um húsaleigunefndina. Ríkisstjórninni er þó heimilt með reglugerð að gera aðra skipan á nefndum þessum í bæjum og kaupþúnum með 300 íbúum og fleiri.

## 8. gr.

Ef samið hefir verið um hærri leigu en heimilt er að taka samkv. lögum þessum, skal sá samningur ógildur að því er fjárhæðina snertir, og er afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgreitt samkvæmt slíkum samningi.

## 9. gr.

Sá, sem áskilur sér hærri leigu en heimilt er samkv. lögnum, tekur við hærri leigu eða brýtur ákvæði þeirra á annan hátt, skal sæta sektum frá 5—2000 krónum.

Sektir renna í ríkissjóð. Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 10. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi skal stimpilgjald af húsaleigusamningum ekki reiknað samkvæmt 39. gr. laga nr. 75 1921, heldur vera fast gjald, 2 kr. fyrir hvern samning. Í Reykjavík annast húsaleigunefnd stimplun slíkra samninga.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og fellur þá jafnframt úr gildi 7. grein laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Ákveða má með konunglegri tilskipun, að ákvæði laga þessara taki til annara fasteigna en húsa.

Þegar ekki þykir lengur þörf fyrir lagaákvæði þessi, má fella þau úr gildi með konunglegri tilskipun.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

92

14. maí

## um breyting á lögum nr. 74 31. des 1937, um alþýðutryggingar.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Aftan við 1. tölulið 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé hinn slasaði tryggingarskyldur í sjúkrasamlagi, fær hann þó því aðeins rétt til læknishjálpar og annars sjúkrakostnaðar vegna slyssins, að hann hafi haldið við réttindum sínum sem sjúkrasamlagsmeðlimur. Sjúkrasamlögin annast greiðslur þessar fyrir samlagsmenn sína, er réttinda njóta og verða fyrir slysum, sbr. 1. málsg. 40. gr.

## 2. gr.

a. Á eftir orðunum „sendist hreppstjóra eða lögreglustjóra“ í 2. málsg. 15. gr. laganna bætist inn í greinina: fyrir 1. febrúar ár hvert.

b. Aftan við 2. málsg. sömu lagagr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú vanrækir forráðamaður fyrirtækis eða starfrækslu að senda tilkynningar eða skrár þær, sem um getur í 1. og 2. málsg., fyrir tilsettan tíma, og skal þá áætla iðgjöldin svo riflega, að ekki sé hætt við, að þau séu sett lægri en þau eiga að vera, og ef vanræksla er ítrekuð, skulu þau ákveðin að minnsta kosti 50 af hundraði hærri en ætla má, að þau hafi í raun og veru átt að vera.

## 3. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur, eða greiða iðgjöld fyrirfram samkvæmt 13., 14. og 15. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni fimmföld iðgjöld þau, sem vangöldin eru, og ennfremur hefir slysatryggingin rétt til endurgreiðslu á bótum þeim, sem hún kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótryggðu en tryggingarskyldu menn verða fyrir, og auk þess skal atvinnurekandi sæta sektum.

## 4. gr.

Á eftir 2. málsg. 24. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nú lækka tekjur gjaldskylds manns, sem eigi hefir rétt til sjúkrahjálpar vegna þess, að hann hefir haft tekjur umfram það, er í fyrstu málsg. segir, og skal hann þá fá rétt til sjúkrahjálpar frá 1. júlí, ef hann fyrir þann tíma færir sönnur á, að tekjur hans hafi á næsta almanaksári á undan farið niður fyrir áðurgreint hámark. Tilsvarendi ákvæði gilda, er tekjur samlagsmanns fara yfir fyrrgreint hámark.

## 5. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann, eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem bæjarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjar- eða

- 92 sveitarstjórnarkosningar. Ákveða skal í samþykktum um skipun endurskoðanda sjúkrasamlaganna. Tryggingarstofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

## 6. gr.

Í stað 1. og 2. málgr. 28. gr. laganna komi ein málsgrein, svo hljóðandi:

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 2 eða 4 mönnum, kosnum af hreppsnefnd, er einnig kýs jafnmarga varamenn. Kosning í stjórn skal jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en standi tala stjórnarmanna þá á stöku, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefir tryggingarskylda meðlimi, kjósa 2 menn. Ráðherra skipar formenn og varaformenn eftir tillögum tryggingarráðs.

## 7. gr.

Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og greinatalan breytist samkvæmt því):

Nú er heimavistarskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefir verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda óskar þess og Tryggingarstofnun ríkisins mælir með því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.
2. Allir nemendur skólans, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annara sjúkrasamлага og eigi eru haldnir alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, hafa rétt og skyldu til að vera í samlaginu. Þeir, sem hafa yfir 4500 króna skattskyldar árstekjur, fá því aðeins réttindi til sjúkrahjálpar, að þeir greiði tvöfalt iðgjald.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 30. gr. 1.—3. tölulið.
4. Trygging nemenda nær aðeins til kennslutímabilsins, og eru iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Ef nemandi verður að hverfa úr skólanum vegna veikinda eða er veikur þegar skólanum er slitið, er samlagsstjórn þó heimilt að greiða sjúkrakostnað fyrir hann allt að einum mánuði.
5. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemur 50% greiddra iðgjalda frá nemendum, sem búsettir eru utan hreppsins, og 25% af iðgjöldum annara samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiðir í sjóð samlagsins upphæð, er nemur 25% af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr 10 krónum á ári frá hvorum aðila fyrir hvern samlagsmann.

## 8. gr.

- a. 2. töluliður 1. málgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Lyf og umbúðir, sem Tryggingarstofnun ríkisins leyfir samlaginu að greiða og ávisuð eru af tryggingarlækni, greiðist að fullu á sjúkrahúsi og að  $\frac{3}{4}$  utan sjúkrahúss fyrir hin nauðsynlegustu lyf að mati Tryggingarstofnunar ríkisins, en heimilt er að takmarka frekar greiðslur fyrir önnur lyf.

- b. Á eftir 3. mgr. sömu lagagr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára

aldur, sem búsett er utan sjúkrasamlagsumdæmisins, enda sé þess óskað af eigi 92  
færri en 20 slíkra nemenda, skal setja í samþykkt hlutaðeigandi samlags sér- 14. maí  
ákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna, og miða iðgjaldið við það,  
að þeir óðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og að-  
eins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlags-  
ins vegna þessara nemenda skal vera 50% af iðgjaldagreiðslu þeirra, en sveitar-  
sjóður greiðir því ekkert vegna þeirra.

c. 5. málsgr. sömu lagagreinar falli niður.

#### 9. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Fari legudagafjöldi samlagssjúklings með berklaveiki, geðveiki eða kynsjúk-  
dóma á sjúkrahúsi eða heilsuhæli fram úr meðaltali legudagafjöldi allra samlags-  
sjúklinga á landinu, sem haldnir eru öðrum sjúkdómum, á hlutaðeigandi samlag  
rétt á endurgreiðslu af fé því, sem verja má til styrktar sjúklingum með þessa sjúk-  
dóma samkvæmt lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og  
örkumla. Endurgreiðsla fæst þó ekki nema sjúklingarnir hafi legið á sjúkrahúsi eða  
hæli, sem um getur í 4. gr. fyrrnefndra laga, sbr. þó 6. gr. 1. tölul. sömu laga. Nánari  
reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar skal setja með reglugerð.

#### 10. gr.

- a. Aftan við 1. málsl. 36. gr. laganna bætist: og skal þá stjórn þess snúa sér til  
Tryggingarstofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til þess að rétta við hag  
samlagsins.
- b. Í stað „Skal stjórn þess þá gera“ í næsta málsl. sömu lagagreinar komi: Jafn-  
framt skal stjórnin gera.

#### 11. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ef tryggður maður, sem er á ferðalagi utan samlagssvæðis síns eða dvelur þar  
skemur en einn mánuð, veikist eða verður fyrir slysi og nýtur þar sjúkrahjálpar, á  
hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærrí en ef hann hefði  
notið hans á samlagssvæðinu.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðisins, og er sam-  
lagsstjórn þá heimilt á sama hátt að greiða kostnað af þeirri læknishjálpi, enda sæki  
samlagsmaður um það fyrirfram til samlagsins og fái meðmæli trúnaðarlæknis, eða  
samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

Nú dvelur tryggður maður mánuð eða lengur á samlagssvæði annars samlags, og  
skal hann þá, ef hann þarfnast sjúkrahjálpar, snúa sér til sjúkrasamlags dvalar-  
staðarins. Lætur það honum í té bráðabirgðameðlimsskírteini, sem veitir honum full  
meðlimsréttindi, að undantekinni dagpeningatryggingu, meðan hann dvelur á sam-  
lagssvæðinu, enda standi hann í skilum með iðgjald sitt. Sjúkrasamlag, sem veitir slík  
bráðabirgðaréttindi, á endurkröfurétt á hendur því samlagi, sem hlutaðeigandi er  
meðlimur í, á þeim kostnaði, sem það hefir haft hans vegna. Ber því og að taka við  
mánaðarlegum iðgjaldagreiðslum frá honum til samlags hans, til þess að réttindi hans  
falli ekki niður. Um greiðslur fyrir slíka bráðabirgðameðlimi til lækna, lyfjabúða,  
sjúkrahúsa og annara, sem láta sjúkrahjálpi í té, fer eftir sömu reglum og gilda um  
greiðslur fyrir aðra meðlimi samlagsins. Sama máli gegnir um erlenda ríkisborgara,  
enda þótt þeir hafi dvalið skemur en 1 mánuð á samlagssvæðinu, ef svo er ákveðið í  
samningum, sem gerðir hafa verið samkvæmt 89. gr. þessara laga.

Komi það í ljós, að eitt eða fleiri sjúkrasamlög verði fyrir óeðlilega miklum  
kostnaði, beinum eða óbeinum, vegna bráðabirgðameðlima, skal heimilt að setja reglur  
um endurgreiðslu á slíkum kostnaði með jöfnuði á milli samlaganna.

92 Tryggingarstofnun ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd 3. og 4. málgr.  
14. maí þessarar greinar.

39. gr. laganna orðist svo: 12. gr.

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem er tryggður í sjúkrasamlagi, búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrirfram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en einn mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á timann eftir flutninginn, ganga til þess samlags, er við honum tekur. Tryggingarstofnun ríkisins getur sett nánari reglur um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna.

40. gr. laganna orðist svo: 13. gr.

Nú er samlagsmaður einnig slysatryggður samkv. lögum þessum, og greiðir samlagið þá læknishjálp og aðra sjúkrahjálp hans vegna samkv. 10. gr. 1. tölulið laganna, að undanteknum dagpeningum. Til að standast kostnað, sem af þessu leiðir, á sjúkrasamlagið rétt á að fá hluta af slysatryggingariðgjöldum, sem greidd eru á samlagssvæðinu til slysatryggingarinnar. Um skiptingu iðgjaldsins og nánari framkvæmdir þessa ákvæðis fer eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum tryggingarráðs.

Eigi hinn tryggði að öðru leyti rétt til slysabóta á hendur skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga eða líkamslýta, eða aðrar slíkar miskabætur.

Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld tryggingarskyldra, lögskráðra sjómanna, enda taki þá sjúkrasamlagið á sig áhættu þá, sem á útgerðarmanni hvítur samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, að svo miklu leyti, sem hún fellur saman við hlunnindi þau, sem samlagið veitir samkvæmt samþykktum sínum.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér gegn aukagjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt sjómannalögum og umfram er þá áhættu, sem sjúkrasamlagið tekur á sig samkvæmt samþykktum sínum. Sama gildir að því er snertir skyldur húsbænda gagnvart hjúum samkvæmt hjúalögum og meistara gagnvart iðnnemum samkvæmt lögum um iðnaðarnám.

14. gr.

Á eftir „sökum sjúkdóms“ í fyrstu málgr. 41. gr. laganna komi: eða slyss.

15. gr.

Aftan við 1. másl. 42. gr. laganna bætist: ef hlutaðeigandi samlagsstjórn óskar þess.

16. gr.

1. málgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldgreiðslu samkvæmt 49. gr. eru þó þeir, sem:

1. njóta örorkulífeyris úr lífeyrissjóði Íslands.
2. njóta opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnnum sjúkdómum,
3. dvelja í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greiða iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

## 17. gr.

92

14. maí

Upphaf 61. gr. laganna orðist svo:

a. Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar (í Reykjavík fyrir 15. maí) ár hvert gera skrá í tveim eintökum yfir alla þá o. s. frv.

b. 2. málsl. 2. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:

Annað eintak gjaldskrárinnar sendist síðan lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), sem annast innheimtuna, hitt eintakið Tryggingarstofnun ríkisins.

## 18. gr.

2. másl. 1. málsgr. 62. gr. laganna orðist svo: Embættismenn og barnakennarar greiða framvegis iðgjöld í sjóði þessa eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

## 19. gr.

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar um tilhögun úthlutunar ellilauna og örorkubóta.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## L Ö G

93

14. maí

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu  
h/f Eimskipafélags Íslands.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1941 og 1942.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*



## L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 frá 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

4. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkv. lögum þessum. Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefir í umboði landbúnaðarráðherra yfirmensjón með því, að lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra sé hlýtt.

Skulu hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum vera trúnaðarmenn hans í þessum málum og framkvæma eða láta framkvæma í umboði sínu eftirlitið, eftir því sem ráðunautur leggur fyrir, og sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Stundi þeir sjálfir loðdýrarækt, framkvæmir ráðunauturinn eftirlitið, eða skipar sérstakan mann til þess.

5. gr. laganna orðist svo:

2. gr.

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út í samráði við loðdýraræktarráðunaut.

Leyfi hvert gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt fyrir, og einungis fyrir þá tegund loðdýra, sem í leyfinu greinir.

Óheimilt er að loka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrir en úttekt loðdýraræktarráðunauts eða trúnaðarmanna hans hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um, að girðingar og umbúnaður allur sé úr traustu efni og svo vandlega frá gengið, að öruggt sé, að dýr geti ekki sloppið nema einhver sérstök óhöpp beri að höndum.

Að lokinni úttekt og fullnægðum skilyrðum ber úttektarmanni að gefa leyfishafa skriflega yfirlýsingu um, að honum sé heimilt að taka dýrin í garðinn eða aðhaldið. Sömu ákvæði gilda, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður.

Nánari ákvæði um eftirlit og úttekt skal setja með reglugerð, þar á meðal um greiðslu fyrir verkið.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum, frá 200—4000 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð.

3. gr.

6. gr. laganna falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

7. gr. laganna orðist svo:

4. gr.

Öll loðdýr skulu flutt á milli garða í öruggu búi. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppstjóra eða lögreglustjóra, að þau kunni að sleppa úr aðhaldi, svo sem vegna isalaga.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá, félag eða einstaklingur, sem fengið hefir leyfi til loðdýraræktar

og tekið hefir dýr í vörzlu, skal þegar gerast meðlimur í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög félagsins. 94 14. maí

Brot gegn þessari grein skal varða missi leyfis til loðdýraræktar.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Sleppi loðdýr úr vörzlu, skal sá, er vörzluna hefir, þegar gera gangskör að því að veiða dýrin. Samtímis skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra eða lögreglustjóra í leyfisumdæminu hvarfið, og varðar sektum frá 200 til 2000 kr., ef út af er brugðið.

Auk sekta samkvæmt framansögðu skal sá, er dýrin missir úr vörzlu, greiða skaðabætur eftir mati, ef sannanlegt tjón hlýzt af, nema sannað verði, að skemmdarverkum óviðkomandi manna eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, að dýrin sluppu. Nú hefir dýr, eitt eða fleiri, sloppið úr vörzlu og hvarfið verið tilkynnt samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar, og skal þá hlutaðeigandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það loðdýraræktarráðunaut, og gera þeir þá í sameiningu ráðstafanir til þess, að dýrunum verði náð, dauðum eða lifandi, ef auðið er. Kostnað, er þær ráðstafanir hafa í för með sér, greiðir sá, er dýrin voru í vörzlu hjá, hvort sem þau eru hans eign eða tökudýr. Nú sannast, að umráðamanni dýranna var ekki um að kenna, að dýrin sluppu, og falla þá skaðabætur og kostnaður á þann, er fundinn verður sannur að sök, auk þess sem hann skal sæta sektum fyrir spellvirki, allt að 5000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sannist ekki, hvaðan dýr hafa sloppið úr vörzlu, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er um ræðir í þessari grein. Sektir samkv. þessari grein falla í ríkissjóð.

7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, og skal hann hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum eða annan hliðstæðan skóla. Hann er launaður úr ríkissjóði, og gefur ráðherra honum erindisbréf. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands umsjón með störfum loðdýraræktarráðunauts.

8. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við merkingar loðdýra greiðir Loðdýraræktarfélag Íslands, en heimilt er því að taka merkingargjald af eigendum merktra dýra, og ákveður aðalfundur félagsins gjaldið ár hvert. Sama gildir um ættbókarfærslu.

9. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum, eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni. Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis á útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og um aldur dýranna.

Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

95

14. maí

## L Ö G

## um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 225 þús. kr. lán handa landssímanum. Skal láni þessu varið til þess að gera landssímanum fært að selja öllum íslenskum þilskipum, sem eru að stærð um 10 rúmlestir eða meira og enn vantar talstöð eða fullnægjandi viðtæki, slík tæki á leigu, innan ársloka 1942.

Af láni þessu má landssíminn verja allt að 25 þús. kr. gegn svipaðri fjárhæð annarstaðar að til þess að koma upp talbrú á Siglufirði vegna talstöðvarþjónustunnar.

## 2. gr.

Atvinnumálaráðherra setur gjaldskrá um leigu talstöðva og viðtækja þeirra, er landssíminn selur skipum á leigu.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

96

14. maí

## L Ö G

## um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1941 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

## 2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1941 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000 kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10 kr.	af	1000 kr.	og	2 %	af	afg.	96
—	2000—	3000	—	—	—	30	—	2000	—	5	—	—	14. maí
—	3000—	4000	—	—	—	80	—	3000	—	7,5	—	—	
—	4000—	5000	—	—	—	155	—	4000	—	10	—	—	
—	5000—	6000	—	—	—	255	—	5000	—	15	—	—	
—	6000—	7000	—	—	—	405	—	6000	—	20	—	—	
—	7000—	8000	—	—	—	605	—	7000	—	30	—	—	
—	8000—	9000	—	—	—	905	—	8000	—	31	—	—	
—	9000—	10000	—	—	—	1215	—	9000	—	31,5	—	—	
—	10000—	11000	—	—	—	1530	—	10000	—	32	—	—	
—	11000—	12000	—	—	—	1850	—	11000	—	33	—	—	
—	12000—	13000	—	—	—	2180	—	12000	—	34	—	—	
—	13000—	14000	—	—	—	2520	—	13000	—	35	—	—	
—	14000—	15000	—	—	—	2870	—	14000	—	36	—	—	
—	15000—	16000	—	—	—	3230	—	15000	—	37	—	—	
—	16000—	18000	—	—	—	3600	—	16000	—	38	—	—	
—	18000—	20000	—	—	—	4360	—	18000	—	39	—	—	
—	20000—	22000	—	—	—	5140	—	20000	—	40	—	—	
—	22000—	24000	—	—	—	5940	—	22000	—	41	—	—	
—	24000—	26000	—	—	—	6760	—	24000	—	42	—	—	
—	26000—	28000	—	—	—	7600	—	26000	—	43	—	—	
—	28000 og þar yfir		—	—	—	8460	—	28000	—	44	—	—	

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 frá 31. des. 1937,  $\frac{1}{3}$ — $\frac{1}{2}$  af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

### 3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1941 9 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákvæðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið að  $\frac{4}{5}$  hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákvæðið er í fjárlögum, en  $\frac{1}{5}$  til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1941, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal ganga eftir ákvæði þessu, þar til kleift verður að flytja inn byggingarefni.

- 96 14. maí Pað, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1941.

## 4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1941 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í rikissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara. Viðauki sá, sem samkvæmt þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskatti og skattaukanum samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal renna til bæjar- eða sýslusjóða þar sem skatturinn er á lagður.

Undanþegin viðaukagjaldi samkv. 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og tollar samkvæmt lögum um tollskrá og lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í rikissjóð.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

- 97 14. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Pingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt,  $\frac{1}{2}$  kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 92000.00 — níutíu og tvö þúsund krónur — gegn  $\frac{1}{2}$  hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

## 2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 230000.00 — tvö hundruð og þrjátíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Pingeyjar-

sýslu. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón 97 með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. 14. maí

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

98

14. maí

## um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

## 2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farvegi þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

## 3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

## 4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga

98 rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og húsfarfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsgr. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur ris um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

## 5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrir en það hefir verið álitid af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og húsfarfa.

## 6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

## 7. gr.

Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi, og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

## 8. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eittvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

## 9. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í

fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðar- 98  
áætlunar um notkun jarðhitans. 14. maí

## 10. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

## 11. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

## 12. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

99

14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1941.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1941. Þó er fjármálaráðherra heimilt að greiða í þjóðleikhússjóð, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir, þann hluta af skemmtanaskatti ársins 1941, sem í sjóðinn hefði átt að renna samkvæmt nefndum lögum, en án álags samkvæmt síðari lagaheimildum.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1941.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1941.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1941.
6. Framkvæmd e-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1941.



- 99 7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1941 framlögum samkvæmt 5. gr.  
14. maí laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1941.
8. Á árinu 1941 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1941 lækkar framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámsjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um 75000 kr.
10. Á árinu 1941 skal frestað framkvæmd 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933, um lækni-héraða- og prestakallasjóði. Þó skulu á árinu renna 5000 kr. í prestakallasjóð.
11. Á árinu 1941 fellur niður stárf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
12. Á árinu 1941 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, sam-anber lög nr. 32 1931, en 70000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1941 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1941 leggur ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1941 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1941 leggur ríkissjóður fram 25000 kr. til verkfæra-kaupasjóðs.
17. Á árinu 1941 má ekki greiða meira en allt að 100000 kr. til fiskimálasjóðs samkv. 13. gr. tölul. 1 laga nr. 75 31. des. 1937.
18. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1941. Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarð-ræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.
19. Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.
20. Framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, er frest-að til ársloka 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1941.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

### um skógrækt.

100

14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

#### I. KAFLI

##### Um markmið og stjórn skógræktar ríkisins.

###### 1. gr.

Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

- 1) að vernda, friða og rækta skóga og skógaleifar, sem eru í landinu,
- 2) að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir,
- 3) að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skógræðslu lýtur.

###### 2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Hann skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann, ef þess er kostur, hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan.

###### 3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði, að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir að jafnaði vera einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um.

###### 4. gr.

Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skógræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar, og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.

###### 5. gr.

Störf og starfsvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur.

Laun þeirra skulu ákveðin í fjárlögum, að því leyti sem þau eru ekki ákveðin í launalögum.

#### II. KAFLI

##### Um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi o. fl.

###### 6. gr.

Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að græða upp skóg að nýju á landinu eða á öðru jafnstóru svæði.

Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippa eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hristekju og að banna að skerða hverskonar gróður þar, sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hverskonar ungvíði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða.

## 7. gr.

## 8. gr.

Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landsvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í bersýnilegri hættu sökum óhóflegrar þeitar, að dómi skógræktarstjóra, og er landbúnaðarráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnytjum, eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni.

## 9. gr.

Í þeim skógum og kjarr, sem er sameign fleiri manna eða jarða á óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli.

## 10. gr.

Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess.

## 11. gr.

Sé skógur eða kjarr í yfirvofandi hættu að dómi skógræktarstjóra fyrir örtröð eða annað það, er kann að valda háskalegum skemmdum á skógi eða skóglendi, er ráðherra heimilt að taka slík landsvæði eignar- eða leigunámi. Um slíkt eignar- eða leigunám fer eftir fyrirmælum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms. Meta skal fullar bætur eigi aðeins fyrir afnotamissi, heldur og fyrir þá aðstöðuskerðingu til lífsbjargar, er af slíkum ráðstöfunum leiðir.

## 12. gr.

Skógræktarstjóri eða skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið. Hann er og skyldur til þess að leggja fram endurgjaldslaut vinnu til þess að höggva á allt að 400 fermetra svæði í skóginum eða kjarrinu til þess að kynnast, hvernig höggva skuli.

## 13. gr.

Eigendur eða notendur skóga og kjarrs geta ekki bannað skógræktarstjóra, skógarvörðum, hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlit kann að vera falið, að fara um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt.

## 14. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir til þess að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn, til þess að kynna

sér fyrirskipanir þeirra um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 8 kr. á dag, sem greiðist af skógræktarfé. 100 14. maí

## 15. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er.

## III. KAFLI

## Um friðun og ræktun skóga.

## 16. gr.

Á landi því, sem skógrækt ríkisins hefir til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

## 17. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnast ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til þess að leita þess vandlega. Heimilt er ráðherra, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

## 18. gr.

Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra á meðan ábúðartími þeirra stendur. Ennfremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- eða kjarrlendi á jörðum þessum á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgangur jarðanna vegna afnotamissis ábúenda af hinu friðaða landi, eftir mati dómkvaddra manna.

## 19. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum eða notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfé til þess að girða bæði skóglendi og skóglaut land til þess að rækta á skóg, með þeim skilyrðum er hér greinir:

Skógrækt ríkisins leggur til girðingarefni og kemur því á næstu höfn við svæði það, sem girða skal. Hún leggur og til verkstjóra við uppsetning girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefnið að girðingarstæði á sinn kostnað og leggur til allan þann vinnukraft, sem þarf til þess að setja upp girðinguna; skulu þeir og fæða og hýsa verkstjóra endurgjaldslaust. Gera skal samning um girðinguna milli skógræktar ríkisins annarsvegar en eiganda eða nothafa hinsvegar. Skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, sem jörðin liggur, sem kvöð á jörðinni, á kostnað eiganda eða notanda. Skógrækt ríkisins greiðir  $\frac{1}{3}$ , en eigandi eða nothafi  $\frac{2}{3}$  viðhaldskostnaðar á girðingunni fyrstu 15 árin, en að þeim tíma liðnum stendur eigandi eða nothafi straum af öllu viðhaldi hennar. Sé skóglaut land tekið til skóggæðslu, greiðir skógrækt ríkisins helming kostnaðar við gróðursetningu eða sáningu í fyrsta sinn, en eigandi eða nothafi helming á móti. Ef ný gróðursetning er nauðsynleg eða sáning, skal eigandi eða nothafi framkvæma það á sinn kostnað samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra. Hirðingu alla skal eigandi eða nothafi annast samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra eða skógarvarða.

**100** Um friðun þessara svæða gilda sömu reglur og um friðun skóglendis, sem um 14. maí getur í 16. og 17. gr.

20. gr.

Ef eigendur eða notendur skógræktarsvæða, sem girt hafa verið að nokkru eða öllu leyti á kostnað skógræktarinnar, rjúfa þann samning, sem gerður hefir verið um friðun eða ræktun landsins, þá er skógræktarstjóra heimilt, með samþykki ráðherra, að taka burt girðinguna á kostnað eiganda eða notanda.

21. gr.

Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðunum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 15. gr. laganna. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

IV. KAFLI

Um skógræktarfélag Íslands.

22. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarféлага í landinu.

23. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarféлага, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

24. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um skógarítök og hvernig þeim skuli af létt.

25. gr.

Á næstu fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal skógræktarstjóri, með þremur auglýsingum í röð í Lögbirtingablaðinu, skora á alla þá, sem telja sér ítök í skóglendi annara jarða, að lýsa ítökunum fyrir honum áður en tólf mánuðir eru liðnir frá birtingu síðustu auglýsingarinnar.

Jafnframt því, sem ítökunum er lýst, skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hversu þau hafa verið notuð síðustu áratugi og hvers virði menn telji sér þau nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Ítök þau, sem ekki verður lýst á tilsettum tíma, skulu falla niður.

26. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrar jarðir eigi ítök í skóglendi hennar, svo sem fram er haldið, og skal þá úr þeim ágreiningsi skorið svo sem lög mæla.

27. gr.

Nú hefir skógur verið upprættur úr landi, er telst skógarítak annarar jarðar, og fellur þá ítakið niður.

## 28. gr.

100

Á næstu fimmtán árum eftir að lög þessi ganga í gildi má með úrskurði ráðherra heimila landeiganda að kaupa skógarítak, sem í jörð hans er. Vilji landeigandi ekki nota heimildina, má heimila eiganda ítaksins að kaupa land það, sem ítakið nær yfir.

14. maí

Rísi ágreiningur um kaupverð ítaks eða lands, skal hvorttveggja metið af tveim dómkvöddum mönnum og sala fara fram samkvæmt því. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat þriggja dómkvaddra manna.

Vilji hvorugur aðila, ítaks- eða landeigandi, nota ofangreindar heimildir, getur skógræktarstjóri, með samþykki ráðherra, látið dómkveðja tvo menn til þess að skipta landi og skógi þannig, að aðilar fái land með skógi í hlutfalli við það, sem verðmæti lands og ítaks er metið. Skjóta má úrskurði matsmanna undir yfirmat. Kostnaður við mat og skipti greiðist af aðilum í hlutfalli við eign þeirra í því, sem skipt hefir verið.

## 29. gr.

Eftir staðfesting þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

## VI. KAFLI

## Um sektir, málsmeðferð o. fl.

## 30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—2000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem almenn lögreglumál.

## 31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 54 frá 24. nóv. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, og lög nr. 13 frá 7. maí 1928, um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

101

um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 [Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o. fl.].

14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Jarðir þær, sem um getur í 4. tölul. 1. gr., skal afhenda Hafnarfjarðarkaupstað og Gullbringusýslu, þannig, að sýslan fái í sinn hlut lítt ræktanlegt beitiland jarð-



**2. Landssíminn:**

102

14. maí

a.	Til einkasíma í sveitum .....	kr.	3301.98
b.	1. Aðalskrifstofa landssímans .....	—	9950.13
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	—	11977.91
	3. Loftskjástöðin í Reykjavík .....	—	2102.11
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík .....	—	2346.68
	5. Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ....	—	34034.11
	6. Áhaldahúsið .....	—	2887.31
	7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	—	3332.27
	8. — á Seyðisfirði .....	—	4447.21
	11. — í Vestmannaeyjum .....	—	3423.28
	12. — á Siglufirði .....	—	5720.55
	13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva .....	—	8099.45
c.	Eyðublöð o. fl. ....	—	3502.31
d.	Viðbót og viðhald .....	—	15134.64
e.	Ferðakostnaður vegna starfrækslunnar .....	—	929.35
f.	Viðhald símanna .....	—	48855.34
g.	Framhaldsgjald .....	—	3025.30
h.	Til kennslu .....	—	966.01
i.	Tillag til skrifstofu í Bern .....	—	1075.80
j.	Fyrning á húsum og áhöldum .....	—	1351.30
k.	Burðargjald .....	—	960.86

samtals kr. 167423.90

af kr. 182086.51 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**Eignabreytingar:**

2.	Til viðauka símakerfa .....	kr.	401.47
3.	Til nýrra símalína .....	—	584.49
4.	Talstöðvar í bátum .....	—	2950.11
5.	Til loftskjástöðva í skipum .....	kr.	1346.87
6.	Fyrningarsjóður lagður í banka .....	—	38312.16

samtals kr. 43595.10

**3. Áfengisverzlun ríkisins:**

1.	Laun starfsmanna .....	kr.	3430.52
4.	Annar kostnaður .....	—	2459.43
6.	Til menningarsjóðs .....	—	40343.00
7.	Lagt til hliðar fyrir útsvari .....	—	65000.00

samtals kr. 111232.95

af kr. 600360.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**4. Tóbakseinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—7. ....	kr.	16299.77
------------------	-----	----------

af kr. 185138.45 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

**5. Ríkisútvarpið:**

a.	1. Laun starfsmanna .....	kr.	40519.02
	2. Útvarpsefni .....	—	4987.22
	3. Skrifstofukostnaður .....	—	17533.64
	8. Vextir .....	—	25243.74
c.	Fyrning .....	—	3794.81

samtals kr. 92078.43

af nettóhagnaði viðtækjaverzlnar ríkisins.



102  
14. maí**6. Viðtækjaverzlun ríkisins:**

Gjöld 1.—9. .... kr. 96908.74  
af kr. 156623.64 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

**7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:**

Gjöld 1.—9. .... kr. 472292.64  
af kr. 527507.98 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

**8. Landssmiðjan:**

Gjöld 1.—5. .... kr. 102421.91  
af kr. 111784.35 brúttóhagnaði smiðjunnar.

**9. Vífilsstaðabúið:**

Gjöld 1.—6. .... kr. 42844.22  
af kr. 44095.69 brúttótekjum búisins.

**10. Kleppsbúið:**

Gjöld 1.—6. .... kr. 37397.24  
af kr. 38128.64 brúttótekjum búisins.

**11. Reykjabúið:**

Gjöld 1.—7. .... kr. 36854.17  
af kr. 41805.16 brúttótekjum búisins.

**12. Raftækjaeinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—6. .... kr. 158132.06  
af kr. 296320.33 brúttóhagnaði einkasölnunnar,  
þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og  
sýslufélaga af nettóhagnaði.

**13. Bifreiðaeinkasala ríkisins:**

Gjöld 1.—9. .... kr. 59379.80  
af kr. 136878.61 brúttóhagnaði einkasölnunnar,  
þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og  
sýslufélaga af nettóhagnaði.

**14. Grænmetisverzlun ríkisins:**

Gjöld 1.—2. .... kr. 64004.78  
af kr. 126839.68 brúttótekjum.

**3. gr.**

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán	kr.	58917.09	
2. Dönsk lán	—	6242.60	
3. Ensk lán	—	7470.00	
4. Aðrir vextir	—	18309.11	
			kr. 90938.80
			Flyt kr. 90938.80

	Flutt	kr.	90938.80	102	14. mai
4. gr.					
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:					
I. Stjórnarráðið, ríkisfóhirðir, ríkisbókhald o. fl.:					
2. Til utanferða ráðherra .....	kr.	6895.56			
3. a. 1. Atvinnumálaráðuneytið .....	—	7552.80			
2. Dómsmálaráðuneytið .....	—	14582.39			
3. Fjármálaráðuneytið .....	—	9003.97			
4. Aðrir starfsmenn .....	—	12895.62			
b. Annar kostnaður .....	—	24230.47			
4. Ríkisfóhirzla og bókhald:					
a. Laun .....	—	1175.00			
5. Pappír o. fl. ....	—	1221.10			
6. Útgáfa stjórnartíðindanna:					
a. Þóknun fyrir ritstjórn .....	—	850.00			
b. Pappír og prentun .....	—	1068.15			
c. Kostnaður við póstsendingar .....	—	74.67			
7. Umbætur og viðhald á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum .....	—	12117.29			
II. Hagstofan:					
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ....	—	314.44			
5. Húsaleiga .....	—	56.94			
6. Annar kostnaður .....	—	415.15			
III. Utanríkismál o. fl.:					
1. d. Til skrifstofuhalds .....	—	2466.39			
2. Til meðferðar utanríkismála .....	—	9426.82			
			—	104346.76	

## 5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1. Hæstiréttur:					
a. Laun .....	kr.	7950.00			
b. Annar kostnaður .....	—	1296.31			
2. Laun hæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra .....	—	1657.33			
3. Laun hreppstjóra .....	—	24591.60			
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:					
a. Laun og aðstoð .....	—	1181.00			
b. Húsaleiga o. fl. ....	—	355.00			
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:					
a. Laun og aðstoð .....	—	17992.80			
b. Húsaleiga o. fl. ....	—	4050.00			
c. Ýmisleg gjöld .....	—	10726.12			
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:					
a. Laun og aðstoð .....	—	5700.00			
b. Húsaleiga o. fl. ....	—	543.69			
c. Ýmisleg gjöld .....	—	2050.68			
7. Toll- og löggæzla:					
a. Í Reykjavík:					
1. Laun og aðstoð .....	—	18761.90			
2. Annar kostnaður .....	—	15043.83			

Flyt kr. 111900.26 kr. 195285.56

102  
14. maí

	b. Utan Reykjavíkur:	Flutt	kr. 111900.26	kr. 195285.56
	1. Laun .....	—	8023.00	
	2. Annar kostnaður .....	—	9046.65	
	c. Vegaeftirlit:			
	1. Laun .....	—	600.00	
	2. Annar kostnaður .....	—	500.00	
9.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	38583.50	
10.	Til landhelgisgæzlu .....	—	49791.24	
11.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl. ....	—	7637.57	
12.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:			
	a. Rekstrarhalli .....	—	40617.28	
13.	Sakamála- og lögreglumálakostnaður .....	—	8624.50	
14.	Borgun til sjódomsmanna .....	—	980.00	
15.	Borgun til setudómara o. fl. ....	—	1823.47	
16.	Kostnaður við löggildingu voga og mælitækja ..	—	8921.14	
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:			
	1. b. Fyrir embættisseyti .....	—	31145.89	
	3. Til embættiseftirlitsferða .....	—	126.50	
	4. Skatta- og fasteignamatskostnaður:			
	a. Skattstofan í Reykjavík .....	—	8678.03	
	b. Skattanefndir .....	—	10429.34	
	c. Fasteignamat .....	—	65223.29	
5.	Til ríkisskattanefndar .....	—	5500.00	
6.	Eyðublöð o. fl. ....	—	22622.13	
				— 430773.79

## 6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

## Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála:

9.	Landsspítalinn .....	kr. 89955.60	
	en tekjur spítalans fóru kr. 56972.33 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Geðveikrahælin á Kleppi:		
	II. Nýi spítalinn .....	— 23755.94	
	en tekjur spítalans fóru kr. 7885.45 fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Heilsuhælið á Vífilstöðum .....	— 29465.33	
13.	Heilsuhælið á Reykjum í Ölfusi .....	— 2293.87	
	en tekjur hælisins fóru kr. 7700.91 fram úr fjárlagaáætlun.		
14.	Heilsuhælið í Kristnesi .....	— 8223.12	
	en tekjur hælisins fóru kr. 1284.00 fram úr fjárlagaáætlun.		
15.	Önnur gjöld:		
	e. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands .....	— 2742.85	
	g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum .....	— 63.78	
16.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra .....	— 27.89	
			— 156528.38
			Flyt kr. 782587.73

Flutt kr. 782587.73 102

7. gr.

14. maí

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

## A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
2. Laun aðstoðarverkfræðings .....	kr.	150.00
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar .....	—	1818.90
4. Til aðstoðar og mælinga .....	—	2670.08
5. Skrifstofukostnaður .....	—	3484.23
II. Þjóðvegir:		
a. Til nýrra akvega:		
1. Kjósarvegur .....	—	632.21
3. Hálsasveitarvegur .....	—	842.00
4. Álftaneshreppsvegur .....	—	86.47
5. Útnesvegur .....	—	27.92
8. Stykkishólmsvegur .....	—	508.86
9. Ólafsvíkurgvegur .....	—	31.84
10. Saurbæjarvegur .....	—	163.70
11. Geiradalsvegur .....	—	340.50
12. Rauðasandsvegur .....	—	338.06
13. Patreksfjarðarvegur .....	—	453.82
14. Barðastrandarvegur .....	—	118.73
15. Breiðadalsheiðarvegur .....	—	490.66
17. Botnsheiðarvegur .....	—	339.82
18. Bolungavíkurgvegur .....	—	51.87
19. Hnifsdalsvegur .....	—	156.45
21. Kaldrananesvegur .....	—	3540.38
22. Steingrímsfjarðarheiðarvegur .....	—	180.62
23. Kollafjarðarvegur .....	—	590.04
24. Botnsvegur .....	—	1707.55
25. Borðeyrarvegur .....	—	3129.98
26. Holtavörðuheiðarvegur .....	—	2000.00
30. Skagastrandarvegur .....	—	28.73
31. Blönduhlíðarvegur .....	—	782.30
32. Út-Blönduhlíðarvegur .....	—	379.16
35. Stifluvegur .....	—	448.63
36. Siglufjarðarskarð .....	—	794.78
40. Kinnarbraut .....	—	35.35
41. Kópaskersvegur .....	—	62.87
42. Raufarhafnarvegur .....	—	121.59
47. Upphéraðsvegur .....	—	127.47
49. Úthéraðsvegur .....	—	19.82
50. Borgarfjarðarvegur .....	—	85.69
52. Norðfjarðarvegur .....	—	193.50
53. Fáskrúðsfjarðarvegur .....	—	111.73
55. Berunesvegur .....	—	104.88
58. Mýra- og Suðursveitarvegur .....	—	1741.91
60. Síðuvegur .....	—	208.65
62. Mýrdalsvegur .....	—	1258.15
63. Eyjafjallavegur .....	—	68.54

Flyt kr. 30428.44 kr. 782587.73

102

14. maí

	Flutt	kr.	30428.44	kr.	782587.73
			311.81		
			555.50		
			20022.56		
			971.47		
			1107.76		
			33765.03		
			670.40		
			6489.32		
			1516.56		
			140.36		
			422.02		
			382.94		
III.	Til brúargerða		14210.78		
IV.	Til fjallvega		1116.35		
VI.	Til sýsluvega:				
	1. Tillög til akfærra sýsluvega		18.73		
	3. Til sýsluvegasjóða eftir l. nr. 10 1923		12292.87		
IX.	Til ferjuhalds		708.56		
X.	Styrkur til að halda uppi vetrarferðum		11469.89		
XIV.	Iðgjöld til slysatryggingarinnar		812.00		
	<b>B. Samgöngur á sjó:</b>				
	1. Til strandferða:				
	a. Ríkissjóðs		10679.80		
	<b>C. Vitamál og hafnargerðir:</b>				
	I. Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:				
	3. Húsaleiga, ljós og hiti		653.72		
	4. Til skrifstofuhalds		164.53		
VI.	Til áhaldakaupa		225.80		
VII.	Ýmislegt		6504.02		
XV.	Fyrning		5223.00		
	<b>D. Flugmál:</b>				
	Til flugmála		12226.32		173090.54

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	<b>A. Kirkjumál:</b>					
5.	Embættiskostnaður presta	kr.	91.66			
	<b>B. Kennslumál:</b>					
	I. Háskólinn:					
	m. Hiti, ljós og fleira	kr.	124.10			
	n. 2. Ýmisleg gjöld		12055.09			
	t. Rekstrarhelli rannsóknarstofu háskólans ..		20305.37			
	II. Námsstyrkur erlendis:					
	a. Til isl. stúdenta erlendis		1018.60			
	b. Námsstyrkur skv. ákvörðun menntamálaráðs		1601.90			
		Flyt	kr.	35196.72	kr.	955678.27

	Flutt	kr.	35196.72	kr.	955678.27	102
III. Fræðslumálastjórnin:						14. maí
3. Skrifstofukostnaður .....	—		8138.66			
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:						
a. Laun .....	—		3061.87			
c. 2. Til eldiviðar o. fl. ....	—		1361.41			
4. — stundakennslu og til prófdómenda ..	—		7780.10			
7. Læknisþóknun .....	—		400.00			
9. Ýmisleg gjöld .....	—		3947.13			
10. Til verðlaunabóka .....	—		17.76			
V. Menntaskólinn á Akureyri:						
a. Laun .....	—		5103.17			
b. 1. Til aukakennara og stundakennslu ....	—		2006.50			
4. — eldiviðar og ljósa .....	—		2046.00			
7. — viðhalds og endurbóta .....	—		1935.82			
8. — ýmislegra gjalda .....	—		3016.54			
9. — verðlaunabóka .....	—		15.85			
VI. Kennaraskólinn:						
b. 1. Stundakennsla .....	—		3233.50			
2. Til eldiviðar og ljósa .....	—		869.65			
3. — bókakaupa og áhaldakaupa .....	—		315.07			
6. Ýmisleg gjöld .....	—		3362.90			
VII. Stýrimannaskólinn:						
a. Laun .....	—		291.33			
c. 3. Til Sveinbjarnar Egilssonar til fyrirlestra	—		150.00			
4. Ýmisleg gjöld .....	—		230.31			
6. Fyrning .....	—		4.00			
VIII. Vélstjóráskólinn:						
a. Laun .....	—		297.66			
IX. 1. Bændaskólinn á Hólum:						
b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu	—		47.00			
c. 1. Til verklegs náms .....	—		1348.30			
3. — eldiviðar og ljósa .....	—		758.75			
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:						
c. 1. Til verklegs náms .....	—		1310.85			
2. — kennsluáhalda .....	—		335.90			
3. — eldiviðar og ljósa .....	—		2399.31			
4. — viðhalds .....	—		579.53			
5. — ýmislegra gjalda .....	—		1688.74			
3. Vegna laga um bændaskóla .....	—		3131.33			
4. Garðyrkjuskóli á Reykjum í Ölfusi .....	—		4001.42			
XI. Verzlunarskólar:						
c. Kostnaður við próf lögg. endurskoðenda ...	—		500.00			
XIII. Almenn barnafræðsla:						
1. Laun kennara í föstum skólum .....	—		13514.07			
3. Til farkennslu o. fl. ....	—		2907.00			
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:						
1. Alþýðuskólinn á Eiðum:						
c. 3.—4. Til viðhalds og ýmisl. gjalda .....	—		2606.70			
d. Fyrning húsa .....	—		3.00			

---

Flyt kr. 117913.85 kr. 955678.27

		Flutt	kr. 117913.85	kr. 955678.27
<b>102</b>				
14. maí	2. Til héraðsskóla:			
	a. Rekstrarstyrkur .....	—	21093.25	
	3. Til gagnfræðaskóla .....	—	23376.66	
	7. Til unglíngafraeðslu utan kaupstaða .....	—	3900.00	
XV.	Húsmæðrafraeðsla:			
Ríkisstjórnin hefir rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtál eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins, eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðgæði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað starfrækslu fjarskiptapjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

119

5. júlí

Brot gegn 1.—5. gr. varða sektum allt að 10000 krónum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

120

8. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um utanríkisþjónustu erlendis.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

**Gjörri kunnugt:** Utanríkisráðherra hefir leitt athygli að því, að í þingsályktun 10. apríl 1940, lýsir Alþingi Íslendinga m. a. yfir því, að vegna þess ástands, er þá hafi skapast, geti Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands, samkv. 7. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, og að Ísland taki því að svo stöddu meðferð þeirra mála að öllu leyti í sínar hendur. Þótt þannig liggja fyrir ótvíræður þingvilji um meðferð þessara mála, telur ráðherra nauðsynlegt, að í löggjöf sé kveðið á um, á hvern hátt skuli skipað um starfrækslu utanríkisþjónustunnar, en sérstaklega sé það aðkallandi um meðferð slíkra mála erlendis, m. a. til þess að tryggja réttargildi ýmissa gjörninga sendimanna í þjónustu Íslands þar.

Með því að álíta verður, að brýn nauðsyn beri til að setja nú þegar löggjöf samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar um utanríkisþjónustu Íslands erlendis, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plénipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires) og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Ef ríkisstjórnin telur æskilegt, má fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ríkisstjórnin skipar starfsmenn sendiráða.

2. gr.

Ræðismenn eru sumpart sendir út af ríkisstjórninni (útsendir aðalræðismenn, ræðismenn og vararæðismenn) eða kjörnir meðal þeirra manna, er hæfir þykja (kjörræðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur æskilegt.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með tilskipun, á hvaða stöðum útsendir ræðismenn skulu vera, og skipar þá.

## 4. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og útsendra aðalræðismanna skulu vera 8000 kr. Laun útsendra ræðismanna skulu vera 4200 kr. Auk þess skulu útsendir menn fá greiddar launabætur (staðaruppbætur), sem ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern stað með hliðsjón af kostnaði lífsnauðsynja (fæðis, húsnæðis o. s. frv.) á dvalarstaðnum.

120

8. júlí

Óheimilt er útsendum fulltrúum að taka laun eða þóknun fyrir aukastörf.

## 5. gr.

Kjöræðismenn þurfa ekki að vera íslenskir ríkisborgarar. Þeir taka og engin laun.

## 6. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir ríkisstjórnina í sama landi, og setur hún þá fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvers til annars, með tilliti til dvalarstaðar, þekkingar og persónulegri ástæðna.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

## 7. gr.

Útsendum starfsmönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að framkvæma þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenskra ríkisborgara, og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem gefin eru út í því sambandi á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem gefin eru þar út.

Ef ástæður mæla með því, getur ríkisstjórnin veitt ræðismönnum, sem kjörnir eru, sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgr. þessarar greinar.

## 8. gr.

Kostnaður samkv. lögum þessum, þar á meðal skrifstofukostnaður við sendiráð og ræðismannsskrifstofur, greiðist úr ríkissjóði.

## 9. gr.

Ákvæði 8. gr. gilda ekki um kjöræðismenn. Þó er heimilt, ef mjög ríkar ástæður eru fyrir hendi, að veita ræðismönnum þessum allt að 2000 kr. til skrifstofukostnaðar.

## 10. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkismála skal greiða gjald eftir nánari fyrirmælum, sem ríkisstjórnin setur með sérstakri reglugerð.

## 11. gr.

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur fyrir fulltrúa utanríkismála erlendis, ákveður starfssvið þeirra og gefur þeim erindisbréf.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. júlí 1940.*

**Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

121  
5. júlí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922,  
um fiskveiðar í landhelgi.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að vegna styrjaldarástands þess, sem að undanfögnu hafi verið ríkjandi í Noregi, hafi nokkur norsk fiskiskip leitað hingað til lands og búast megi við fleiri slíkum skipum í framtíðinni.

Til þess að bæta úr vandræðum skipshafna þessara skipa telur ráðherrann að nauðsyn beri til að veita honum heimild til að leyfa íslenskum ríkisborgurum að leigja þessi skip til sildveiða á þessu sumri, og hafa norska skipshöfn á skipunum.

Með því að ráðuneytið fellst á að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 1. gr. laga nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi, orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33 1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til sildveiða í landhelgi hér við land sumarið 1940, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri síldarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusíldarafra skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

122

2. ágúst

**um loftvarnaráðstafanir.****Ráðuneyti Íslands**, handhafi konungsvalds,

**Gjörir kunnugt:** Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að rétt þyki til öryggis að setja ákveðnar reglur um varnir gegn loftárásum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreind efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Bæjar- eða sveitastjórnnum er heimilt í samráði við ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til loftvarna í Reykjavík og annarstaðar hér á landi og verja til þess nauðsynlegu fé, er greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

## 2. gr.

Lögreglustjórar hafa með höndum framkvæmdir loftvarnanna, hver í sínu umdæmi, með aðstoð sérstakra loftvarnanefnda, er skipaðar skulu vera 4 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum annarstaðar á landinu, auk lögreglustjóra. Bæjar- og sveitarstjórnir kjósa loftvarnanefndir en lögreglustjórar skulu vera formenn þeirra.

## 3. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum skal skylt að aðstoða við framkvæmd þessara ráðstafana hverri á sínum stað, svo sem með því að ljá til þeirra hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

## 4. gr.

Það er almenn borgaraleg skylda að vinna án endurgjalds að undirbúningi loftvarna eftir fyrirmælum lögreglustjóra og loftvarnanefnda svo og að hlýða öllum fyrirmælum og reglum varðandi loftvarnaráðstafanir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal að taka þátt í fyrirskipuðum æfingum.

Lögreglustjórum og loftvarnanefndum er heimilt að taka kjallara og aðrar vistarverur einstakra manna, er nota má sem loftvarnabyrgi fyrir almenning og útbúa þau í því skyni enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna.

## 5. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og fyrirmælum og reglum lögreglustjóra og loftvarnanefnda samkvæmt þeim varða 50—10000 kr. sektum, nema þyngri refsing varði, samkvæmt öðrum lögum.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 2. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

29



## L Ö G

## um bann gegn jarðraski.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það samkvæmt 6. gr. laga, dags. 7. maí þ. á., um breytingar á lögum nr. 28 19. júní 1933, um bann gegn jarðraski o. s. frv., hefir látið fella meginmál þeirra inn í lög nr. 28 19. júní 1933 og gefur þau hér með út svo breytt sem lög um bann gegn jarðraski.

## 1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

Ráðherra er ennfremur heimilt að banna sand- og malartöku hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hættu af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra.

## 2. gr.

Nú hagar þannig til, þar sem sand- og malartaka er bönnuð samkvæmt 1. málsg. 1. gr., að áhættulaust virðist að taka efni í landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára í senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

## 3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga, svo og banni, er sett kann að verða samkv. 2. málsg. 1. gr., varða sektum frá 20—5000 kr., sem renna í sveitarsjóð. Mál er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

124

17. ágúst

**um radió-senditæki.**

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til að koma nú þegar í veg fyrir, að radió-senditæki séu notuð til að stofna hlutleysi ríkisins í hættu og tryggja ítarlegra eftirlit með þessu en núgildandi lög gera ráð fyrir.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega eiga eða hafa í vörzlum sínum eftir 31. ágúst 1940 radió-senditæki eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í slík tæki.

Til radió-senditækja teljast öll tæki, sem ætluð eru til að framleiða rafsveiflur með hárrí títíni (yfir 20000 ríð á sekúndu).

Einnig er bannað að aðstoða menn við að setja saman radió-senditæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

## 2. gr.

Nú á maður eða hefir í vörzlum sínum einhver slík tæki, sem nefnd eru í 1. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni tækin eða tækjahlutana eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnarinnar.

## 3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingu samkvæmt ákvæðum 91. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

125  
22. ágúst

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að í ráði sé, að Tóbakseinkasala ríkisins starfræki tóbaksgerð, með því að ófriðurinn hefir um ófyrirsjáanlegan tíma lokað fyrir viðskiptasambönd þau, sem einkasalan hafði til kaupa á ýmsum tóbaksvörum, einkum neftóbaki.

Ráðherrann telur réttara að leitað sé lagaheimildar til starfrækslu þessarar sem ríkisfyrirtækis. Tóbaksgerðin þyrfti að hefja starfrækslu sína strax vegna skorts á neftóbaki í landinu.

Með því að ráðuneytið telur, að nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að starfrækja tóbaksgerð eða fela einkasölu þá starfrækslu.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 50 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli. Heildsöluálagning á vörur þær, sem tóbaksgerð ríkisins eða einkasöluunnar framleiðir, skal vera óbundin.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

3. gr.

2. gr. laga nr. 75 23. júní 1932, er úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

126

27. ágúst

um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Ákvæði laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, gilda aðeins fyrir árið 1940. Hins vegar er augljóst, að dýrtíð fer vaxandi í landinu og því nauðsynlegt, að samskonar uppbætur og um ræðir í téðum lögum verði veittar framvegis. Úthlutun á ellilaunum og örorkubótum fer fram í byrjun októbermánaðar, og er sveitarstjórn-um nauðsynlegt fyrir þann tíma að vita um hvers framlags sveitarsjóðir megi vænta frá Lífeyrissjóði Íslands.

Með því að ráðuneytið fellst á það álit félagsmálaráðherrans, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

## 2. gr.

Lífeyrissjóður Íslands skal, meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulið 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram  $\frac{3}{4}$  hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

127

5. sept.

## AUGLÝSING

## um samning um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga á Íslandi og í Danmörku.

Þann 30. marz 1939 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur um ofanritað efni.

Samningurinn var gerður á íslenzku og dönsku og birtast hér með báðir textarnir.

## SAMNINGUR

um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga  
á Íslandi og í Danmörku.

## 1. gr.

Samningur þessi nær, hvað Íslandi viðvíkur, til samlaga, sem stofnuð hafa verið samkvæmt íslenzkum lögum um alþýðu-tryggingar, og hvað Danmörku viðvíkur til sjúkrasamlaga, sem viðurkennd eru af ríkinu og falla undir landssamband (De samvirkende Centralforeninger) sjúkrasamlaga í Danmörku.

## 2. gr.

Meðlimir þeir, sem 2. málsgrein þessarar greinar fjallar um, geta flutzt milli sjúkrasamlaga þeirra á Íslandi og í Danmörku, sem samningur þessi nær til.

Til þess að flutningur geti farið fram, verður hlutaðeigandi að eiga rétt á því að ríkissjóðstillag greiðist sjúkrasamlögum fyrir hann, samkvæmt lögum þess lands, sem hann flytur til.

## 3. gr.

Flutningurinn fer fram í samræmi við þau lög og reglur um flutninga milli sjúkrasamlaga, er gilda í því landi, sem flutzt er til. Ef reglur annars landsins um flutninga eru um eitthvað atriði í ósamræmi við samning þennan, eru þó reglur samnings þessa rétthærri.

Almenn skilyrði til þess að meðlimur hafi rétt til þess að yfirfæra tryggingu sína, þegar hann flytur eins og áður greinir, eru þau, að hann:

## OVERENSKOMST

om Overflytning af Medlemmer mellem  
Sygekasser i Danmark og Island.

## Pgf. 1.

Denne Overenskomst omfatter for Danmarks Vedkommende de statsanerkendte Sygekasser, som er tilsluttet De samvirkende Centralforeninger af Sygekasser i Danmark og for Islands Vedkommende de i Henhold til den islandske Folkeforsikringslovgivning oprettede Sygekasser.

## Pgf. 2.

Mellem Sygekasser, som omfattes af denne Overenskomst, kan Overflytning af de i nærværende Paragrafs 2 Stk. omhandlede Medlemmer finde Sted fra det ene til det andet af Landene Danmark og Island.

For at Overflytning kan ske, skal vedkommende Medlem være berettiget til i Henhold til Lovgivningen i det Land, hvortil Flytningen finder Sted, gennem sin Sygeforsikring at nyde Tilskud af Statens Midler.

## Pgf. 3.

Overflytning sker efter de Love og Regler for Overflytning fra en Sygekasse til en anden, som er gældende i det Land, hvortil Overflytningen finder Sted. For saa vidt et Lands Regler for Overflytning i noget Punkt skulde være i Uoverensstemmelse med nærværende Overenskomst, gaar Overenskomstens Regler dog forud for det enkelte Lands Regler.

Som almindelig Betingelse for, at et Medlem skal være berettiget til at overføre sin Forsikring ved Overflytning som foran nævnt, gælder, at Medlemmet maa:

- a) hafi sleppt búsetu sinni í því landi, er hann flytur frá og búsett sig í því landi, sem flytur til (um dvöl um stundarsakir sjá þó 7. gr.);
- b) hafi fullnægt skuldbindingum sínum við sjúkrasamlag sitt í því landi, sem hann flutti frá;
- c) geri grein fyrir meðlimsréttindum sínum svo sem um getur í 4. gr. með flutningabók eða flutningsvottorði frá sjúkrasamlagi því, sem hann síðast var meðlimur í, og óskar að flytjast í hlutaðeigandi samlag innan 6 vikna eftir komu sína til hins landsins, samanber þó 4. gr., síðustu málsgrein.
- a) have opgivet sin Bopæl i det Land, 127 hvorfra der flyttes, og taget Bopæl i 5. sept. det Land, hvortil der flyttes (for midlertidigt Opholds Vedkommende se dog Pgf. 7);
- b) have opfyldt sine Forpligtelser i Sygekassen i det Land, han har forladt;
- c) inden en Frist af 6 Uger efter Ankomsten til det andet Land godtgøre sit tidligere Medlemsforhold paa den i Pgf. 4 omhandlede Maade ved en Flyttebog eller -attest fra den Sygekasse, han sidst var Medlem af, og begære sig tilflyttet vedkommende Sygekasse, jfr. dog Pgf. 4, sidste Stk.

## 4. gr.

Tryggingarráðið á Íslandi og stjórnarnefnd sjúkrasamlaganna í Danmörku koma sér saman um gerð þeirra flutningabókar eða flutningsvottorðs, sem um getur í 3. gr. c, og eiga í henni að vera upplýsingar um nafn, aldur og atvinnu meðlimsins, í hvaða sjúkrasamlagi hann sé, hversu lengi hann hafi verið meðlimur í sjúkrasamlaginu eða öðrum sjúkrasamlögum rétt áður en hann flutti, ennfremur, hafi hann notið sjúkrahjálpar á yfirstandandi og tveim næstu almanaksárum á undan, þá hvenær og hversu lengi hann hefir notið hennar.

Nú hefir meðlimur, sem óskar að flytjast, enga flutningabók meðferðis, skal honum — umfram frest þann er greinir í 3. gr., 2. málsgrein, málslið c — veittur nægilegur frestur til þess að afla sér flutningabókar frá samlagi því, sem hann síðast var í. Sjúkrasamlag það, sem meðlimur flytur til, hefir heimild til þess að afla sér upplýsinga beint frá því eða þeim sjúkrasamlögum, sem hann hefir áður verið í.

## 5. gr.

Uptaka í sjúkrasamlagið, sem flutt er til, fer fram án sérstaks upptökugjalds og án hins venjulega biðtíma, og er talin frá þeim tíma, þegar meðlimurinn kom til þess lands, sem flutt var til.

Meðlimur, sem flytur, fær þó ekki réttindi í sjúkrasamlagi því, sem hann flutt til, fyrr en á þeim degi, sem sex vikur

## Pgf. 4.

Den i Pgf. 3 c omhandlede Flyttebog eller -attest, hvis Form fastsættes efter nærmere Aftale mellem Sygekassenævnet i Danmark og Forsikringsraadet i Island, skal indeholde Oplysninger om: Medlemets Navn, Alder og Beskæftigelse, hvilken Sygekasse han er Medlem af, i hvilket Tidsrum umiddelbart forud for Overflytning han har været Medlem af Sygekassen eller muligvis af andre Sygekasser, samt, saafremt han i det indeværende og de to forudgaaende Kalendear har faaet Sygeunderstøttelse, da i hvilke Tidsrum denne er ydet.

For saa vidt et Medlem, som begærer sig tilflyttet, ikke medfører Flyttebog, skal der — udover den i Pgf. 3, Stk. 2, Punkt c, angivne Tidsfrist — gives ham den nødvendige Frist til at skaffe en saadan fra den Sygekasse, han sidst tilhørte. Den Kasse, hvortil der flyttes, har Adgang til at indhente direkte Oplysninger fra den eller de Kasser, Medlemmet tidligere har tilhørt.

## Pgf. 5.

Optagelsen i den Sygekasse, hvortil der flyttes, finder Sted uden Indskud og uden den ellers sædvanlige Ventetid. Optagelsen regnes fra det Tidspunkt, de vedkommende Medlem er ankommet til det Land, hvortil Flytningen finder Sted.

Et flyttende Medlem har dog først Nyderet i den Sygekasse, hvortil der

127 eru liðnar frá því að hann fékk upptöku 5. sept. í samlagið, sem hann flutti frá.

6. gr.

Ef fleiri en eitt sjúkrasamlag er á staðnum, sem meðlimurinn flytur til, og hann hefir samkvæmt gildandi lögum eða samþykktum heimild til þess að velja á milli þeirra, er því sjúkrasamlagi, sem hann snýr sér til innan tilsetts tíma, skylt að veita honum upptöku.

7. gr.

Tryggingarráðið á Íslandi og stjórnarnefnd sjúkrasamlaganna í Danmörku hafa umboð til þess að gera samning um reglur um sjúkrastyrk fyrir þá meðlimi íslenskra og danskra sjúkrasamlaga, er um ræðir í 2. gr., 2. málsgrein, og aðeins dvelja um stundarsakir á Íslandi eða í Danmörku.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um flutning samkvæmt framanskráðum reglum, og sker þá það stjórnarvald, sem samkvæmt lögum þess lands, sem flutt er til, hefir rétt til þess að úrskurða í slíkum málum, úr honum.

9. gr.

Samningur þessi gengur í gildi 1. apríl 1939.

Hvor samningsaðilja getur sagt upp samningi þessum með eins árs fyrirvara að minnsta kosti.

Uppsögn gildir aðeins frá byrjun almanaksárs.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir undirskrifað samning þennan og sett við innsigli sín.

Gefið í Kaupmannahöfn í 2 eintökum, þann 30. marz 1939.

Sveinn Björnsson.

flyttes, 6 Uger efter Dagen for Optagelsen i den Sygekasse, hvorfra Flytningen finder Sted.

Pgf. 6.

Findes der paa det Sted, hvortil Flytningen sker, flere Sygekasser, og der efter de gældende Love eller Vedtægter (Statutter) er Adgang for det tilflyttede Medlem til at vælge mellem disse, skal den Sygekasse, til hvilken rettidig Henvendelse sker, være forpligtet til at modtage ham.

Pgf. 7.

Sygekassenævnet i Danmark og Forsikringsraadet i Island bemyndiges til at træffe Overenskomst om Regler for Hjælp ved Sygdom under midlertidigt Ophold i Island og Danmark for de i Pgf. 2, Stk. 2, nævnte Medlemmer af danske og islandske Sygekasser.

Pgf. 8.

Uenighed om en Overflytning i Henhold til foranstaaende Regler afgøres i hvert enkelt Tilfælde af de Myndigheder, der efter Lovgivningen i det Land, hvortil der flyttes, er berettiget til at afgøre saadanne Spørgsmaal.

Pgf. 9.

Denne Overenskomst træder i Kraft den 1. april 1939.

Overenskomsten kan opgives af hver af Parterne med en Frist af mindst 1 Aar.

Opsigelsen kan kun træde i Kraft fra et Kalenderaars Begyndelse.

Til Bekræftelse heraf har undertegnede underskrevet denne Overenskomst og forsynet den med deres Segl.

Givet i Köbenhavn i 2 Eksemplarer, den 30. Marts 1939.

Th. Stauning.

Samkvæmt 7. gr. samnings, dags. 30. marz 1939, um flutning meðlima á milli sjúkrasamlaga á Íslandi og í Danmörku, hafa Tryggingarráð á Íslandi og stjórnarnefnd sjúkrasamlaganna í Danmörku gert með sér eftirfarandi

127

5. sept.

### SAMNING

um reglur um sjúkrahjálp fyrir þá meðlimi danskra og íslenzkra sjúkrasamlaga, sem um ræðir í 2. gr. fyrrnefnds samnings frá 30. marz 1939, og dvelja um stundarsakir í Danmörku og á Íslandi.

#### 1. gr.

Sjúkrasamlagsmeðlimur eða barn hans, sem nýtur réttinda hjá samlagi sínu og kemur undir ákvæði 2. gr. samnings um flutning milli sjúkrasamlaga á Íslandi og í Danmörku, en sem um stundarsakir dvelur í hinu landinu, t. d. á ferðalagi, heimsókn, í vinnu eða þ. h., og sem vegna skyndilegra veikinda eða slyss verður nauðsynlega að leita læknis eða leggjast á sjúkrahús, skal tilkynna veikindi sín sjúkrasamlagi, sem starfar á því svæði þar sem hann veiktist eða slasaðist. Ef þetta vill til í bæjar- eða sveitarfélagi þar sem ekkert samlag hefir verið stofnað, verður hlutaðeigandi, samtímis því að hann sezt að á samlagssvæði því, sem næst er, að tilkynna þessu samlagi veikindin eða slysið. Ef veikindi eða slys vilja til á hafinu milli Danmerkur og Íslands, ber að tilkynna veikindin, svo framarlega sem ekkert sérstakt er því til fyrirstöðu í hverju einstöku tilfelli, sjúkrasamlaginu í því bæjar- eða sveitarfélagi hins landsins, þar sem skipið fyrst leitar hafnar, þegar hlutaðeigandi hefir sannað með samlagsbók sinni eða á annan fullnægjandi hátt, í hvaða sjúkrasamlagi hins landsins hann er, ber sjúkrasamlagi dvalarstaðarins að taka að sér hinar almennu skyldur, að undanskilinni tannlæknishjálp, dagpeningum, meiri háttar umbúðum og hjálpargögnum, þ. e. gerfilimum, ökostólum, lifstykkjum, sjúkraskófatnaði og heyrnartólum, gagnvart hlutaðeigandi í samræmi við samþykktir sínar og með þeim kjörum, sem gilda fyrir meðlimi samlagsins, hafa fullnægjandi eftirlit með hinum sjúka og greiða til bráðabirgða kostnað þann, sem af veikindunum hlýzt.

#### 2. gr.

Sjúkrasamlag dvalarstaðarins tilkynnir veikindin tafarlaust sjúkrasamlagi heimilisstaðarins og spyrst fyrir um réttindi hlutaðeiganda í samlaginu. Það svarar fyrirspurninni eins fljótt og hægt er og gefur upplýsingar um hve mikillar sjúkrahjálpar meðlimurinn hefir notið á því tímabili, sem hún er takmörkuð við samkvæmt samþykktum samlagsins. Að svo miklu leyti, sem það viðurkennir meðlimsrétt sjúklingsins, hefir það skyldu til þess að endurgreiða sjúkrasamlagi dvalarstaðarins allan þann kostnað, sem það hefir haft af hlutaðeigandi sjúkling. Tryggingarstofnun ríkisins, Reykjavík, og stjórnarnefnd dönsku sjúkrasamlaganna (Sygekassenævnet), Kaupmannahöfn, sjá um endurgreiðsluna og bera þær ábyrgð á skuldbindingum sjúkrasamlaganna samkvæmt samningi þessum, hvor í sínu landi.

#### 3. gr.

6 vikum eftir tilkynningu veikindanna til sjúkrasamlags dvalarstaðarins skoðast hlutaðeigandi sem meðlimur, sem hefir flutzt milli samlaga eftir venjulegum reglum, og sjúkrasamlag dvalarstaðarins hefir allar skyldur gagnvart honum í samræmi við samþykktir sínar.



127

5. sept.

4. gr.  
Komi fram beiðni innan 6 vikna eftir tilkynningu veikindanna til sjúkrasamlags dvalarstaðarins um dvöl í sjúkrahúsi, heilsuhæli eða svipaðri stofnun og sé sjúklingurinn lagður inn innan þriggja mánaða frá þessari tilkynningu, sér sjúkrasamlag dvalarstaðarins að visu um leguna, en fær kostnað sinn af sjúkrahússvist endurgreiddan af sjúkrasamlaginu á heimilisstaðnum. Tímabilið frá því að beiðni um sjúkrahússvist var lögð fram, þar til sjúklingurinn er útskrifaður, telst ekki með í áður umræddum 6 vikna tíma, sem liða þarf áður en hlutaðeigandi verður reglulegur meðlimur í sjúkrasamlagi því, sem flutt er til.

5. gr.

Iðgjaldið fyrir veikindatímabil það, sem þessi samningur nær til, fær sjúkrasamlagið, sem flutt er frá. Sömuleiðis fær það örorkuiðgjald, sem kann að vera fallið í gjalddaga.

6. gr.

Ágreiningur út af framkvæmd framangreindra ákvæða, skal í hverju einstöku tilfelli útkljáður af þeim stjórnarvöldum, sem samkvæmt lögum þess lands, þar sem hlutaðeigandi sjúkrasamlagsmeðlimur dvelur um stundarsakir, hefir rétt til þess að úrskurða í slíkum málum.

7. gr.

Samningur þessi gengur í gildi 1. október 1939. Hvor samningsaðilja getur sagt upp samningnum með eins árs fyrirvara, miðað við áramót.

Ef samningur frá 30. marz 1939, um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga á Íslandi og í Danmörku fellur úr gildi, fellur þar með samningur þessi einnig úr gildi samtímis.

Reykjavík, 20. september 1939.

Gefið í Kaupmannahöfn í 2 eintökum,  
11. september 1939.

Fyrir hönd Tryggingarráðs

Fyrir hönd stjórnarnefndar sjúkrasamlaganna (Sygekasseudvalget)

H. Guðmundsson.  
(Sign.)Borberg.  
(Sign.)

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkismálaráðuneytið, 5. september 1940.***Stefán Jóh. Stefánsson.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

128

3. okt.

um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 27 8. september 1931 hefir verið flutt inn nokkuð af erlendu sauðfé til einblendingsræktar til sláturfjárþóta, en í þeim lögum er bannað að nota til undaneldis kynblendinga af erlendu fé og islenzku fé.

Það hefir nú farið fram um nokkurt árabil hér í landinu einblendingsrækt á skozku Border-Leicester-fé og islenzku fé og má segja að gefizt hafi vel. Þykir því líklegt, að hagnaður geti verið að því fyrir landbúnaðinn að koma upp blönduðum kynstofni af Border-Leicester-fé og islenzku fé og þykir jafnvel eigi ólíklegt, að slíkir kynblendingar kynnu að hafa meira mótstöðuafli gegn mæðiveiki en islenzkt fé, en það eitt gæti verið næg ástæða til að gera tilraunir í þessa átt, fyrst og fremst í mæðiveikihéruðunum. Það væri þó ekki rétt að leyfa slíka kynblöndun án opinbers eftirlits, og er þá eðlilegast, að eftirlitið yrði falið Búnaðarfélagi Íslands.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, hefir landbúnaðarráðherrann lagt til, að nú þegar yrði hafizt handa um undirbúning að kynblendinga-rækt þessari og telur hann brýna nauðsyn bera til að setja um það bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fellst ráðuneytið út af því á að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Á eftir 13. gr. laga nr. 27 8. september 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, komi ný grein, sem verður 14. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar þannig:

Landbúnaðarráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 13. gr., heimilað Búnaðarfélagi Íslands að leyfa einstökum bændum eða sauðfjárræktarfélagum að láta einblendinga lifa til framhaldsræktunar. Skal kynblöndun þessi fara fram undir eftirliti sauðfjárræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

129  
3. okt.

## TILSKIPUN

### um manntal árið 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að með því að 1. desember er nú almennt skoðaður sem hátíðisdagur hér á landi og hann ber í ár upp á sunnudag, og því þykir óheppilegt að láta allsherjar manntal fara fram þann dag, fyrirskipar ráðuneytið svo, samkvæmt 1. gr. laga nr. 4 18. maí 1920:

1. gr.

Almennt manntal skal taka um land allt 2. desember 1940.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.      Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors.      Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

130  
3. okt.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Húsnæði til íbúðar mun nú í Reykjavík og jafnvel í fleiri kaupstöðum og kauptúnunum í landinu vera af svo skornum skammti, að ekki má rýra það frekar en óhjákvæmilegt er. Stafar þessi húsnæðisskortur sumpart af því, að ekki hefir verið reist nálægt því eins mikið af nýjum íbúðarhúsum á þessu ári og venja er til, vegna hækkunar á verði byggingarefnis og erfiðleikum á útvegum þess, og sumpart af því, að eftirspurn eftir húsnæði hefir verið meiri en tíðkæzt hefir, þegar ekki hefir verið um neitt óvenjulegt ástand í landinu að ræða, og því ekki þurft húsnæði umfram eðlilega fólksfjölgun. Hefir félagsmálaráðherrann í þessu sambandi bent á það, að nokkur hæfta sé á því, að meira eða minna af húsnæði því í kaupstöðum og kauptúnunum, sem nú er notað til íbúðar, kynni að verða tekið til annarrar notkunar, þannig, að íbúðarhúsnæði rýrist við það. Jafnframt hefir hann bent á það, að ekki sé útilokað, að einhverjar íbúðir kunni að standa auðar, en slíkt er óviðunandi, ef húsnæðisekla reynist tilfinnanleg. Til þess að koma í veg fyrir rýrnun á íbúðarhúsnæði af framantöldum ástæðum, telur ráðherrann nauðsynlegt, að sett verði þegar bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar og fellst ráðuneytið út af því á, að setja í þessu skyni bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

130

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kauptúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innan-héraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

## AUGLÝSING

131

25. okt.

um samkomulag um að íslensk skip og vörur skuli njóta beztu kjara í Bandaríkjum Ameríku og gagnkvæmt.

Í samræmi við erindi, er farið hafa á milli ræðismanns Bandaríkja Ameríku á Íslandi og utanríkismálaráðuneytisins, dags. 12. og 17. sept. 1940, hefir forseti Bandaríkjana þann 30. s. m. birt tilkynningu þess efnis, að engin aukagjöld skuli krafín af íslenskum skipum, né vörum fluttum með þeim, í Bandaríkjum Ameríku frá 13. sept. 1940 að telja, enda gildi sama af Íslands hálfu gagnvart skipum Bandaríkjana og vörum fluttum með þeim.

*Utanríkismálaráðuneytið, 25. október 1940.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

132  
29. okt.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að telja megi tímabært eins og á stendur, að framleiða á Íslandi áfengt öl og selja hinu brezka setuliði slíkt öl, með því að það neytir áfengs öls hér í landinu, sem það annars flytur inn.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

### 1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 33 9. janúar 1935 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vinnanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, tollgreiðslu af ölinu, sölumeðferð, meðferð refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

133  
16. nóv.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um frestun á gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að þar sem öll umferð á vegum landsins hefir aukizt mjög á þessu ári vegna komu hins brezka setuliðs til landsins, þyki ekki rétt, að breytingar þær á umferðareglum, sem bifreiðalög nr. 75 7. maí 1940 og umferðalög nr. 110 30. maí 1940 hafa að geyma, komi til framkvæmda fyrst um sinn, með því að þær myndu nú geta valdið óvenjulegri umferðaslyshættu, sem ekki var fyrirsjáanleg er lög þessi voru sett. Þykir því rétt að fresta framkvæmd framangreindra laga um óákveðinn tíma.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið: 133 16. nóv.

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

134

16. nóv.

**Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,**

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa og Flugmálafélag Íslands hafi undanfarin ár í samráði við bæjaryfirvöld Reykjavíkur haft til athugunar flugvallarstæði í nágrenni Reykjavíkur. Á síðastliðnum vetri varð samkomulag milli þessara aðilja um að flugvöllur væri lang bezt settur á svæðinu milli Skerjafjarðar og Vatnsmyrar, og á skipulagsuppdreitti Reykjavíkur var flugvöllur ákveðinn á þessum stað. Jafnframt skorðu téðir aðiljar á ríkisstjórnina að ná eignarhaldi á því landi á flugvallarsvæðinu, er væri eign einstakra manna.

Þar sem ekki er til skýr heimild handa ríkisstjórninni til eignarnáms á landi til flugvallargerðar telur atvinnumálaráðherra, að brýna nauðsyn beri til að afla slíkrar heimildar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu fellst ráðuneytið á að setja bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftfór, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyriræli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnu- malaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

134  
16. n.óv.

2. gr.  
38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.  
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Ólafur Thors.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

135  
22. n.óv.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 32 3. n.óv. 1915, um veitingu prestakalla.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

G j ö r i r k u n n u g t: Kirkjumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að eftir nákvæma athugun hafi komið í ljós, að við prestskosningar í Reykjavík sé mjög óhentugt að útbúa kjörskrár þannig, að nöfnum kjósenda sé raðað eftir stafrófsröð og sé því nauðsynlegt að heimila að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri) á kjörskrár þessum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóvember 1915 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Á kjörskrár fyrir prestskosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson.**

**Jakob Möller.**

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*